

FAGFJÁRFESTASJÓÐURINN
ÍSH

LÝSING

Vegna töku skuldabréfafloksins FISH 14 1 til viðskipta

Ágúst 2016

Samantekt

10.ágúst 2016

SAMANTEKT

Samantektin sem hér fer á eftir er í fimm hlutum sem merktir eru með bókstöfunum A-E. Hver hluti samanstendur af liðum sem bera númer frá A1-E7.

Samantektin er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu koma í samantekt samkvæmt fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka VII, VIII, XIII og XV við reglugerðina. Númeraröð liðanna getur verið slitin, ástæða þess er að ekki er gerð krafa um birtingu ákveðinna liða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við ofangreinda viðauka.

Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn lið þá er mögulegt að liðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á liðnum ásamt textanum „á ekki við“.

A. Inngangur og fyrirvari

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
A.1	Fyrirvari.	<p>Samantektina skal túlka sem inngang að lýsingunni.</p> <p>Ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda skal tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni.</p> <p>Athygli er vakin á því að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingu þessari gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst.</p> <p>Athygli er vakin á því að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slikum verðbréfum.</p>
A.2	Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útboð.	Á ekki við.

B. Útgefandi

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
B.1	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda	Útgefandi þeirra skuldabréfanna sem þessi lýsing tekur til er Fagfjárfestasjóðurinn ISH, kt. 530114-9960
B.2	Lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt og heiti lands þar sem útgefandi er skráður.	Borgartún 29, 105 Reykjavík, Ísland. Útgefandi er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. IV. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
B.16	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíksa yfirráða.	Útgefandi er hvorki í beinni né óbeinni eigu né undir yfirráðum eins aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar sé fyrirkomulag sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.
B.17	Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið	Á ekki við. Ekkert lánshæfismat til staðar

	fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu.			
B.20	Yfirlýsing bess efnis hvort útgefanda hefur verið komið á fót sem félagi með sérstakan tilgang eða rekstrareiningu um sérverkefni í þeim tilgangi að gefa út eignavarin verðbréf.	Lýsing þessi tekur til flokks eignavarinna skuldabréfa sem gefin eru út af fagfjárfestasjóðnum ÍSH sem stofnaður var í janúar 2014 og er rekinn af Rekstrarfélagi Virðingar hf. Sjóðurinn var stofnaður sérstaklega utan um fjárfestingu í veðskuldabréfi útgefnu af Fasteignafélaginu Laugardalur ehf. („FL“), síðar yfirtekið af Íþróttá og Sýningahöllinni hf. („ÍS“) og var sjóðurinn stofnaður sérstaklega í þeim eina tilgangi að fjármagna lán til ÍS (ÍS-bréfið) með útgáfu FISH 14 1 skuldabréfsins.		
B.21	Lýsing á helstu starfsemi útgefanda, þ.m.t. heildaryfirlit yfir þá sem eru aðilar að verðbréfunaráætluninni, þ.m.t. upplýsingar um beint eða óbeint eignarhald eða yfírráð á milli þessara aðila.	<p>Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins og munu eignir sjóðsins standa að baki greiðslu skuldbindinga hans. Útgefandi hefur fjárfest í ÍSH-bréfinu, sem ÍS er greiðandi að, með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldiskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefir gert, en markmiði útgefanda er lýst í 4.gr. reglna útgefanda. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjárfestingarheimild útgefanda takmarkast við fjárfestingu í eftirtoldum fjármálagjörningum: • Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélaginu Laugardal ehf., kt.551002-3140 (síðar sameinað Íþróttá og sýningahöllinni hf., kt. 481200-3340.) • Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxum og innlánum • Innlan fjármálaþyrtækja og reiðufé <p>Fjárfestingar útgefanda í öðrum eignum eru óheimilar.</p> <p>Rekstrarfélag Virðingar hf. er rekstraraðili sjóðsins og fer með rekstur hans í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.</p> <p>Lögformlegt heiti rekstrarfélagsins og viðskiptaheiti er Rekstrarfélag Virðingar hf. og er það skráð á Íslandi undir kennitölunni 531109-2790. Lögheimili rekstrarfélagsins og skrifstofa er að Borgartúni 29, 101 Reykjavík. Félagið er í eigu Virðingar hf.</p> <p>Stærstu eigendur hlutdeildarskírteina í Fagfjárfestasjóðnum ÍSH eru annarsvegar Rekstrarfélag Virðingar hf., kt.531109-2790 sem á 49% hlutdeildarskírteina eða 294.000 hluti, og hinsvegar Íþróttá- og sýningahöllin hf., kt.481200-3340 sem á einnig 49,5% hlutdeildarskírteina eða 294.000 hluti. Einn eigandi á þau 1,5% hlutdeildarskírteina sem eftir standa.</p> <p>Útgefandi er hvorki í beinni né óbeinni eigu né undir yfírráðum eins aðila.</p>		
B.22	Ef útgefandi hefur ekki hafið starfsemi frá skráningar- eða stofndegi sínum og engin reikningsskil hafa verið lögð fram miðað við dagsetningu útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því í útgefandalýsingunni.	Á ekki við		
B.23	Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert	<p>Rekstrarreikningur fagfjárfestasjóðsins ÍSH árin 2014 og 2015</p> <table style="width: 100%; text-align: right;"> <tr> <td style="width: 50%;">2015</td> <td style="width: 50%;">2014</td> </tr> </table>	2015	2014
2015	2014			

	<p>fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árshlutatímabil ef einhver eru ásamt samanburðargögnum fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.</p>	<p>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</p> <table> <tr> <td>Vextir og verðbætur.....</td><td>115.730</td><td>92.013</td></tr> <tr> <td>Vaxtagjöld.....</td><td>-112.217</td><td>-88.949</td></tr> <tr> <td>Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....</td><td>3.513</td><td>3.064</td></tr> </table> <p>Rekstrargjöld</p> <table> <tr> <td>Umsýsluþóknun.....</td><td>3.032</td><td>2.895</td></tr> <tr> <td>Annar rekstrarkostnaður.....</td><td>416</td><td>112</td></tr> <tr> <td></td><td>3.448</td><td>3.007</td></tr> </table> <p>Hagnaður tímabils færður</p> <table> <tr> <td>á hlutdeildarskirteini.....</td><td>65,7</td><td>56,8</td></tr> </table> <p>* allar upphæðir eru í þúsundum króna</p> <p>Efnahagsreikningur fagfjárfestasjóðsins ÍSH árin 2014 og 2015</p> <table> <thead> <tr> <th></th><th style="text-align: right;">31.12.2015</th><th style="text-align: right;">31.12.2014</th></tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Eignir</td><td></td><td></td></tr> <tr> <td>Verðbréf með föstum tekjum.....</td><td style="text-align: right;"><u>2.066.894</u></td><td style="text-align: right;"><u>2.057.268</u></td></tr> <tr> <td>Verðbréf samtals</td><td style="text-align: right;"><u>2.066.894</u></td><td style="text-align: right;"><u>2.057.268</u></td></tr> <tr> <td>Aðrar</td><td></td><td></td></tr> <tr> <td>kröfur.....</td><td style="text-align: right;">183</td><td style="text-align: right;">0</td></tr> <tr> <td>Sjóðir og bankainnistæður.....</td><td style="text-align: right;"><u>3.902</u></td><td style="text-align: right;"><u>4.671</u></td></tr> <tr> <td>Aðrar eignir samtals</td><td style="text-align: right;"><u>3.902</u></td><td style="text-align: right;"><u>4.671</u></td></tr> <tr> <td>Eignir samtals</td><td style="text-align: right;"><u>2.070.979</u></td><td style="text-align: right;"><u>2.061.939</u></td></tr> <tr> <td>Skuldir</td><td></td><td></td></tr> <tr> <td> Hlutdeildarskirteini.....</td><td style="text-align: right;">723</td><td style="text-align: right;">657</td></tr> <tr> <td> Hlutdeildarskirteini samtals</td><td style="text-align: right;"><u>723</u></td><td style="text-align: right;"><u>657</u></td></tr> <tr> <td> Skuldabréfaútgáfa.....</td><td style="text-align: right;">2.060.704</td><td style="text-align: right;">2.052.049</td></tr> <tr> <td> Ýmsar skammtímaskuldir.....</td><td style="text-align: right;">9.370</td><td style="text-align: right;">9.224</td></tr> <tr> <td> Aðrar skuldir samtals.....</td><td style="text-align: right;"><u>2.070.074</u></td><td style="text-align: right;"><u>2.061.282</u></td></tr> <tr> <td>Skuldir samtals</td><td style="text-align: right;"><u>2.070.979</u></td><td style="text-align: right;"><u>2.061.939</u></td></tr> </tbody> </table> <p>* allar upphæðir eru í þúsundum króna</p>	Vextir og verðbætur.....	115.730	92.013	Vaxtagjöld.....	-112.217	-88.949	Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	3.513	3.064	Umsýsluþóknun.....	3.032	2.895	Annar rekstrarkostnaður.....	416	112		3.448	3.007	á hlutdeildarskirteini.....	65,7	56,8		31.12.2015	31.12.2014	Eignir			Verðbréf með föstum tekjum.....	<u>2.066.894</u>	<u>2.057.268</u>	Verðbréf samtals	<u>2.066.894</u>	<u>2.057.268</u>	Aðrar			kröfur.....	183	0	Sjóðir og bankainnistæður.....	<u>3.902</u>	<u>4.671</u>	Aðrar eignir samtals	<u>3.902</u>	<u>4.671</u>	Eignir samtals	<u>2.070.979</u>	<u>2.061.939</u>	Skuldir			Hlutdeildarskirteini.....	723	657	Hlutdeildarskirteini samtals	<u>723</u>	<u>657</u>	Skuldabréfaútgáfa.....	2.060.704	2.052.049	Ýmsar skammtímaskuldir.....	9.370	9.224	Aðrar skuldir samtals.....	<u>2.070.074</u>	<u>2.061.282</u>	Skuldir samtals	<u>2.070.979</u>	<u>2.061.939</u>
Vextir og verðbætur.....	115.730	92.013																																																																					
Vaxtagjöld.....	-112.217	-88.949																																																																					
Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	3.513	3.064																																																																					
Umsýsluþóknun.....	3.032	2.895																																																																					
Annar rekstrarkostnaður.....	416	112																																																																					
	3.448	3.007																																																																					
á hlutdeildarskirteini.....	65,7	56,8																																																																					
	31.12.2015	31.12.2014																																																																					
Eignir																																																																							
Verðbréf með föstum tekjum.....	<u>2.066.894</u>	<u>2.057.268</u>																																																																					
Verðbréf samtals	<u>2.066.894</u>	<u>2.057.268</u>																																																																					
Aðrar																																																																							
kröfur.....	183	0																																																																					
Sjóðir og bankainnistæður.....	<u>3.902</u>	<u>4.671</u>																																																																					
Aðrar eignir samtals	<u>3.902</u>	<u>4.671</u>																																																																					
Eignir samtals	<u>2.070.979</u>	<u>2.061.939</u>																																																																					
Skuldir																																																																							
Hlutdeildarskirteini.....	723	657																																																																					
Hlutdeildarskirteini samtals	<u>723</u>	<u>657</u>																																																																					
Skuldabréfaútgáfa.....	2.060.704	2.052.049																																																																					
Ýmsar skammtímaskuldir.....	9.370	9.224																																																																					
Aðrar skuldir samtals.....	<u>2.070.074</u>	<u>2.061.282</u>																																																																					
Skuldir samtals	<u>2.070.979</u>	<u>2.061.939</u>																																																																					

		<p>Sjóðsstreymi Fagfjárfestasjóðsins ÍSH árin 2014 og 2015</p> <table border="0"> <thead> <tr> <th colspan="3">Rekstrarhreyfingar</th></tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírt.</td><td style="text-align: right;">65,7</td><td style="text-align: right;">56,8</td></tr> <tr> <td>Skammtímaskuldir hækku (lækkun)</td><td style="text-align: right;">136,5</td><td style="text-align: right;">9.233,6</td></tr> <tr> <td>Handbært fé frá rekstri</td><td style="text-align: right;">202,2</td><td style="text-align: right;">9.290,4</td></tr> <tr> <th colspan="3">Fjárfestingarhreyfingar</th></tr> <tr> <td>Keypt verðbréf umfram seld</td><td style="text-align: right;">-971,2</td><td style="text-align: right;">5.219,1</td></tr> <tr> <td>Fjárfestingarhreyfingar</td><td style="text-align: right;">-971,2</td><td style="text-align: right;">5.219,1</td></tr> <tr> <td>Fjármögnunarhreyfingar</td><td></td><td></td></tr> <tr> <td>Hlutdeildarskirteini</td><td style="text-align: right;">0</td><td style="text-align: right;">600</td></tr> <tr> <td>Fjármögnunarhreyfingar</td><td style="text-align: right;">0</td><td style="text-align: right;">600</td></tr> <tr> <td> Hækku (lækkun) á handbæru fé</td><td style="text-align: right;"> -769</td><td style="text-align: right;"> 4.671,3</td></tr> <tr> <td>Handbært fé í upphafi tímabils</td><td style="text-align: right;">4.671,3</td><td style="text-align: right;">0</td></tr> <tr> <td>Handbært fé í lok ársins</td><td style="text-align: right;">3.902,3</td><td style="text-align: right;">4.671,3</td></tr> </tbody> </table> <p>* allar upphæðir eru í þúsundum króna</p>	Rekstrarhreyfingar			Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírt.	65,7	56,8	Skammtímaskuldir hækku (lækkun)	136,5	9.233,6	Handbært fé frá rekstri	202,2	9.290,4	Fjárfestingarhreyfingar			Keypt verðbréf umfram seld	-971,2	5.219,1	Fjárfestingarhreyfingar	-971,2	5.219,1	Fjármögnunarhreyfingar			Hlutdeildarskirteini	0	600	Fjármögnunarhreyfingar	0	600	 Hækku (lækkun) á handbæru fé	 -769	 4.671,3	Handbært fé í upphafi tímabils	4.671,3	0	Handbært fé í lok ársins	3.902,3	4.671,3
Rekstrarhreyfingar																																									
Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírt.	65,7	56,8																																							
Skammtímaskuldir hækku (lækkun)	136,5	9.233,6																																							
Handbært fé frá rekstri	202,2	9.290,4																																							
Fjárfestingarhreyfingar																																									
Keypt verðbréf umfram seld	-971,2	5.219,1																																							
Fjárfestingarhreyfingar	-971,2	5.219,1																																							
Fjármögnunarhreyfingar																																									
Hlutdeildarskirteini	0	600																																							
Fjármögnunarhreyfingar	0	600																																							
 Hækku (lækkun) á handbæru fé	 -769	 4.671,3																																							
Handbært fé í upphafi tímabils	4.671,3	0																																							
Handbært fé í lok ársins	3.902,3	4.671,3																																							
B.24	Lýsing á öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.	Engar verulegar óæskilegar breytingar hafa orðið á framtíðarhorfum útgefanda frá 31. desember 2015 til dagsetningar þessarar lýsingar. Þann 1.janúar 2016 var skuldari ÍSH bréfsins, FL sameinað móðurfélagi sínu ÍS. af skipulagsástæðum. Sterkari skuldari mun einungis styrkja útgefanda.																																							
B.25	Lýsing á undirliggjandi eignum, þ.m.t.: — staðfesting þess efnis að verðbréfuðu eignirnar sem eru til tryggingar útgáfunni hafi getu til að mynda tekjur sem standa straum af gjaldföllnum afborgunum af verðbréfunum — lýsing á almennum eiginleikum loforðsgjafanna og ef um er að ræða fáa loforðsgjafa, sem auðvelt er að tilgreina, skal leggja fram almenna lýsingu á hverjum þeirra — lýsing á lagalegu eðli eignanna — lánsþlutfall eða umfang tryggingar — Ef matsskýrsla sem varðar fasteign er í lýsingunni skal gefa lýsingu á matinu.	Í janúar 2014 fjárfesti útgefandi í ÍSH-bréfinu sem er rúmlega 99% af mótaðilaáhættu útgefanda við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar. Lang stærsti mótaðili útgefanda er því skuldari ÍSH-bréfsins, ÍS. Skuldabréfið FISH 14 1 speglar að fullu greiðsluflæði ÍSH-bréfsins. ÍSH-bréfið ber 3,65% fasta verðtryggða vexti og greiðir skuldari af vöxtum og höfuðstól skuldarinnar fjórum sinnum á ári hverju. Lánið er tryggt með veði á 1.veðrétti í fasteigninni Engjavegi auk handveðs í bankareikningi ÍS sem leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar vegna fasteignarinnar Engjavegi, skulu lagðar inn á. Verðmæti fyrrnefndra trygginga skal aldrei fara undir 120% af uppreiknuðum eftirstöðvum ÍSH-bréfsins. Komi í ljós að verðmæti trygginga uppfylli ekki skilyrðið skal skuldara tilkynnt um vanefnd og gefinn 20 viðskiptadaga frestur til úrbóta, annað hvort með því að bæta við nýjum tryggingum sem eru ásættanlegar að mati lánveitanda, eða með því að greiða niður skuldabréfið ásamt uppgreiðslugjaldi þannig að ofangreindum veðsetningaráhlutföllum sé aftir náð.	Skuldara er heimilt að greiða upp lánið á samningsbundnum gjalddögum án samþykks lánveitanda frá og með 1.janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi. Skuldari skal tilkynna lánveitanda með a.m.k. 15 bankadaga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild. Greiði skuldari lánið upp að hluta eða í heild, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfunum skv.útgáfu þessari. Útgefandi skal tilkynna																																						

		<p>skuldabréfaeigendum með amk. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.</p> <p>Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins hafa skuldbundið sig til að halda rekstri ÍS í jafnvægi samkvæmt rammasamningi um byggingu, fasteignastjórnun og leigu íþróttu- og sýningarhallarinnar í Laugardal. Ekki er fyrirhugað að gefa út fleiri verðbréf sem tryggð yrðu með sömu eignum og skuldabréfin FISH 14 1 né ÍSH-bréfið.</p>
B.26	Ef útgáfan er tryggð með safni eigna, sem stýrt er með virkum hætti, skal tilgreina stíka sem eru notaðir við fjárfestingar, nafn og lýsingu á aðilanum, sem er ábyrgur fyrir slíkri stjórnun, þ.m.t. lýsingu á tengslum þess aðila við alla aðra aðila sem eiga aðild að útgáfunni.	Á ekki við
B.27	Ef útgefandi fyrirhugar að gefa út fleiri verðbréf sem eru tryggð með sömu eignum skal greina frá því.	Á ekki við
B.28	Lýsing á skipulagi viðskiptanna, þ.m.t. flæðirit, ef nauðsyn krefur	Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH var stofnaður 13. janúar 2014 um fjárfestingu í veðskuldabréfi, að upphæð kr. 2.040.000, útgefnu 14. janúar 2014 af Fasteignafélaginu Laugardal ehf., sem hér er kallað ÍSH-bréfið. Fasteignafélagið leitaði til umsjónaraðila með það í huga að endurfjármagna þáverandi lán vegna fasteignarinnar. Áhugi fjárfesta leiddi til stofnunar útgefanda, Fagfjárfestasjóðsins ÍSH. Þann 13.janúar 2014 heimilaði stjórn Rekstrarfélags Virðingar útgáfu skuldabréfaflokks að nafnverði allt að krónur 2.040.000.000 fyrir hönd Fagfjárfestasjóðsins ÍSH. ÍSH-bréfið var gefið út þann 14. janúar 2014 en þann 20. janúar 2014 var gefinn út viðauki við ÍSH-bréfið þar sem vöxtum bréfsins var breytt úr 3,50% í 3,65%. Þann 20. janúar 2014 gaf útgefandi út skuldabréfið FISH 14 1 í kerfi Nasdaq verðbréfamistiðstöðvar og síðar viðauka dagsettan 13.júlí 2016. Hafði útgefandi því þegar fjárfest söluandvirkni skuldabréfaútgáfu FISH 14 1. Þann 1.janúar 2016 yfirtók móðurfélag FL, ÍS, félagið og er ÍS því núverandi skuldari lánsins. Greiðsluferill veðskuldabréfsins endurspeglast í greiðsluferli FISH 14 1, og er lokagjalddagi þeirra beggja í janúar 2049.
B.29	Lýsing á fjármagnsflæði, þ.m.t. upplýsingar um mótaðila í skiptasamningum og alla aðra mikilvæga möguleika til að bæta lánhæfi/lausafjárvöldu og þeim sem veita þá.	Stærð og skilmálar ÍSH-bréfsins og FISH 14 1 eru með þeim hætti að sjóðstreymi FISH 14 1 endurspeglar sjóðstreymi ÍSH-bréfsins og myndast þannig gegnumstreymi um sjóðinn, þó með þeim mun að heildarupphæð vaxtagreiðslna af eignum útgefanda er hærri en heildarupphæð vaxtagreiðslna af skuldbindingum hans. Sá munur er til að standa undir umsýsluþóknun rekstraraðila og þeim kostnaði sem felst í að halda úti skuldabréfaflokki sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. FISH 14 1 ber 3,5% verðtryggða vexti á meðan ÍSH-bréfið gefur 3,65% verðtryggða vexti.
B.30	Nafn og lýsing á upphafsaðilum verðbréfuðu eignanna.	Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, sjá lið B.33 um frekari lýsingu á upphafsaðila verðbréfunar.
B.33	Starfsemi (B.1, B.2)	Útgefandi skuldabréfanna er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, Ísland. Stofndagur félagsins er 13.janúar 2014.

	Skipulag (B.5) Fjöldi hluta og nafnverð (C.3)	Útgefandi er sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða. Útgefandi er fagfjárfestasjóður í rekstri rekstrarfélags verðbréfasjóða, í samræmi við 60.gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
		Útgefandi er rekinn af Rekstrarfélagi Virðingar hf., sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda í samræmi við lög og við reglur útgefanda sjálfs. Stjórn rekstrarfélagsins skipta þau Kristján Börkur Einarsson, Ólöf Jónsdóttir og Anna Bjarney Sigurðardóttir og varamenn í stjórn eru þau Sigríður Lára Árnadóttir og Örn Þór Alfreðsson. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. er Þórólfur Sigurðsson. Sjóðsstjóri útgefanda er Jónas Reynir Gunnarsson. Endurskoðendur útgefanda og rekstrarfélags eru Rýni endurskoðun ehf. og Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd Rýni endurskoðunar ehf. Vörslufyrirtæki útgefanda er Virðing hf.
		Útgefandi er rekinn í einni deild. Á stofndegi sjóðsins er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 600.000 og var gengi hverrar einingar á stofndegi 1 kr. Rekstrarfélag skal hafa frjálst og óskorað vald til að velja og hafna þeim er leggja fram áskriftarbeiðni og óska eftir að kaupa hlut í sjóðnum, án þess að rökstyðja ákvörðun sína. Skv. 8. gr. reglna útgefanda skal Rekstrarfélagið slíta sjóðnum innan 30 daga frá uppgjöri skuldabréfaútgáfu hans.
	Stærstu hluthafar (B.6)	Óheimilt er að gera breytingar á reglum útgefanda nema með samþykki a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins, m.v. fjárhæð krafna. Rekstrarfélagi sjóðsins er með öllu óheimilt að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða lögaðilum.
	Samandregnar fjárhags upplýsingar (B.7)	Stærstu eigendur hlutdeildarskírteina í Fagfjárfestasjóðnum ÍSH eru annarsvegar Rekstrarfélag Virðingar hf., kt.531109-2790 sem á 49% hlutdeildarskírteina eða 294.000 hluti, og hinsvegar Íþrótt- og sýningahöllin hf., kt.481200-3340 sem á einnig 49,5% hlutdeildarskírteina eða 294.000 hluti. Einn eigandi á þau 1,5% hlutdeildarskírteina sem eftir standa.
	Arðgreiðslustefna (C.7)	Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi Fagfjárfestasjóðsins ÍSH fyrir árið 2015 námu heildareignir sjóðsins 2.071 milljón kr. þann 31. desember 2015, en þar af var 2.067 milljón kr. verðbréf með föstum tekjum (ÍSH-bréfið), auk þess sem sjóðurinn átti um 4 milljónir kr. í handbæru fé. Enginn eiginlegur rekstur er hjá útgefanda og sveiflast eignir hans fyrst og fremst í takt við þróun á virði ÍSH-bréfsins sem er tengt við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunngildið 416,7 stig (janúar 2014). Fjárhagsstaða útgefanda er háð uppreiknuðu verði og greiðslum af ÍSH-bréfinu.
	Helstu áhættuþættir sem eiga við um útgefanda eða atvinnugrein hans (D.2)	Efnahags- og rekstrarreikning Fagfjárfestasjóðsins ÍSH þann 31. desember 2015 má finna í lið B.23
	Fyrirvarar í endurskoðunarskýrslum (B.10)	Eftir greiðslu alls kostnaðar við rekstur sjóðsins er stefnt að því að greiða hlutdeildarskírteinishöfum arð í samræmi við reglur sjóðsins. Arður á hverju ári er að hámarki 10% af nafnvirði útgefina hlutdeildarskírteina. Arði er bætt við höfuðstól sjóðsins og skilar sér til hlutdeildarskírteinishafa í hærra gengi hlutdeildarskírteina. Áður skal sjóðurinn hafa tryggt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrilliggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.
		Ýmsir áhættuþættir tengjast fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda og geta haft áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt útgáfu skuldabréfanna og/eða skipta máli varðandi mat á þeirri áhættu er tengist bréfunum. Fjárfesting í skuldabréfum útgefnum af útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Þeir áhættuþættir sem sérstaklega eiga við um útgefanda eru lausafjárhætta, vaxtaáhætta, samningsáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta, lagaleg áhætta og mótaðilaáhætta.
		Endurskoðunarskýrslur veita það álit að ársreikningar félagsins gefi glöggja

	Afkomuspá/áætlun (B.9) Pro forma fjárhagsupplýsingar (B.8)	mynd af afkomu félagsins, efnahag þess og rekstri. Hvorki upplýsingargjöf um pro forma fjárhagsupplýsingar né rekstraráætlun eiga við útgefanda.
B.34	Lýsing á fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu, þ.m.t. fjárfestingartakmarkanir, sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu mun fylgja og lýsing á gerningunum sem notaðir eru.	Fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu sjóðsins er lýst í 4. gr. reglna sjóðsins, en markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga hans. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og láanasamninga sem hann hefur gert. Samkvæmt 4. gr. reglnanna er fjárfestingarstefna útgefanda bundin við eftirfarandi fjárfestingar: a) Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélaginu Laugardal ehf., kt.551002-3140 (síðar sameinað íþróttá og sýningarhöllinni hf, kt. 481200-3340.) b) Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum c) Innlán fjármálaþyrtaækja og reiðufé Fjárfestingar sjóðsins í öðrum eignum en þeim sem eru taldar upp hér að ofan eru óheimilar. Við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar nam ÍSH-bréfið rúmlega 99% af eignum sjóðsins.
B.35	Takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Ef ekki er um að ræða neinar slíkar takmarkanir skal fylgja yfirlýsing þess efnis.	Í reglum sjóðsins er ekki kveðið á um takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu útgefanda, en þó segir í 10 gr. reglna útgefanda að rekstrarféluginu sé óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins.
B.36	Lagaleg staða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, ásamt heiti eftirlitsyfirvalda í því landi þar sem hann er skráður.	Lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH. Útgefandi er skráður á Íslandi undir kennitölunni 530114-9960. Lögheimili útgefanda og skrifstofa er að Borgartúni 29, Reykjavík. Útgefandi er rekinn af Rekstrarfélagi Virðingar hf, kt. 531109-2790, Borgartúni 29, Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda. Útgefandi er stofnaður, skráður og starfræktur sem fagfjárfestasjóður í rekstri rekstrarfélags verðbréfasjóða, í samræmi við 60. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Skv. 63. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með að starfsemi fagfjárfestasjóða sé í samræmi við lögini og reglugerðir settar samkvæmt þeim.
B.37	Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu er ætlaður.	Þar sem sjóðurinn er lokaður fagfjárfestasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er hann sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða.
B.38	Ef í meginmáli lýsingarinnar kemur fram að heimilt sé að meira en 20% af brúttóeignum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu megi: a) fjárfesta, beint eða óbeint, í einni undirliggjandi eign eða b) fjárfesta í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem síðan er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um	Fasteignafélagið Laugardalur ehf („FL“) var í 100% eigu íþróttá- og sýningarhallarinnar („ÍS“) fyrir sameiningu þeirra og voru félögin gerð upp bæði sem stök félög og einnig sem samstæða. FL var stofnað um nýbyggingu við Laugardalshöllina, þ.e. tengibyggingu og íþróttá- og sýningarhöll við hlið eldri byggingarinnar, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, og var eini tilgangur félagsins að fjármagna fasteignina. Þar sem FL hefur verið yfirtekið af móðurfélagi sínu ÍS, er það nú mótaðili útgefanda. Samkvæmt núverandi samþykktum ÍS er tilgangur félagsins „rekstur fjölnota íþróttá- og sýningarhúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast ásamt lóð og bílastæðum þeim tengdum. Félagið sér um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirra þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþróttatengdra

	<p>sameiginlega fjárfestingu eða c) vera háð lánshæfi eða greiðslugetu eins mótaðila</p> <p>skal birta upplýsingar um deili á aðilanum ásamt lýsingu á áhættunni (t.d. mótaðilaáhættu) auk upplýsinga um markaðinn þar sem verðbréf hans eru tekin til viðskipta.</p>	<p>mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi". Tilgangur FL var „að eiga íþrótt- og sýningarhöllina í Laugardal, Reykjavík og annast fasteignarekstur hennar". Í kjölfar sameiningar félaganna mun tilgangur ÍS útvíkkast og innihald fyrrum tilgang FL.</p> <p>Félagið er almennt hlutafélag og er stofndagur þess 8. desember 2000. Endurskoðendur félagsins eru DFK Endurskoðun ehf. og áritar Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi, ársreikninga félagsins fyrir árin 2013-2015 án nokkurra fyrirvara.</p> <p>ÍS er í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka Iðnaðarins. ÍS leigir fasteignina Engjavegi að stærstum hluta til Reykjavíkurborgar og hefur gert við borgina samning um fasteignaumsjón á Höllinni (eldri fasteigninni), íþrótt- og sýningarhöllinni (nýrri fasteigninni) og tengibyggingu, sem saman ganga í daglegu tali undir heitinu Laugardalshöllin.</p> <p>Í Laugardalshöll eru fimm íþróttasalar: Höllin og frjálsíþróttasalar auk lyftingasalar, ballettssalar og golfæfingasvæðis. Í húsinu er fjöldi mismunandi ráðstefnu- og veislusala auk skemmtilegra sýningasvæða. Bróðurpart hvers árs fer fram skipulögð íþróttastarfsemi á vegum Reykjavíkurborgar í höllinni, ásamt tilfallandi stórleikjum og stærri íþróttaviðburðum. Flestir landsleikir og stærri íþróttakappleikir landsins sem leiknir eru innanhúss fara fram í Laugardalshöll. Önnur starfsemi hússins er útleiga á aðstöðu sem er í boði, þ.e. veitinga- og ráðstefnusalir, tónleikar, veislur, stórar ráðstefnur og vörusýningar. Laugardalshöllin er flaggskip húsa þegar kemur að tónleikahaldi, ráðstefnum og stórum vörusýningum en húsið rúmar allt að 11.000 manns. Aðstaðan er einnig vinsæl þegar kemur að stórum árshátíðum enda stærsta hú sinnar tegundar á þeim markaði.</p> <p>Þeir áhættubættir sem sérstaklega eiga við um ÍS eru lausafjáráhætta. rekstraráhætta og samningsáhætta.</p> <p>Lausafjáráhætta</p> <p>Lausafjáráhætta er hættan á að ÍS geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Tekjur ÍS koma að mestu leiti frá Reykjavíkurborg í formi leigutekna, en einnig hefur ÍS tekjur af tónleika-, ráðstefnu og öðru viðburðahaldi í húsinu. Eigendur ÍS, Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins, hafa skuldbundið sig til að halda rekstri íþrótt- og sýningarhallarinnar í jafnvægi samkvæmt rammasamningi um byggingu, fasteignastjórnun og leigu íþrótt- og sýningarhallarinnar í Laugardal og um endurbætur og fasteignastjórnun á eldri byggingunni (hér eftir „Höllinni"). Tryggja Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins þannig að rekstur og greiðslustreymi ÍS verði alltaf jákvæður frá ári til árs. Sem viðmið hvers árs skal rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA) að frádeignum vaxtakostnaði og afborgunum lána á hverju ári vera hærra en 0. Ef greiðslufall verður engu að siður, mun sjóðurinn leysa til sín veð á handveðsreikningi ÍS og/eða fasteignina Engjavegi.</p> <p>Rekstraráhætta</p> <p>Rekstraráhætta er hættan á tapi sem stafar m.a. af ófullnægjandi ferlum, fólk og kerfum, eða af ytri atburðum. Rekstur ÍS byggir að miklu leyti á leigusamningi við Reykjavíkurborg, en einnig á útleigu húsnaðisins vegna ráðstefna, veisluhalda og íþróttaiðkunar. Lækki tekjur ÍS af þessum viðburðum, hvort sem er vegna ytri ástæðna eða innri, gæti tekjutapið leitt til taps á rekstri ÍS og þar af leiðandi greiðsluerfiðleikum.</p>
--	---	--

		<p>Samningsáhætta</p> <p>Núverandi leigusamningur íS við Reykjavíkurborg gildir til 31 desember 2035. Hafi nýr samningur eða framleining á gildandi leigusamningi, sem er ásættanlegur að mati lánveitanda, ekki verið gerður við Reykjavíkurborg eða annan leigutaka fyrir 1.október 2034 skapast gjaldfellingarheimild í íSH-bréfinu. Slík gjaldfelling gæti leitt til þess að íS þurfi að afla sér óhagstæðrar fjármögnunar eða selja fasteignina til þess að endurgreiða sjóðnum. Komi til sliks, er hætta á að ekki aflið nægt fé til þess að greiða skuld íS að fullu.</p>
B.39	Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu má fjárfesta meira en 40% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal samantektin stuttlega útskýra annaðhvort: a) áhættuna, deili á undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu, og veita upplýsingar sem þörf væri á í samantekt viðkomandi sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða b) deili á undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hafi verðbréf sem gefin eru út af undirliggjandi sjóðum um sameiginlega fjárfestingu þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbrefamarkaði eða jafngildum markaði.	Á ekki við
B.40	Lýsing á þjónustuaðilum umsækjanda, þ.m.t. hámark gjalda til greiðslu.	<p>Rekstrarfélag Virðingar hf. er rekstrarfélag sjóðsins og fer með rekstur hans í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Lögformlegt heiti rekstrarfélagsins og viðskiptaheiði er Rekstrarfélag Virðingar hf. og er það skráð á Íslandi undir kennitölunni 531109-2790. Löghemili rekstrarfélagsins og skrifstofa er að Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Rekstrarfélag Virðingar hf. er hlutafélag, sbr. lög nr. 2/1995, sem var stofnað árið 2009. Félagið er í eigu Virðingar hf.</p> <p>Rekstrarfélag Virðingar hf. er sjálfstætt starfandi fjármálaufyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki. Rekstrarfélagið rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr. 128/2011. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.</p> <p>Umsjónaraðili töku skuldabréfa Fagfjárfestasjóðsins íSH til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. er Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Umsjónaraðili er verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki og með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Virðing hf. er hlutafélag, sbr. lög nr. 2/1995, og var stofnað árið 1999. Félagið er í eigu lífeyrissjóða, stéttarfélaga, hagsmunasamtaka og einstaklinga.</p>

		Fram kemur í 6. gr. reglna útgefanda að útgefandi greiðir rekstrarfélagini umsýslubóknun sem skal á ársgrundvelli vera 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins. Rekstrarfélagið greiðir bóknun vörluaðila af umsýslubóknun sinni skv. 6. gr. reglna sjóðsins en skv. samningi um rekstur útgefanda greiðir rekstrarfélagið jafnframt bóknun umsýsluaðila af bóknun sinni. Heimilt er að fresta greiðslu bóknunar ef lausafjárstaða útgefanda nægir ekki til að greiða bóknunina á hverjum tíma. Aðrar viðskiptapóknar, s.s. vegna kaupa og sölu fjármálagerninga útgefanda, greiðir útgefandi sjálfur.
B.41	Deili á og reglur sem gilda um alla fjárfestingastjóra, fjárfestingaráðgjafa, vörluaðila, fjárhaldsaðila eða fjárvörluaðila (þ.m.t. allir vörlusamningar sem úthlutað hefur verið).	Jónas Reynir Gunnarsson (f.1980) er sjóðsstjóri útgefanda. Jónas er framkvæmdastjóri fjárfestinga í eignastýringu Virðingar og er því starfsmaður Virðingar. Jónas útskrifaðist frá Háskólanum í Reykjavík með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði 2005 og hefur jafnframt lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Jónas starfaði áður á sölu og markaðssviði Landsbankans 2005-2006 en frá hausti 2006 hefur hann starfað við eignastýringu hjá Virðingu. Jónas tók við sem forstöðumaður eignastýringar 2011 og við sameiningu Auðar Capital og Virðingar var hann settur sem framkvæmdastjóri fjárfestinga Virðingar hf.
		Vörlufyrirtæki útgefanda er Virðing hf. Lögformlegt heiti þess og viðskiptaheiti er Virðing hf. og jafngilt hjáheiti er Virðing. Virðing hf. er skráð á Íslandi undir kennitölunni 561299-3909. Lögheimili Virðingar og höfuðstöðvar eru að Borgartúni 29, Reykjavík.
		Samkvæmt samningi hefur rekstrarfélag útgefanda útvistað til Virðingar hf. ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast ákvörðun og útreikning á bókfærðu virði eigna útgefanda. Jafnframt annast Virðing hf. útreikninga á verðmæti hlutdeildarskírteina útgefanda og vörlu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Hefur útvistun á framangreindum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Jafnframt annast Virðing hf. og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri útgefanda í samræmi við reglur útgefanda og lög. Virðing hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðenda. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna útgefanda eru jafnframt í höndum Virðingar hf. ef efnið varðar þá þætti sem Virðing hf. hefur tekið að sér samkvæmt samningum.
B.42	Lýsing á því hversu oft nettóvirði eigna sjóð um sameiginlega fjárfestingu verður ákvarðað og hvernig fjárfestum verður tilkynnt um nettóvirði eigna.	Rekstrarfélag Virðingar hf. er ábyrgt fyrir ákvörðun og útreikningi á bókfærðu virði eigna sjóðsins og er ávallt skylt að birta opinberlega rekstrar- og efnahagsreikning með hálf árs millibili, skv. 57. og 58. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og 4.3.1 reglna Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga, að jafnaði miðað við stöðu útgefanda 31. desember og 30. júní ár hvert. Ársreikningar liggja fyrir á skrifstofu rekstrarfélagsins. Rekstrarfélagini er ekki heimilt að fresta mati á verðmæti eigna útgefanda.
B.43	Ef um er að ræða sjóðasjóð um sameiginlega fjárfestingu skal skýra frá hvers kyns gagnkvænum skuldbindingum sem kunna að verða á milli verðbréfaflokka eða fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.	Á ekki við
B.44	Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur ekki hafið starfsemi og engin reikningsskil hafa verið gerð við dagsetningu	Á ekki við. Sjá fjárhagsupplýsingar útgefanda í lið B.23

	útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því.	
B.45	Lýsing á eignasafni sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.	Rúmlega 99% af eignum sjóðsins er íSH-bréfið sem fjallað er um í lið B.25 í þessari samantekt. Það sem eftir stendur er sjóður og bankainnistæður auk annarra krafna upp á tæplega 1% af eignum sjóðsins.
B.46	Upplýsingar um nýlegasta nettóvirði hvers verðbréfs (ef við á).	Úr efnahagsreikningur Fagfjárfestasjóðsins íSH þann 31. desember 2015. EIGNIR Verðbréf með föstum tekjum (íSH-bréfið) 2.066.894 Aðrar kröfur 183 Sjóður og bankainnistæður 3.902 Eignir samtals 2.070.797

C. Verðbréf

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
C.1	Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. öll auðkennisnúmer verðbréfa	Upphafleg höfuðstólsfjárhæð skuldabréfaflokkins og heildarheimild útgáfu nemur 2.040.000.000 kr. að nafnverði sem er fullnýtt. Skuldabréfin eru verðtryggð með visitölu neysluverðs með grunnvisítölu 416,7 í janúar 2014 og bera 3,50% fasta flata vexti sem reiknast með dagareglu 30E/360. Auðkenni flokkins er FISH 14 1 í kerfi Nasdaq Verðbréfamiðstöðvar hf., þar sem þau voru gefin út rafrænt 20. janúar 2014, og hefur verið óskað eftir sama auðkenni í kerfum Kauphallarinnar. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000024438.
C.2	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út	Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum
C.5	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali verðbréfanna.	Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa skv. útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðilla. Um skráningu eignarréttinda yfir skuldabréfunum fer eftir ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.
C.8	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum „þ.m.t. forgangsröðun og takmörkun á þessum réttindum“—	Skv. 10. gr. reglna útgefanda skal eignum útgefanda ráðstafað í eftirfarandi röð. A. til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins B. í samræmi við skilmála skuldaskjala eða lánasamninga sem útgefandi hefur gerið út eða gert. C. til hlutdeildarskíteinishafa í samræmi við reglur útgefanda, en þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins á því að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrilliggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað. Arður er að hámarki 10% af nafnvirði útgefinna hlutdeildarskíteina. Arðgreiðslum skal bætt við höfuðstólsjóðsins. D. Til greiðslu umfram endurheimtur. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við veðskuldabréf sen hann hefur keypt og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útstandandi kröfur sjóðsins, ber honum að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við fjárhæð kröfу þeirra. E. afgangsstærðir við slit. Þeir fjármunir sem eftir standa í sjóðnum þegar liðir A, B, C og D hafa verið greiddir og öll hlutdeildarskíteini innleyst, greiðast til rekstrarfélagsins við slit sjóðsins. Skv. 16. gr. reglna útgefanda er óheimilt að gera breytingar á reglum sjóðsins nema með samþykki a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins, m.v. fjárhæð krafna. Enginn einn skuldabréfaigandi eða tengdir aðilar eiga nægilegt magn skuldabréfa til að samþykka breytingu. Kröfur skuldabréfaigenda skv. skuldabréfaflokkji þessum eru ávallt jafnréttiháar innbyrðis (e. pari passu). Óheimilt er að veita öðrum jafnréttiháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra

		skuldabréfæigenda
C.9	Nafnvextir Upphafsdagur og gjalddagar vaxta Gjalddagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram Upplýsingar um ávöxtun Nafn fulltrúa eiganda skuldabréfa	FISH 14 1 skuldabréfin bera 3,50% fasta flata vexti. Skuldabréfin voru gefin út 20. janúar 2014. Fyrsti vaxtagur skuldabréfanna var 20. janúar 2014. Upphaflegur höfuðstóll endurgreiðist ásamt uppsöfnuðum vöxtum á hverjum tíma með jöfnum greiðslum (jafngreiðslulán – annuitet). Fyrst 20. apríl 2014. Vextir greiðast fjórum sinnum á ári þ.e. þann 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október ár hvert. Fyrst 20. apríl 2014 og síðast þann 20. janúar 2049. Heimilt er að greiða upp lán þetta á samningsbundnum gjalddögum án samþykks skuldabréfæigenda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi. Ef ÍS, skuldari veðskuldabréfs í eigu útgefanda, nýtir sér rétt sinn til uppgreiðslu samkv. veðskuldabréfinu, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfæigenda af skuldabréfunum samkv. útgáfu þessari. Útgefandi skal tilkynna skuldabréfæigendum með a.m.k. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild. Vextir reiknast með dagareglu 30E/360. Skuldabréfið er verðtryggt með vísítolu neysluverðs með grunnvísítolu 416,7 í janúar 2014. Fyrirsvar fyrir handhafa skuldabréfa: Á ekki við.
C.12	Lágmarksnafnverð útgáfu.	Hver eining skuldabréfanna er kr. 20.000.000,-. Hlutaeiningar eru ekki heimilaðar.
C.21	Upplýsingar um markaðinn þar sem verslað verður með verðbréfin og sem lýsing hefur verið birt fyrir.	Skuldabréfin voru gefin út rafrænt þann 20. janúar 2014 í kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar og hafa þegar verið sold fagfjárfestum. Sala þeirra fór fram gegn staðgreiðslu. Búið er að óska eftir töku til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

D. Áhættur

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
D.2	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða útgefandann sérstaklega.	<p>Þeir áhættubættir sem sérstaklega eiga við um útgefanda eru lausafjárhætta, uppgreiðsluhætta, vaxta- og verðbólguhætta, samningshætta, markaðsáhætta, lagaleg áhætta, rekstrarahætta, mótaðilaáhætta og sértæk áhætta tengd íþróttu- og sýningahöllinni.</p> <p>Lausafjárhætta Lausafjárhætta er hættan á að sjóðurinn eigi ekki laust fé og geti þar með ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn kemur til með að fá bæði höfuðstóls- og vaxtagreiðslur af ÍSH-bréfinu og verða þessar greiðslur notaðar til að greiða höfuðstól og vexti af FISH 14 1 auk þess sem sjóðurinn er með tæplega 4 milljónir króna í handbæru fé. Ef greiðslufall verður á ÍSH-bréfinu gæti komið til þess að sjóðurinn geti ekki staðið í skilum með greiðslur til fjárfesta á réttum gjalddögum.</p> <p>Vaxtaáhætta Útgefandi mun mögulega þurfa að ávaxta fjármuni til skemmi tíma sem ætlaðir eru til þess að standa straum af skuldbindingum sjóðsins. Ber sjóðnum að ávaxta þessa fjármuni samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem kemur fram í 4 gr. reglna útgefanda. Ekki er víst að útgefandi eigi kost á að ávaxta fjármuni sína á sambærilegum kjörum og eru á FISH 14 1 skuldabréfunum sem bera fasta 3,50% verðtryggða vexti.</p>

	<p>Samningsáhætta Ákvæði ÍSH-bréfsins leggja skuldara ÍSH-bréfsins ýmsar skyldur á herðar sem ekki tengjast greiðslu vaxta og höfuðstóls.</p> <p>Standi greiðandi veðskuldabréfsins ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar með á möguleika hans á því að standa skil á greiðslum í samræmi við skilmála skuldabréfanna.</p> <p>Markaðsáhætta Skuldabréf útgefanda hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.</p> <p>Rekstraráhætta Rekstur útgefanda er undir eftirliti áhættustýringar Virðingar hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Rekstraráhætta útgefanda felst einkum í áhættu vegna mistaka og svika, svo sem ef mistök verða hjá rekstraraðila eða að reglum útgefanda sé ekki framfylgt, t.a.m. hvað varðar fjárfestingar, upplýsingatækniáhættu sem getur t.d. falist í ófullnægjandi eða röngum upplýsingum í kerfum eða rangri notkun kerfa og áhættu vegna útvistunar starfspáttar, t.d. vegna ónógs aðgengis að starfsstöð og gögnum útvistunaraðila. Framangreind atriði geta komið niður á getu útgefanda til að mæta skuldbindingum sínum skv. skuldabréfunum. Útgefandi er ekki sérstaklega tryggður fyrir ofangreindri áhættu.</p> <p>Lagaleg áhætta Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Lög þau sem útgefandi starfar eftir geta breyst með þeim hætti að breytingarnar hafi í för með sé neikvæð áhrif á útgefanda en hann getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum eða öðrum ákvörðunum stjórnvalda sem kunna að hafa neikvæð árhrif á starfsumhverfi hans. Útgefandi er fagfjárfestasjóður í rekstri rekstrarfélags verðbréfajóða, sbr. 60. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfajóði, fjárfestingsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fagfjárfestasjóða og að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, sbr. 63. gr. sömu laga.</p> <p>Mótaðilaáhætta ÍSH-bréfið er um 99% af eignum Fagfjárfestasjóðsins ÍSH við dagsetningu þessarar lýsingar og verður helsta eign sjóðsins. Er nánast öll mótaðilaáhætta útgefanda á höndum ÍS.</p> <p>ÍSH-bréfið er tryggt með veði á 1. veðrétti í fasteigninni Engjavegi, auk handveðs í bankareikningi ÍS. Leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar dags. 4.apríl 2006 vegna fasteignarinnar Engjavegi, skulu lagðar inn á handveðsreikninginn. Vextir og höfuðstóll af ÍSH-bréfinu eru greiddir í jöfnum greiðslum ársfjórðungslega með lokagjalddaga þann 20. janúar 2049, en allar vaxtagreiðslur af ÍSH-bréfinu ásamt endurgreiðslu höfuðstóls eru í íslenskum krónum. Nafnvirði höfuðstóls ÍSH-bréfsins er tengt við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 416,7 í janúar 2014.</p> <p>Eftirfarandi er frekari útlistun á þeim áhættupáttum sem tengjast skuldara ÍSH-bréfsins, ÍS, og snúa að útgefanda.</p>
--	---

		<p>Lausafjárhætta Lausafjárhætta er hættan á að ÍS geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Tekjur ÍS koma að mestu leiti frá Reykjavíkurborg í formi leigutekna, en einnig hefur ÍS tekjur af tónleika-, ráðstefnu og öðru viðburðahaldi í húsinu. Eigendur ÍS, Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins, hafa skuldbundið sig til að halda rekstri ÍS í jafnvægi.</p> <p>Rekstraráhætta Rekstraráhætta er hættan á tapi sem stafar m.a. af ófullnægjandi ferlum, fólk og kerfum, eða af ytri atburðum. Rekstur ÍS byggir að miklu leyti á leigusamningi við Reykjavíkurborg, en einnig á útleigu húsnæðisins vegna ráðstefna, veisluhalda og íþróttaiðkunar. Lækki tekjur ÍS af þessum viðburðum, hvort sem er vegna ytri ástæðna eða innri, gæti tekjutapið leitt til taps á rekstri ÍS og þar af leiðandi greiðsluerfiðleikum.</p> <p>Samningsáhætta Núverandi leigusamningur ÍS við Reykjavíkurborg gildir til 31 desember 2035. Hafi nýr samningur eða framlenging á gildandi leigusamningi, sem er ásættanlegur að mati lánveitanda, ekki verið gerður við Reykjavíkurborg eða annan leigutaka fyrir 1.október 2034 skapast gjaldfellingarheimild í ÍSH-bréfinu. Slík gjaldfelling gæti leitt til þess að ÍS þurfi að afla sér óhagstæðrar fjármögnunar eða selja fasteignina til þess að endurgreiða sjóðnum. Komi til slíks, er hætta á að ekki aflist nægt fé til þess að greiða skuld ÍS að fullu.</p>
D.3	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega.	<p>Fjárfesting í skuldabréfum útgefnum af útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum útgefnum af útgefanda eða eftir atvikum hluta hennar.</p> <p>Seljanleikaáhætta Ekki er víst að fjárfestar geti selt bréfin þegar þeim hentar né verið öruggir með að verðið sem verður í boði sé verð sem þeir vilja, sökum skorts á eftirspurn á markaði. Ekki stendur til að bjóða upp á viðskiptavakt með bréfin.</p> <p>Markaðsáhætta Aðstæður á markaði breytast og hefur það í för með sér að ávöxtunarkrafa hækkar eða lækkar, markaðsaðstæður hafa á endanum áhrif á verð og þar með markaðsvirði bréfanna. Að auki geta aðstæður útgefanda breyst og þær breytingar geta haft áhrif á viðhorf fjárfesta gagnvart skuldabréfunum til hækunar eða lækkunar þeirrar ávöxtunarkröfu sem eðlilegt er að gera til bréfanna. Fjárfestar geta því ekki gengið að því sem vísu að selja bréfin á sömu ávöxtunarkröfu og þeir kaupa þau á.</p> <p>Uppgjörsáhætta Ekki er sjálfgefið að uppgjör á vöxtum og afborgunum skili sér rétt í gegnum greiðslukerfi eða verði með þeim hætti sem fjárfestar gera ráð fyrir sökum mistaka eða tafa hjá mótaðila.</p> <p>Vörsluáhætta Þeir fjárfestar sem nýta sér vörsluþjónustu bera áhættuna sem slíkri þjónustu fylgir, þ.e. að eignir í vörslu tapist að einhverju eða öllu leyti sökum vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu starfsmanna vörsluaðila útgefanda, Virðingar hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29.</p>

		<p>Verðbólguáhætta Þar sem bæði skuldabréfin og veðskuldabréfð eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs á ekki að vera hætta á því að virði skuldbindinga útgefanda hækki umfram virði eigna hans og rýri þannig virði skuldabréfanna. Breyting á vísitölunni getur hins vegar haft áhrif á virði skuldabréfanna til hækunar eða lækkunar.</p>
--	--	---

E. Tilboð

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
E.4	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð.	Engir hagsmunaarékstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda eða Rekstrarfélag Virðingar hf. hjá stjórn, framkvæmdastjóra Rekstrarfélagsins og/eða sjóðsstjóra útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra eða annarra skyldustarfa þeirra. Öll þóknun til umsjónaraðila vegna töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Kauphallarinnar er greidd af útgefanda sjálfum. Hagsmunir umsjónaraðila eru að ljúka töku til viðskipta í Kauphöll á FISH 14 1 og eru þeir í samræmi við hagsmuni útgefanda. Við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar var sölu á öllum skuldabréfum FISH 14 1 lokið.
E.7	Áætlaður kostnaður sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um.	Á ekki við

FAGFJÁRFESTASJÓÐURINN
ÍSH

VERÐBRÉFALÝSING
Vegna töku skuldabréfafloksins FISH 14 1 til viðskipta

10.08.2016

Efnisyfirlit verðbréfalýsingar

1.	ÁHÆTTUPÆTTIR.....	3
2.	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....	4
3.	ORÐSKÝRINGAR	5
4.	ÁBYRGIR AÐILAR	5
5.	FYRIRKOMULAG ÚTGÁFU SKULDABRÉFANNA.....	6
6.	UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFAFLOKK.....	7
7.	UNDIRLIGGJANDI EIGN	12
8.	SKIPULAG OG ÁÆTЛАÐ SJÓÐSSTREYMI ÚTGEFANDA.....	14
9.	HEIMILDIR OG SKULDBINDINGAR	15
10.	TAKA TIL VIÐSKIPTA OG GREÐSLUFYRIRKOMULAG.....	16
11.	SKATTAMÁL	17
12.	UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA	17
13.	KOSTNAÐUR VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA	17
14.	REGLUR FAGFJÁRFESTASJÓÐSINS ÍSH	19
15.	ÚTGÁFULÝSING FISH 14 1	20

VERÐBRÉFALÝSING

1. ÁHÆTTUPÆTTIR

Verðbréfalýsing þessi, dags. 10. ágúst 2016 er hluti lýsingar, dags. 10. ágúst 2016 sem er gerð vegna umsóknar um töku skuldabréfa með auðkennið FISH 14 1 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum, verðbréfalýsingu þessari auk útgefandalýsingar og samantektar dagsettum þann 10. ágúst 2016. Hægt er að nálgast skjölin á skrifstofu Rekstrarfélags Virðingar hf., Borgartúni 29, Reykjavík og á heimasiðu Rekstrarfélags Virðingar á <http://virdingsjodir.is/utgefid-efni/>.

Hér á eftir fer umfjöllun um þá áhættubætti sem útgefandi, Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartúni 29, Reykjavík, álítur að skipti máli fyrir skuldabréf þau sem verðbréfalýsing þessi tekur til, svo meta megi áhættu sem tengist þeim og getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin. Kaflinn inniheldur upplýsingar um áhættubætti sem stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf., sem fer með æðsta vald í málefnum útgefandans, telur, skv. hennar bestu vitund að eigi sérstaklega við um skuldabréfin, en þeir eru seljanleikaáhætta, markaðsáhætta, uppgjörsáhætta, vörlsuáhætta, verðbólguáhætta og útlánaáhætta. Upptalningu áhættupáttá er þó ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Áhættubættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Samkvæmt bestu vitund stjórnar Rekstrarfélagsins er sú upptalning áhættupáttá er varðar FISH 14 1 og fjallað er um í þessum kafla tæmandi, en möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættubættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér einnig vel umfjöllun um áhættubætti varðandi útgefanda í 1. kafla útgefandalýsingar dagsettri 10. ágúst 2016, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda.

Óskað hefur verið eftir töku skuldabréfa útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., Laugarvegi 182, 105 Reykjavík, og er verðbréfalýsing þessi útbúin af því tilefni.

1.1. Seljanleikaáhætta

Ekki er víst að fjárfestar geti sett bréfin þegar þeim hentar né verið öruggir með að verðið sem verður í boði sé verð sem þeir vilja, sökum skorts á eftirspurn á markaði. Ekki stendur til að bjóða upp á viðskiptavakt með bréfin.

1.2. Markaðsáhætta

Aðstæður á markaði breytast og hefur það í för með sér að ávöxtunarkrafa hækkar eða lækkar, markaðsaðstæður hafa á endanum áhrif á verð og þar með markaðsvirði bréfanna. Að auki geta aðstæður útgefanda breyst og þær breytingar geta haft áhrif á viðhorf fjárfesta gagnvart skuldabréfunum til hækkunar eða lækkunar þeirrar ávöxtunarkröfu sem eðlilegt er að gera til bréfanna. Fjárfestar geta því ekki gengið að því sem vísu að selja bréfin á sömu ávöxtunarkröfu og þeir kaupa þau á.

1.3. Uppgjörsáhætta

Ekki er sjálfgefið að uppgjör á vöxtum og afborgunum skili sér rétt í gegnum greiðslukerfi eða verði með þeim hætti sem fjárfestar gera ráð fyrir sökum mistaka eða tafa hjá mótaðila.

1.4. Vörsluáhætta

Þeir fjárfestar sem nýta sér vörsluþjónustu bera áhættuna sem slíkri þjónustu fylgir, þ.e. að eignir í vörslu tapist að einhverju eða öllu leyti sökum vanrækslu eða svíksamlegra athafna af hálfu starfsmanna vörsluaðila útgefanda, Virðingar hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29.

1.5. Verðbólguáhætta

Þar sem bæði skuldabréfin og veðskuldabréfin eru verðtryggð og bundin visitölu neysluverðs á ekki að vera hætta á því að virði skuldbindinga útgefanda hækki umfram virði eigna hans og rýri þannig virði skuldabréfanna. Breyting á visitölunni getur hins vegar haft áhrif á virði skuldabréfanna til hækunar eða lækkunar.

2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi, dags. 10. ágúst 2016 er hluti lýsingar, dags. 10. ágúst 2016, sem er gerð vegna umsóknar um töku skuldabréfa með auðkennið FISH 14 1 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Lýsingin samanstendur af þremur skjölum, verðbréfalýsingu þessari auk útgefandalýsingar og samantektar dagsettum 10. ágúst 2016. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni varðandi upplýsingar í lýsingunni á tímabilinu frá því að hún er staðfest og þar til að viðskipti með skuldabréfin hefjast á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland mun útgefandi útbúa við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Hægt er að nálgast skjölin á skrifstofu Virðingar hf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík og á heimasíðu Rekstrarfélags Virðingar á <http://virdingsjodir.is/utgefid-efni/>.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefnar af Fagfjárfestasjóðnum ÍSH felur í sér áhættu og kann því að vera að hún sé ekki hentug fjárfesting fyrir alla. Áður en fjárfestar taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda eru þeir m.a. hvattir til að kynna sér vel fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignir útgefandans í verðbréfalýsingu þessari. Mikilvægt er að fjárfestar leggi sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa. Verðmæti skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og því er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda.

3. ORÐSKÝRINGAR

Í þessari verðbréfalyssingu merkir:

1. *Útgefandi/sjóðurinn:* Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartún 29, 105 Reykjavík.
2. *Umsjónaraðili/Virðing:* Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.
3. *Skuldabréfin:* Skuldabréfaflokkurinn FISH 14 1.
4. *FL:* Fasteignafélagið Laugardalur ehf., kt. 551002-3140, Engjavegi 8, 108 Reykjavík
5. *ÍS:* Íþróttá- og sýningaráhöllin hf., kt. 481200-3340, Engjavegi 8, 108 Reykjavík
6. *ÍSH-bréfið:* Veðskuldabréf í eigu sjóðsins, útgefið Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., síðar yfirtekið af ÍS (íþróttá- og sýningaráhöllinni hf.)
7. *Fasteignin Engjavegi:* fasteignin Engjavegi 8, 108 Reykjavík, fastanúmer 226-6544, merkt 02 0101
8. *Handveðsreikningur ÍS:* bankareikningur ÍS nr. 513-26-10350 hjá Íslandsbanka hf. Leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ábyrgðaraðila og Reykjavíkurborgar dags. 4.apríl 2006, vegna fasteignarinnar Engjavegi skulu lagðar inn á handveðsreikninginn.
9. *Rammasamningurinn:* Rammasamningur um byggingu, fasteignastjórnun og leigu fasteignarinnar íþróttá- og sýningaráhöllin auk tengibyggingar í Laugardal og um endurbætur og fasteignastjórnun á Höllinni (eldri byggingu).
10. *Höllin: Eldri bygging sem hin nýja fasteign íþróttá-og sýningaráhöllin er tengd við með tengibyggingu, saman eru Höllin og Fasteignin Engjavegi kölluð Laugardalshöllin*
11. *Hlutdeildarskírteini:* Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum.
12. *Kauphöll:* Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
13. *Aðalmarkaður Kauphallarinnar:* Skipulegur verðbréfamarkaður skv. skilgreiningu 2. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir sem Kauphöllin rekur.
14. *Verðbréfamiðtöð:* Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
15. *Rekstrarfélagið:* Rekstrarfélag Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.
16. *Fjármálaeftirlitið:* Fjármálaeftirlitið, kt. 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.
17. *Reykjavíkurborg/RVK:* Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.
18. *Samtök Iðnaðarins:* Samtök Iðnaðarins, kt. 511093-2019, Borgartún 35, 105 Reykjavík.
19. *Kr./krónur:* Íslenskar krónur

4. ÁBYRGIR AÐILAR

4.1. Útgefandi

Útgefandi skuldabréfanna er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH. Útgefandi er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. IV. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lýtur sem slíkur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

4.2. Umsjónaraðili

Umsjónaraðili töku skuldabréfa Fagfjárfestasjóðsins ÍSH til viðskipta á Aðalmarkað Kauphallarinnar er Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, sími 520-9800. Umsjónaraðili hefur haft umsjón með sölu skuldabréfanna auk umsjónar og vinnu vegna töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll. Þá er umsjónaraðili jafnframt umsjónaraðili útreiknings skv. Útgáfulyssingu FISH 14 1. Umsjónaraðili er fjármálaftyrtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaftyrtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrtæki.

4.3. Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélags Virðingar hf.

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, sem er stofnandi sjóðsins og fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, lýsir því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 10. ágúst 2016



Kristján Börkur Einarsson, stjórnarformaður Rekstrarfélags Virðingar hf.



Ólöf Jónsdóttir, stjórarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.




Anna Bjarney Sigurðardóttir, stjórarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.

4.4. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund hans eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 10. ágúst 2016

F.h. Virðingar hf.



Hannes Frímann Hrólfsson
Forstjóri

5. FYRIRKOMULAG ÚTGÁFU SKULDABRÉFANNA

5.1. Fyrirkomulag útgáfu

Útgáfa skuldabréfanna var ekki sölutryggð og voru skuldabréfin einungis boðin útvöldum fagfjárfestum til kaups. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið, sem taldist ekki almennt útboð í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Útgáfudagur skuldabréfanna var 14.1.2014 og voru þau skráð í kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar þann 20.1.2014. Einn viðauki við skuldabréfin hefur verið gefinn út, þann 10. ágúst 2016.

5.2. Ráðgjafar

Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, hefur fyrir hönd útgefanda og Rekstrarfélags Virðingar hf. umsjón með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf. Umsjónaraðili hefur verið forsvarsmönnum útgefanda til ráðgjafar við gerð þessarar lýsingar.

5.3. Hagsmunir

Engir hagsmunaarekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda eða Rekstrarfélag Virðingar hf. hjá stjórn, framkvæmdastjóra Rekstrarfélagsins og/eða sjóðsstjóra útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra eða annarra skyldustarfa þeirra. Öll þóknun til umsjónaraðila vegna töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Kauphallarinnar er greidd af útgefanda sjálfum. Hagsmunir umsjónaraðila eru að ljúka töku til viðskipta í Kauphöll á FISH 14 1 og eru þeir í samræmi við hagsmuni útgefanda. Við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar var sölu á öllum skuldabréfum FISH 14 1 lokið.

5.4. Framkvæmd fjárfestingarstefnu

Í samræmi við reglur útgefanda, er Rekstrarfélagið ábyrgt fyrir daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans. Helsta fjárfesting sjóðsins hefur þegar verið framkvæmd og aðrar ekki fyrirhugaðar, en verði þörf fyrir skammtíma fjárfestingu lausafjár er Rekstrarfélagið ábyrgt fyrir því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu útgefanda eins og henni er lýst í 4.gr. reglna sjóðsins.

6. UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFAFLOKK

Þessi verðbréfalýsing er í samræmi við reglugerð nr. 837/2013 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Verðbréfalýsing þessi er einnig í samræmi við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra og birtingu.

Skilmálar skuldabréfaflokkins eru eftirfarandi:

Auðkenni:	FISH 14 1
ISIN:	IS0000024438
Tegund bréfs:	Jafngreiðslubréf
Ábyrgð á greiðslu útgáfu	<p>Útgefandinn ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs en sjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Virðingar hf. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu, eingöngu með eignum sínum hverju sinni.</p> <p>Rekstrarfélag og vörlufyrirtæki útgefanda eru skaðlaus af útgáfu skuldabréfsins og bera ekki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta, verðbóta, innheimtukostnaðar eða hvaða greiðslum sem er vegna þessa skuldabréfs hvorki að hluta til né í heild. Hvorki rekstrarfélag né vörlufyrirtæki útgefanda er skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfi þessu.</p>

Heildarheimild samkv. samningi:	ISK 2.040.000.000
Útgefið nú:	ISK 2.040.000.000
Nafnverðseiningar:	ISK 20.000.000 –tuttugu milljónir króna–
Útgáfudagur:	20. janúar 2014
Lokagjalddagi:	20. janúar 2049
Verðtrygging:	Skuldabréfin eru verðtryggð með vísítolu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísítolu 416,7 í janúar 2014.
Nafnvextir:	Fastir flatir vextir - 3,50% (dagaregla 30E/360)
Fyrsti vaxtagdagur:	20. janúar 2014
Fyrsti gjalddagi vaxta:	20. apríl 2014
Greiðsla vaxta og höfuðstóls	<p>Upphaflegur höfuðstóll endurgreiðist ásamt uppsöfnuðum vöxtum á hverjum tíma með jöfnum greiðslum (jafngreiðslulán – annuitet). Fyrst 20. apríl 2014.</p> <p>Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir, nema sá dagur sé í næsta mánuði, en þá skal gjalddagi færast fram á næsta bankadag á undan gjalddaga.</p>
Fjöldi gjalddaga á ári	Fjórir gjalddagar á ári, þann 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október ár hvert.
Gjaldmiðill:	ISK
Framsal:	Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa skv. útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Um skráningu eignarréttinda yfir skuldabréfunum fer eftir ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.
Stimpilgjald:	Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013.
Heimild:	Samþykkt af stjórn útgefanda dags 13. janúar 2014.
Skráð í kauphölli?	Já, skuldabréfin verða skráð, stefnt er á skráningu fyrir 31. desember 2016.
Uppgreiðsluheimild	<p>Heimilt er að greiða upp lán þetta á samningsbundnum gjalddögum án samþykkis skuldabréfaeigenda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi.</p> <p>Ef íþróttar- og sýningarhöllin, skuldari veðskuldabréfs í eigu útgefanda, nýtir sér rétt sinn til uppgreiðslu samkv. veðskuldabréfinu, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfunum samkv. útgáfu þessari.</p> <p>Útgefandi skal tilkynna skuldabréfaeigendum með a.m.k. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.</p>
Eignir til tryggingar skuldabréfs	<p>Eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Helsta eign útgefanda í samræmi við fjárfestingarheimildir útgefanda samkv. 4 gr. reglna hans, er eftirfarandi:</p> <p>Veðskuldabréf útgefið af Fasteignafélaginu Laugardal ehf., kt.551002-3140, síðar sameinað íþróttar- og sýningarhöllinni hf., kt. kt.481200-3340, þar sem skilmálar eru meðal annars eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. Upphaflegur höfuðstóll: 2.040.000.000 ISK ii. Lánsform: Jafnar greiðslur iii. Lánstími: 35 ár iv. Verðtrygging: Vísitala neysluverðs til verðtryggingar v. Uppgreiðsluheimild: Heimilt er að greiða upp lánið á

	<p>samningsbundnum gjalddögum án samþykkis lánveitanda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi</p> <p><i>vi.</i> Tryggingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. 1. veðréttur í Engjavegi 8, Reykjavík, fnr. 226-6544 merkt 02 0101, Laugardalshöll – Íþrótta og sýningaráhöll, birt stærð 10072,8 m² b. Handveð í bankareikningi sem leigugreiðslur frá Reykjavíkurborg samkv. leigusamningi dagsettum 4. apríl 2006 berast inn á. c. Verðmæti trygginga skal aldrei fara undir 120% af uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda-bréfsins <p><i>vii.</i> Kvaðir: í veðskuldabréfinu er m.a. að finna kvaðir um eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Bókfært eigið fé skal aldrei vera lægra en 200 m.kr b. Takmörkun á ráðstöfun eigna c. Veðsetningarbann d. Óheimilt er að breyta leigusamningum e. Bann við samruna, skiptingu eða slitum, nema um sé að ræða samruna eða skiptingu innan samstæðu og slíkt hefur ekki áhrif á tryggingastöðu f. Takmarkanir á nýjum fjárfestingum g. Skuldara er óheimilt að greiða út arð nema með fyrirfram samþykki lánveitanda h. Takmarkanir á frekari lántökum og uppgreiðslu annarra lána umfram samningsskyldu <p>Fjárfestingarheimildir útgefanda eru takmarkaðar samkv. 4. gr. reglna hans við fjárfestingar í:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignaélginu Laugardal ehf., kt.551002-3140 (síðar sameinað íþrótta og sýningaráhöllinni hf., kt. 481200-3340.) ii. Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum. iii. Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé. <p>Fjárfestingar útgefanda í öðrum eignum eru óheimilar.</p> <p>Samkv. 10 gr. reglna útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir hans.</p>
Gjaldfelling vegna vanskila	<p>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun.</p> <p>Falli gjalddagi skuldabréfafloksins á helgi eða almennan frídag, þegar bankar eru lokaðir, og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er ekki leyfilegt að innheimta dráttarvexti.</p> <p>Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30</p>

	<p>dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að gjalfella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga fyrirvara laust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til NASDAQ OMX á Íslandi.</p> <p>Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamnings, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppoði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvara laust.</p>
Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar	<p>Kröfur skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokkki þessum eru ávallt jafnrétháar innbyrðis (e. pari passu). Óheimilt er að veita öðrum jafnrétháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.</p> <p>Útgefanda er óheimilt að gera skilmálabreytingar á veðskuldabréfi, dags. 14.01.2014, útgefnu af Íþrótt- og sýningarhöllinni hf., kt. 481200-3340 sem fela í sér eftirgjöf skuldar, breytingar á vaxtakjörum og/eða gefa eftir tryggingar, nema með samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð.</p> <p>Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjalfella útistandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitthvað eitt eftifarandi tilfella mun eiga sér stað:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Brotið er gegn sérstökum skilyrðum skuldabréfs þessa. b) Íþrótt- og sýningarhöllin hf. kt. 481200-3340 hefur ekki gert nýjan leigusamning eða framlengt gildandi leigusamningi um Engjaveg 8, sem er ásættanlegur að mati 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð krafna fyrir 1. október 2034. c) Útgefandi gerir breytingar á reglum sínum, í andstöðu við 2 mgr. í 16.gr. reglna útgefanda. d) Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq Iceland fyrir 31.desember 2016. <p>Gjalfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.</p> <p>Komi til þess að útgefandi þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við veðskuldabréf sem hann hefur keypt og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur, ber útgefanda að greiða endurheimtur til skuldabréfaeigenda í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfaflokknum.</p>
Ágreiningsmál:	Rísi mál út af skuldabréfaflokkki þessum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.
Breytingar á skilmálum og fundir skuldabréfa-eigenda	Til að samþykka skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum eða aðrar ákvarðanir sem snúa að skuldabréfaflokknum þarf útgefandi samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð krafna.

	<p>Útgefandi skal kynna tillögur eða skilmálabreytingar og leita samþykkis fyrir þeim á fundi sem hann skal boða í gegnum tilkynningakerfi Verðbréfamiðstöðvar með minnst 15 daga fyrirvara.</p> <p>Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.</p>
Afskráning	<p>Skuldabréfaflokcur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.</p>

6.1. Forgangsröðun greiðslna

Skv. 10. gr. reglna sjóðsins, en þær má finna í 14 kafla þessarar verðbréfalýsingar, eiga eigendur skuldabréfaflokksins FISH 14 1 forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins.

6.2. Fjárfestingarstefna útgefanda

Eins og lýst er í 4. gr. reglna útgefanda, er markmið sjóðsins að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga hans. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur gert. Samkvæmt 4. gr. reglnanna er fjárfestingarstefna útgefanda bundin við eftirfarandi fjárfestingar:

- a) Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélaginu Laugardal ehf., kt.551002-3140 (sem var síðar yfirtekið af ÍS)
- b) Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum
- c) Innlán fjármálfyrirtækja og reiðufé

Fjárfestingar sjóðsins í öðrum eignum en þeim sem eru taldar upp hér að ofan eru óheimilar. Við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar nam ÍSH-bréfið rúmlega 99% af eignum sjóðsins.

Fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu sjóðsins er lýst í 4. gr. reglna sjóðsins en til að breyta markmiðunum eða stefnunni verður að breyta reglum sjóðsins, sbr. 16. gr. reglnanna. Reglum sjóðsins má aðeins breyta með samþykti a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins m.v. fjárhæð krafna. Reglur sjóðsins má finna í 14. kafla verðbréfalýsingar þessarar.

6.3. Réttindi og hlunnindi

Engin sérstök réttindi eða hlunnindi, umfram þau sem getið er um í þessari verðbréfalýsingu, fylgja kaupum og eignarhaldi á þessum skuldabréfum.

6.4. Löggjöf sem skuldabréfin eru gefin út í samræmi við

Um skuldabréfin gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf. Skuldabréfin bera fasta verðtryggða vexti og um þau gilda jafnframt lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um fyrningarfrest á vaxtakrökum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls fer skv. lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þar kemur fram að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár og á það við um vaxtakrökur skuldabréfanna. Í 5. grein sömu laga kemur fram að fyrningarfrestur á kröfum skv. skuldabréfi og á kröfum sem hafa verið skráðar rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum, á það ákvæði við um fyrningarfrest á kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls skuldabréfanna.

Rísi mál út af skuldabréfunum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

7. UNDIRLIGGJANDI EIGN

Í janúar 2014 fjárfesti útgefandi í ÍSH-bréfinu sem er rúmlega 99% af mótaðilaáhættu útgefanda við dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar. Lang stærsti mótaðili útgefanda er því skuldari ÍSH-bréfsins, ÍS (Íþróttá- og sýningarhöllin hf.)

ÍSH-bréfið er tryggt með veði á 1.veðrétti í fasteigninni Engjavegi auk handveðs í bankareikningi ÍS sem leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar vegna fasteignarinnar Engjavegi, skulu lagðar inn á. Verðmæti fyrnefndra trygginga skal aldrei fara undir 120% af uppreiknuðum eftirstöðvum ÍSH-bréfsins. Komi í ljós að verðmæti trygginga uppfylli ekki skilyrðið skal skuldara tilkynnt um vanefnd og gefinn 20 viðskiptadaga frestur til úrbóta, annað hvort með því að bæta við nýjum tryggingum sem eru ásættanlegar að mati lánveitanda, eða með því að greiða niður skuldabréfið ásamt uppgreiðslugjaldi þannig að ofangreindum veðsetningarhlutföllum sé aftur náð.

Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins hafa skuldbundið sig til að halda rekstri ÍS í jafnvægi samkvæmt rammasamningi um byggingu, fasteignastjórnun og leigu Íþróttá- og sýningarhallarinnar í Laugardal. Ekki er fyrirhugað að gefa út fleiri verðbréf sem tryggð yrðu með sömu eignum og FISH 14 1 né ÍSH-bréfið.

7.1. Forsaga og tilgangur kaupa sjóðsins á ÍSH-bréfinu

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH var stofnaður 13. janúar 2014 um fjárfestingu í veðskuldabréfi, að upphæð kr. 2.040.000, útgefnu 14. janúar 2014 af Fasteignafélagini Laugardal ehf., sem hér er kallað ÍSH-bréfið. Fasteignafélagið leitaði til umsjónaraðila með það í huga að endurfjármagna þáverandi lán vegna fasteignarinnar. Áhugi fjárfesta leiddi til stofnunar útgefanda, Fagfjárfestasjóðsins ÍSH. Þann 13.janúar 2014 heimilaði stjórn Rekstrarfélags Virðingar útgáfu skuldabréfaflokkssins FISH 14 1 að nafnverði allt að krónur 2.040.000.000 fyrir hönd Fagfjárfestasjóðsins ÍSH. ÍSH-bréfið var gefið út þann 14. janúar 2014 en þann 20. janúar 2014 var gefinn út viðauki við skuldabréfið þar sem vöxtum bréfsins var breytt úr 3,50% í 3,65%. Þann 20. janúar 2014 gaf útgefandi út skuldabréfið FISH 14 1 í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Hafði útgefandi því þegar fjárfest söluandvirði skuldabréfaútgáfu FISH 14 1. Þann 1.janúar 2016 yfirtók móðurfélag FL, ÍS, félagið og er ÍS því núverandi skuldari lánsins. Greiðsluferill ÍSH-bréfsins endurspeglast í greiðsluferli FISH 14 1, og er lokagalddagi þeirra beggja í janúar 2049.

Fasteignafélagið Laugardalur var í 100% eigu ÍS., sem er í jafni eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka Iðnaðarins. FL var stofnað um nýbyggingar við Höllina, þ.e. tengibyggingu og Íþróttá- og sýningarhöll við hlið eldri byggingarinnar. Eldri byggingin er í eigu Reykjavíkurborgar en

nýbyggingin var í eigu FL, nú ÍS. Fasteign FL var leigð út til ÍS, sem framleigir stærstum hluta áfram til Reykjavíkurborgar. ÍS hefur einnig tekjur af útleigu húsnæðisins til einkaaðila vegna íþróttaiðunar, sýninga, veisluhalda ofl. Reykjavíkurborg hefur einnig gert samning við ÍS um fasteignaumsjón á Höllinni (eldri byggingunni), íþróttá- og sýningarhöllinni og tengibyggingunni. Óheimilt er skv. ÍSH-bréfinu að skilamálabreyta þeim leigusamningum sem á hinni veðsettu fasteign hvíla nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Markmið sjóðsins er að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur gert, en markmiði útgefanda er lýst í 4. gr. reglna útgefanda. ÍSH-bréfið ber fasta 3,65% vexti auch verðtryggingar og er tryggt með veði á fyrsta veðrétti í Fasteigninni Engjavegi og handveðsreikningi ÍS sem leigugreiðslu Reykjavíkurborgar eru greiddar inn á. Lán útgefanda til FL/ÍS mun vera helsta fjárfesting útgefanda, en útlisun á fjárfestingarheimildum útgefanda má sjá í 4 gr. reglna útgefanda. Því er endurgreiðsluferli sjóðsins þegar hafið og mun því ljúka í síðasta lagi árið 2049 á lokagjaldsaga FISH 14 1 og er áætlað að sjóðnum verði þá slitið, en skv. 13. gr. reglna sjóðsins er ákvörðun um slit sjóðsins þó ávallt í höndum rekstrarfélagsins.

7.2. Um ráðstöfun uppgreiðsluandvirðis eigna sjóðsins

Skuldara ÍSH-bréfsins er heimilt að greiða upp lán sitt á samningsbundnum gjalddögum án samþykkis útgefanda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi. Ef ÍS, skuldari ÍSH-bréfsins, nýttir sér rétt sinn til uppgreiðslu samkv. veðskuldabréfinu, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfunum samkv. útgáfu þessari. Útgefandi skal tilkynna skuldabréfaeigendum með a.m.k. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.

7.3. Bókfært virði

Mat á eignum, skv. 9. grein reglna útgefanda, skal á hverjum tíma endurspeglra raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Það skal vera reiknað með eftifarandi hætti:

- Veðskuldabréf skulu vera uppreiknuð og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.
- Innlán og reiðufé skal metið á nafnvirði ásamt áföllnum vöxtum.
- Eign í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum skal metin á markaðsvirði
- Virði annarra eigna skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörlufyrirtækis og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélagið getur samið við þriðja aðila um að annast framangreint mat á óskráðum eignum sjóðsins.

Rekstrarfélagið er ábyrgt fyrir ákvörðun og útreikningi á bókfærðu virði eigna sjóðsins en rekstrarfélagini er ekki heimilt að fresta mati á verðmæti eigna útgefanda. Bókfært virði eigna skv. framansögðu verður ekki tilkynnt fjárfestum sérstaklega en mun koma fram í árs- og árshlutareikningum Rekstrarfélagsins í samræmi við reglur nr. 97/2004, sbr. reglur nr. 1065/2009, um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar voru af Fjármálaeftirlitinu, og mun matið fara fram á hálfssársfresti í tengslum við gerð reikninganna. Rekstrarfélagini ber lagaskylda til að láta útbúa og birta árshluta- og ársreikninga sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

7.4. Varsla

Í samræmi við samning um umsjá og vörlur fjármálagerninga, dags. 29. nóvember 2010, milli Rekstrarfélagsins og Virðingar, annast Virðing hf. vörlur á eignum sjóðsins og annarra skjala, sbr.

viðauki I við samninginn dags. 23 apríl 2014. Vörlur eigna sjóðsins verða í samræmi við reglur sem gilda um vörlufyrirtæki skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, sbr. II. kafli C. Skyldur vörluaðila skv. samningum eru að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari fram skv. lögum og reglum hlutaðeigandi aðila, að tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila, að framfylgja fyrirmælum Rekstrarfélagsins nema þau séu í andstöðu við lög og samþykkir hlutaðeigandi aðila, að tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

7.5. Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélags Virðingar hf.

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, lýsir því yfir að þær upplýsingar sem koma fram í þessari verðbréfalýsingu og tengast ÍS. hafa verið nákvæmlega byggðar á upplýsingum sem ÍS hefur gefið út, m.a. ársreikningum og samþykktum félagsins. Að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt um og honum er unnt, staðfestir stjórn útgefanda, út frá þeim upplýsingum sem ÍS hefur birt, að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar er varða ÍS og útgefandi hefur eftir í þessari verðbréfalýsingu, ónákvæmar eða misvísandi.


Reykjavík, 10. ágúst 2016



Kristján Börkur Einarsson, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.



Anna Bjarney Sigurðardóttir, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.



Ólöf Jónsdóttir, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.

8. SKIPULAG OG ÁÆTLAÐ SJÓÐSSTREYMI ÚTGEFANDA

8.1. Skilmálabreytingar

Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum þarf samþykki að lágmarki 90% skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð. Útgefandi skal kynna tillögur að skilmálabreytingum og leita samþykki fyrir þeim á fundi með skuldabréfaeigendum sem útgefandi skal boða til með minnst 15 daga fyrirvara. Komi til þess að skilmálabreyting sé samþykkt á fundinum, þá skal slík samþykkt send Verðbréfamiðstöð sem birtir hana á vef sínum sem viðauka við fyrilliggjandi útgáfulýsingu skuldabréfaflokkssins.

Við það að verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta í Kauphöllinni lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum þar um og einnig skv. reglum Nasdaq Iceland hf. Núgildandi reglur kveða m.a. á um að útgefandi skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, skuli kappkosta að birta opinberlega án tafar, eða eins fljótt og auðið er, allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfanna.

8.2. Áætlað sjóðsstreymi útgefanda

Stærð og skilmálar ÍSH-bréfsins og FISH 14 1 eru með þeim hætti að sjóðstreymi FISH 14 1 endurspeglar sjóðstreymi ÍSH-bréfsins og myndast þannig gegnumstreymi um sjóðinn, þó með þeim mun að heildarupphæð vaxtagreiðslna af eignum útgefanda er hærri en heildarupphæð vaxtagreiðslna af skuldbindingum hans. Sá munur er til að standa undir umsýsluþóknun rekstraraðila og þeim kostnaði sem felst í að halda úti skuldabréfaflokki sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. FISH 14 1 ber 3,5% verðtryggða vexti á meðan ÍSH-bréfið gefur 3,65% verðtryggða vexti, eins og greint er frá í kafla 7.1 í þessari verðbréfalýsingu.

Taka ber fram að skv. 1. mgr. 6 gr. reglna útgefanda er heimilt að fresta greiðslu þóknunar til rekstrarfélagsins ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til þess að greiða þóknunina á hverjum tíma. Skal hún þá freastast þar til staða lausafjár er nægjanleg, en á móti myndast skuldbinding sjóðsins gagnvart rekstrarfélaginu sem nemur ógreiddum þóknunum.

9. HEIMILDIR OG SKULDBINDINGAR

9.1. Heimild til skuldabréfaútgáfu

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf. veitti á stjórnarfundi þann 13. janúar 2014 framkvæmdastjóra félagsins fullt umboð til að gefa út skuldabréfaflokk fyrir hönd útgefanda, að nafnvírði kr. 2.040.000.000,-, í samræmi við skilmála skuldabréfa sem óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta skv. verðbréfalýsingu þessari. Um er að ræða einn skuldabréfaflokk með lokagjalddaga 20. janúar 2049. Framangreind heildarheimild til útgáfu er nýtt að fullu með útgáfu FISH 14 1.

9.2. Skuldbindingar útgefanda

Rekstrarfélag Virðingar hf. ábyrgist að eignir útgefanda verði varðveittar í samræmi við reglur útgefanda og þær nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem útgefandi hefur gefið út og til greiðslu á rekstrarkostnaði hans. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér umfjöllun um áhættuþætti í kafla 1. í þessari verðbréfalýsingu og kafla 1. í útgefandalýsingu dagsettri 10. ágúst 2016 og að kynna sér reglur útgefanda í 14 kafla þessarar verðbréfalýsingar.

Útgefandi skuldbindur sig til þess að hlíta eftirtoldum skilmálum uns skuld samkvæmt skuldabréfum í skuldabréfafloknum er að fullu greidd:

- a. Að selja ekki ÍSH-bréfið eða að láta það af hendi nema fullt og eðlilegt endurgjaldi komi fyrir.
- b. Að veðsetja ekki eigur sínar

9.3. Gjaldfellingarheimildir

Við eftifarandi atvik er heimilt að gjaldfella fyrirvaralaust og án aðvarana eftirstöðvar skuldar ásamt gjalföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem útgefanda er skylt að greiða:

- I. Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga
- II. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamnings, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði

- eða ef eignir útgefanda eru kyrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa
- III. c) Ef útgefandi brýtur gegn öðrum ákvæðum skuldabréfs þessa s.s. ákvæðum um sérstakar skuldbindingar t.d. varðandi frekari lántöku eða veðsetningu án samþykkis kröfuhafa.
 - IV. Brotið er gegn sérstökum skilyrðum skuldabréfs þessa.
 - V. Íþróttar- og sýningarhöllin hf. kt. 481200-3340 hefur ekki gert nýjan leigusamning eða framlengt gildandi leigusamningi um Engjaveg 8, sem er ásættanlegur að mati 90% eigenda útgefinna skuldabréfa floksins m.v. fjárhæð krafna fyrir 1. október 2034.
 - VI. Útgefandi gerir breytingar á reglum sínum, í andstöðu við 2 mgr. í 16.gr. reglna útgefanda.
 - VII. Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq Iceland fyrir 31.desember 2016.

Greiða ber dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð samkvæmt framanrituðu í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

10. TAKA TIL VIÐSKIPTA OG GREIÐSLUFYRIRKOMULAG

10.1.Rafræn útgáfa

Skuldabréfin voru gefin út rafrænt þann 20.01.2014 í kerfi Verðbréfamiðstöðvar og hafa þegar verið seld fagfjárfestum. Útgáfa skuldabréfanna var ekki sölutryggð og voru skuldabréfin einungis boðin útvöldum fagfjárfestum til kaups. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið, sem taldist ekki almennt útboð í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Skilmálar skuldabréfanna eru í samræmi við kafla 2.2. í útgáfulýsingu, dagsettri 17.01.2014 með viðauka dagsettum 13.júlí 2016, en útgáfulýsinguna, sem birt var í kerfum Verðbréfamiðstöðvarinnar við útgáfu skuldabréfanna, má einnig finna í 15. kafla verðbréfalýsingar þessarar.

Skuldabréfaflokkur FISH 14 1 verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfamiðstöð um greiðslufall floksins og skal í því tilviki senda Verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram. Með afskráningu er átt við afskráningu úr kerfum Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Búið er að óska eftir töku til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar þann 10. ágúst 2016. FISH 14 1 skuldabréfin verða tekin til viðskipta einum viðskiptadegi eftir að Kauphöllin birtir tilkynningu þess efnis.

10.2.Greiðslufyirkomulag

Rekstrarfélag Virðingar hf. mun með milligöngu Verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Virðing hf. annast endanlegar greiðslur inn á VS reikninga eigendanna f.h. rekstrarfélagsins. Virðing hf. annast fyrir hönd útgefandans útreikning á greiðslum.

Virðing hf., Borgartúni 29, 101 Reykjavík annaðist miðlun bréfanna við sölu þeirra

10.3.Uppsagnarákvæði er varða umsjónaraðila útreikninga

Engin ákvæði eru fyrir hendi er snerta ráðningu eða uppsögn umsjónaraðila útreiknings fyrir útgefanda. Eins og fram kemur í kafla 10.2 þessarar verðbréfalýsingar er Virðing hf. umsjónarmaður útreiknings fyrir útgefanda.

10.4.Aðgengi útgefanda að eigendum

Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra fram að töku til viðskipta skuldabréfanna í Kauphöll, skal útgefanda heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq Verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma. Heimild þessi fellur niður við töku skuldabréfaflokkins til viðskipta Áðalmarkaði Kauphallarinnar.

10.5.Upplýsingar um viðskipti að útgáfu lokinni

Ekki er fyrirhugað, að hálfu útgefanda, að leggja fram upplýsingar um viðskipti með skuldabréfaflokkini að útgáfu lokinni, né um verðþróun þeirra trygginga sem liggja til grundvallar skuldabréfunum, þ.e. ÍSH-bréfinu.

11. SKATTAMÁL

Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld og fellur því enginn kostnaður til vegna stimpilskyldu við útgáfu þessa.

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer því um skattalega meðferð vaxta vegna skuldabréfanna eftir gildandi íslenskum skattalögum á hverjum tíma. Staðgreiðsluskattur er lagður á fjármagnstekjur skv. lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og nemur hann nú 20% af fjármagnstekjum. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir. Fjárfestum er bent á að sækja sér skattaráðgjöf.

12. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA

Upplýsingar frá íþróttu- og sýningarhöllinni hf. og Fasteignafélaginu Laugardal ehf. eru fengnar frá félögnum sjálfum. Upplýsingar um Virðingu hf. eru fengnar frá féluginu sjálfu. Upplýsingar um Rekstrarfélagið eru fengnar frá því sjálfu. Rekstrarfélagið staðfestir fyrir hönd útgefandans, að svo miklu leyti sem því er kunnugt um og því er unnt út frá þeiri upplýsingagjöf sem þriðji aðili hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreynum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

13. KOSTNAÐUR VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Útgefandi greiðir allan kostnað við rafræna útgáfu skuldabréfanna hjá Nasdaq Verðbréfamiðstöð og töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll. Er þessi kostnaður eftirfarandi.

Heildarkostnaður útgefanda við töku FISH 14 1 til viðskipta í Kauphöll er áætlaður kr. 1.460.000. Skv. gjaldskrá innheimtir Kauphöll kr. 710.000 fyrir að taka útgáfuna til viðskipta og er hann greiddur af útgefanda. Fjármálaeftirlitið innheimtir tímagjald af útgefanda fyrir yfirlestur og staðfestingu lýsingar og nam bóknun eftirlitsins kr. 750.000.

Árlegur kostnaður útgefanda vegna töku FISH 14 1 til viðskipta er áætlaður samtals kr. 406.720. Fastagjald Kauphallar nemur kr. 250.000 en að auki innheimtir Kauphöllin markaðstengt gjald sem nemur 0,00045% af markaðsvirði skuldabréfanna og er áætlað að kostnaður vegna þess gjalds nemi kr. 36.720 á ári. Að auki innheimtir Nasdaq Verðbréfamiðstöð árgjald vegna skuldabréfaútgáfu sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar en aldrei lægra en sem nemur kr. 120.000 á ári. Áætlað er að það gjald nemi kr. 120.000 á ári.

Útgefandi ber allan kostnað umsjónaraðila við töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll auk árlegs kostnaðar sem tilgreindur er í 3. mgr. þessara kafla.

14. REGLUR FAGFJÁRFESTASJÓÐSINS ÍSH

Reglur Fagfjárfestasjóðsins ÍSH

1. gr.

Nafn og rekstrarfélag sjóðsins

Nafn sjóðsins er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Virðingar hf., kt. 531109-2790, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi (hér eftir í reglum þessum nefnt „rekstrarfélag“).

Rekstrarfélagið er ábyrgt fyrir daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans. Rekstrarféluginu er heimilt að samþykkja fyrir hönd sjóðsins alla samninga og önnur skjöl sem sjóðurinn er aðili að, en við slíkar ráðstafanir verður rekstrarfélagið ekki sjálft skuldbundið gagnvart gagnaðila slíks samnings eða annarra skjala eða viðtakanda slíkra skjala eða vottorðs.

Í samræmi við 2. mgr. 60. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skal fjárhag sjóðsins haldið aðgreindum frá fjárhag rekstrarfélagsins og er sjóðurinn einn ábyrgur fyrir skuldbindingum sínum.

2. gr.

Orðskýringar og skilgreiningar

Í reglum þessum merkir:

1. *Sjóður er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH sem er sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem rekinn er af rekstrarfélagi verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálagfyrirtæki. Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH er fagfjárfestasjóður, sbr. IV. kafla nr. 128/2011.*
2. *Stofndagur sjóðsins telst vera sá dagur sem rekstrarfélag sjóðsins gefur út hlutdeildarskírteini sjóðsins í fyrsta sinn.*
3. *Hlutdeildarskírteini* er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og í samræmi við það sem kveðið er á um í reglum þessum.
4. *Hrein eign* sjóðsins er virði eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins

Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu hlutdeildarskírteina, sbr. 10. gr. reglna sjóðsins, með útgáfu skuldbréfa, víxla og annarra skuldaskjala til fjárfesta og með gerð lánasamninga.

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Hvorki rekstrarfélag, vörluslufyrirtæki né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins og aðrir kröfuhafar hans geta eingöngu beint kröfum sínum gegn Fagfjárfestasjóðnum ÍSH og eignum sem tilheyra sjóðnum. Í bókhaldi og ársreikningum rekstrarfélagsins er eignum og skuldbindingum Fagfjárfestasjóðsins ÍSH haldið aðskildum frá öðrum eignum rekstrarfélagsins og sjóðum á vegum þess. Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Rekstrarfélagið ábyrgist ekki greiðslu fjárvkuldbindinga sjóðsins og er ekki við nokkrar kringumstæður ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta né í heild.

4. gr.
Fjárfestingarstefna Fagfjárfestasjóðsins ÍSH

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánaþamninga sem hann hefur gert.

Sjóðurinn mun fjárfesta í veðskuldabréfi útgefnu af Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., kt. 551002-3140. Veðskuldabréfinu er ætlað að standa undir greiðsluflæði vegna skuldbréfa sem sjóðurinn gefur út. Geta sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar er því háð greiðslugetu Fasteignafélagsins Laugardal ehf. til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt veðskuldabréfinu.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er bundin við eftirfarandi fjárfestingar:

- Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., kt. 551002-3140
- Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldbréfum, víxlum og innlánum
- Innlán fjármálfyrirtækja og reiðufé

Fjárfestingar sjóðsins í öðrum eignum eru óheimilar.

5. gr.
Vörlufyrirtæki sjóðsins

Vörlufyrirtæki sjóðsins er Virðing hf., kt. 561299-3909, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi (hér eftir í reglum þessum nefnt „Virðing“ eða „vörlufyrirtæki“).

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að skipta um vörlufyrirtæki.

Tilvísanir til vörlufyrirtækis í þessum reglum vísa jafnframt til þess fyrirtækis sem tekur við skyldum vörlufyrirtækis. Eftirfarandi skal gilda um vörlufyrirtæki:

- Vörlufyrirtækið skal þjónusta sjóðinn eins og tilgreint er í vörlusamningi.
- Með fyrirvara um ákvæði vörlusamningsins skal vörlufyrirtæki tryggja að fjármunir og fjármálagerningar í eigu sjóðsins séu skýrt aðgreindir frá öllum eignum sem tilheyra;
 - öðrum sjóðum sem rekstrarfélagið hefur stofnað,
 - rekstrarfélagini og
 - eignum vörlufyrirtækisins.

Rekstrarfélagið skal greiða þóknun vörlufyrirtækisins.

6. gr.
Umsýsluþóknun rekstrarfélags og aðrar þóknanir

Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélagini fasta umsýsluþóknun sem er á ársgrundvelli 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins) og skal greiðsla innt af hendi ársfjórðungslega. Heimilt er að fresta greiðslu þóknunar ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til þess að greiða þóknunina á hverjum tíma. Skal hún þá freastast þar til staða lausafjár er nægjanleg, en á móti myndast skuldbinding sjóðsins gagnvart rekstrarfélagini sem nemur ógreiddum þóknunum. Frestaðar og ógreiddar þóknanir skulu bera sömu vexti og útgefin skuldbréf sjóðsins. Ef lausafjárstaða sjóðsins er orðin nægjanleg til þess að greiða uppsafnaðar ógreiddar þóknanir að hluta eða í heild, skulu þær greiðdar á næsta skuldfærsludegi

Árleg vörsluþóknun vörslufyrirtækis sjóðsins greiðist af þóknun rekstrarfélagsins. Aðrar viðskiptaþóknanir, s.s. vegna kaupa og sölu fjármálagerninga sjóðsins, greiðir sjóðurinn sjálfur.

7. gr.

Sala og útgáfa hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja fagfárfestum og viðurkenndum gagnaðilum, sbr. 9. og 10. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Áskrift: Rekstrarfélag skal hafa frjálst og óskorað vald til að velja og hafna þeim er leggja fram áskriftarbeiðni og óska eftir að kaupa hlut í sjóðnum, án þess að rökstyðja ákvörðun sína.

Fjárfestar sem afhenda sjóðnum fé til ávoxtunar fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum. Skal slík kvittun staðfesta að lágmarki nafn, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini. Rekstrarfélag sjóðsins eða sá aðili sem rekstrarfélagið tilnefnir skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Stjórn rekstrarfélags sjóðsins skal samþykka veðsetningu eða framsal hlutdeildarskírteina áður en slík veðsetning eða framsal á sér stað. Með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglna þessara getur stjórn rekstrarfélags sjóðsins hafnað framsali hlutdeildarskírteina án frekari rökstuðnings.

Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum.

Á stofndegi sjóðsins er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 600.000. Sjóðurinn er lokaður og ekki verða gefin út fleiri hlutdeildarskírteini.

8. gr.

Innlausn hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru ekki innlausnarskyld að kröfu hlutdeildarskírteinishafa. Rekstrarfélagini er heimilt að innleysa einingar í sjóðnum (hlutdeildarskírteini) hvenær sem er eftir útgáfu þeirra, að hluta eða í heild, með því að greiða bókfært verð hvírrar einingar í sjóðnum til hlutdeildarskírteinishafa eins og þær eru reiknaðar í samræmi við 11. grein. Í slíku tilviki skal innlausn þó einungis vera heimil hafi sjóðurinn staðið að fullu skil á skuldbindingum sínum. Eftir greiðslu alls kostnaðar við rekstur sjóðsins er stefnt að því að greiða hlutdeildarskírteinishöfum arð í samræmi við reglur sjóðsins. Arður á ári hverju er að hámarki 10% af nafnvirði útgefinna hlutdeildarskírteina. Arði er bætt við höfuðstól sjóðsins og skilar sér til hlutdeildarskírteinishafa í hærra gengi hlutdeildarskírteina. Áður skal sjóðurinn hafa tryggt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.

9. gr.

Mat á eignum sjóðsins

Sjóðurinn er gerður upp í ISK.

Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspeglraunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Það skal vera reiknað með eftirfarandi hætti:

- I. Veðskuldabréf skulu vera uppreiknuð og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.
- II. Innlán og reiðfé skal metið á nafnvirði ásamt áföllnum vöxtum.
- III. Eign í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum skal metin á markaðsvirði.

XH
OK
WT

- IV. Virði annarra eigna skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörlufyrirtækis og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélagið getur samið við þriðja aðila um að annast framangreint mat á óskráðum eignum sjóðsins.

10. gr.

Fjármögnun og ráðstafanir

Skuldari hlutdeildarskírteina, skuldaskjala og láanasamninga er Fagfjárfestasjóðurinn íSH. Rekstrarfélag Virðingar hf. ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Eignum sjóðsins skal ráðstafað í eftirfarandi röð:

- a) til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. umsýsluþóknun skv. 6. gr.
- b) í samræmi við skilmála skuldaskjala eða láanasamninga sem sjóðurinn hefur gefið út eða gert.
- c) til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við reglur sjóðsins en þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað. Arður er að hámarki 10% af nafnvirði útgefinna hlutdeildarskírteina. Arðgreiðslum skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
- d) til greiðslu umfram endurheimtur. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við veðskuldabréf sem hann hefur keypt og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur sjóðsins, ber honum að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við fjárhæð kröfu þeirra.
- e) afgangsstærðir við slit. Þeir fjármunir sem eftir standa í sjóðnum þegar liðir a), b), c) og d) hafa verið greiddir og öll hlutdeildarskírteini innleyst, greiðast til rekstrarfélagsins við slit sjóðsins.

Rekstrarfélagini er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins.

11. gr.

Útreikningur á uppreiknuðu gengi eininga

Uppreknað gengi hverrar einingar í sjóðnum er samtala allra innlána í bönkum og sparisjóðum auk verðmæti annarra eigna sjóðsins, sbr. 9. gr., að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýsluþóknunum, innheimtukostnaði, uppreiknuðum ógreiddum skuldaviðurkenningum, skuldabréfum og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum deilt niður á heildarfjölda útgefinna eininga.

Gengi hverrar einingar er 1,0 við útgáfu fyrstu hlutdeildarskírteina sjóðsins. Reglur um arð geta haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Gengishækkun hlutdeildarskírteina er bundin takmörkunum þeim sem tilgreindar eru í 10 gr. c) lið og munu að hámarki hækka sem nemur 10% á ári sbr. 8 gr.

12. gr.

Samruni sjóðsins við aðra sjóði eða lögaðila

Rekstrarfélag sjóðsins er með öllu óheimilt að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða lögaðilum.

13. gr.
Slit sjóðsins

Rekstrarfélagið skal tilkynna slit sjóðsins með tilkynningu til hvers handhafa hlutdeildarskírteina í sjóðnum og með tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðun um slit sjóðsins er í höndum rekstrarfélagsins.


16. gr.
Önnur atriði og breytingar á reglum sjóðsins

Rekstrarfélag Virðingar hf. er rekstraraðili sjóðsins og annaðist undirbúning og stofnun sjóðsins eftir bestu vitund og í fullu samræmi við staðreyndir. Reglur sjóðsins, uppbygging sjóðsins, kynningarrefni eða önnur skjöl sem gefin eru út vegna sjóðsins má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út. Fjárfesting í fjármálagerningum sem gefnir eru út af sjóðnum eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig.

Óheimilt er að gera breytingar á reglum þessum nema með samþykki a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins, m.v. fjárhæð krafna.

Kópavogi 17. janúar 2014

Samþykkt af stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf. með undirritun


Halldór Þ. Birgisson, stjórnarformaður


Sigríður Lára Árnadóttir, stjórnarmaður


Örn Þór Alfreðsson, stjórnarmaður

15. ÚTGÁFULÝSING FISH 14 1

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Stofndagur útgefanda var 13. janúar 2014. Heimild til útgáfu var samþykkt af stjórn útgefanda þann 13. janúar 2014.

- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Framkvæmdarstjóri Rekstrarfélags Virðingar hf.
Þórólfur Sigurðsson, kt. 230862-7619, Þorlaksgeisla 48, 113 Reykjavík

Stjórnarmenn:

Halldór Þorsteinn Birgisson, kt. 301260-3189
Örn Þór Alfreðsson, kt. 061268-3919
Sigríður Lára Árnadóttir, kt. 119072-5479

- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi er fagfjárfestasjóður um sameiginlega fjárfestingu sbr. IV. kafla laga nr. 128/2011 og rekinn er af rekstrarfélagi verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæk.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

- 2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*

Rekstrarfélag Virðingar hf., kt. 531109-2790, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Tengiliður er Þórólfur Sigurðsson, kt. 230862-7619. Netfang: thorolfur@virdingsjodir.is

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

Auðkenni:	FISH 14 1
ISIN:	IS0000024438
Tegund bréfs:	Jafngreiðslubréf
Ábyrgð á greiðslu útgáfu	<p>Útgefandinn ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs en sjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Virðingar hf. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu, eingöngu með eignum sínum hverju sinni.</p> <p>Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki útgefanda eru skaðlaus af útgáfu skuldabréfsins og bera ekki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta, verðbóta, innheimtukostnaðar eða hvaða greiðslum sem er vegna þessa skuldabréfs hvorki að hluta til né í heild. Hvorki rekstrarfélag né vörslufyrirtæki útgefanda er skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfi þessu.</p>
Heildarheimild samkv. samningi:	ISK 2.040.000.0000
Útgefið nú:	ISK 2.040.000.000
Nafnverðseiningar:	ISK 20.000.000 –tuttugu milljónir króna–
Útgáfudagur:	20. janúar 2014
Lokagjalddagi:	20. janúar 2049
Verðtrygging:	Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu 416,7 í janúar 2014.
Nafnvextir:	Fastir flatir vextir - 3,50% (dagaregla 30E/360)
Fyrsti vaxtadagur:	20. janúar 2014
Fyrsti gjalddagi vaxta:	20. apríl 2014
Greiðsla vaxta og höfuðstóls	<p>Upphaflegur höfuðstóll endurgreiðist ásamt uppsöfnuðum vöxtum á hverjum tíma með jöfnum greiðslum (jafngreiðslulán – annuitet). Fyrst 20. apríl 2014.</p> <p>Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir, nema sá dagur sé í næsta mánuði, en þá skal gjalddagi færast fram á næsta bankadag á undan gjalddaga.</p>
Fjöldi gjalddaga á ári (dagar tilteknir)	Fjórir gjalddagar á ári, þann 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október ár hvert.
Gjaldmiðill:	ISK
Framsal:	Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa skv. útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Um skráningu eignarréttinda yfir skuldabréfunum fer eftir ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.
Stimpilgjald:	Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013.
Heimild:	Samþykkt af stjórn útgefanda dags 13. janúar 2014.

Skráð í kauphöll?	Já, skuldabréfin verða skráð, stefnt er á skráningu fyrir 30. júní 2014.
Uppgreiðsluheimild	<p>Heimilt er að greiða upp lán þetta á samningsbundnum gjalddögum án samþykkis skuldabréfaeigenda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi.</p> <p>Ef Fasteignafélagið Laugardalur ehf., kt. 551002-3140, skuldari veðskuldabréfs í eigu útgefanda, nýtir sér rétt sinn til uppgreiðslu samkv. veðskuldabréfinu, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfunum samkv. útgáfu þessari.</p> <p>Útgefandi skal tilkynna skuldabréfaeigendum með a.m.k. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.</p>
Eignir til tryggingar skuldabréfs	<p>Eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Helsta eign útgefanda í samræmi við fjárfestingarheimildir útgefanda samkv. 4 gr. reglna hans, er eftirfarandi:</p> <p>Veðskuldabréf útgefið af Fasteignafélagini Laugardalur ehf., kt. 551002-3140, þar sem skilmálar eru meðal annars eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. <i>Upphaflegur höfuðstóll:</i> 2.040.000.000 ISK ii. <i>Lánsform:</i> Jafnar greiðslur iii. <i>Lánstími:</i> 35 ár iv. <i>Verðtrygging:</i> Vísitala neysluverðs til verðtryggingar v. <i>Uppgreiðsluheimild:</i> Heimilt er að greiða upp lánið á samningsbundnum gjalddögum án samþykkis lánveitanda frá og með 1. janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi vi. <i>Ábyrgðaraðili:</i> Veðskuldabréfið er veitt með ábyrgð Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf., kt. 481200-3340, sem tekst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu lánsins. vii. <i>Tryggingar:</i> <ul style="list-style-type: none"> a. 4. veðréttur ásamt uppfærslurétti í Engjavegi 8, Reykjavík, fnr. 226-6544 merkt 02 0101, Laugardalshöll – Íþróttá og sýningarhöll, birt stærð 10072,8 m²“ b. Handveð í bankareikningi ábyrgðaraðila sem

	<p>leigugreiðslur frá Reykjavíkurborg samkv. leigusamningi dagsettum 4. apríl 2006 berast inn á.</p> <p>c. Verðmæti trygginga skal aldrei fara undir 120% af uppreiknuðum eftirstöðvum veðskuldbréfsins</p> <p>viii. <i>Kvaðir:</i> Í veðskuldabréfinu er m.a. að finna kvaðir um eftifarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Bókfært eigið fé skal aldrei vera lægra en 200 m.kr b. Takmörkun á ráðstöfun eigna c. Veðsetningarbann d. Óheimilt er að breyta leigusamningum e. Bann við samruna, skiptingu eða slitum, nema um sé að ræða samruna eða skiptingu innan samstæðu og slíkt hefur ekki áhrif á tryggingastöðu f. Takmarkanir á nýjum fjárfestingum g. Skuldara er óheimilt að greiða út arð nema með fyrirfram samþykki lánveitanda h. Takmarkanir á frekari lántöku og uppgreiðslu annarra lána umfram samningsskyldu <p>Fjárfestingarheimildir útgefanda eru takmarkaðar samkv. 4. gr. reglna hans við fjárfestingar í:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., kt. 551002-3140. ii. Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum. iii. Innlán fjármálaþyrirtækja og reiðufé. <p>Fjárfestingar útgefanda í öðrum eignum eru óheimilar.</p> <p>Samkv. 10 gr. reglna útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir hans.</p> <p>Gjalfelling vegna vanskila</p> <p>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. I mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni</p>
--	---

	<p>á vörslureikningi hjá reikningsstofnun.</p> <p>Falli gjalddagi skuldabréfaflokkins á helgi eða almennan frídag, þegar bankar eru lokaðir, og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er ekki leyfilegt að innheimta dráttarvexti. Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að gjaldfella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til NASDAQ OMX á Íslandi.</p> <p>Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamnings, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppoði eða ef eignir útgefanda eru kyrissettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust.</p>
Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar	<p>Kröfur skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnréttarár innbyrðis (e. pari passu). Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.</p> <p>Útgefanda er óheimilt að gera skilmálabreytingar á veðskuldabréfi, dags. 14.01.2014, útgefnu af Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., kt. 551002-3140 sem fela í sér eftirgjöf skuldar, breytingar á vaxtakjörum og/eða gefa eftir tryggingar, nema með samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokkins m.v. fjárhæð.</p> <p>Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útistandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitthvað eitt eftifarandi tilfella mun eiga sér stað:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Brotið er gegn sérstökum skilyrðum skuldabréfs þessa. b) Fasteignafélagið Laugardalur ehf. kt. 551002-3140 hefur ekki gert nýjan leigusamning eða framlengt gildandi leigusamningi um Engjaveg 8, sem er ásættanlegur að mati 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokkins m.v. fjárhæð krafna fyrir 1. október 2034. c) Útgefandi gerir breytingar á reglum sínum, í andstöðu

	<p>við 2 mgr. í 14.gr. reglna útgefanda.</p> <p>d) Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq OMX á Íslandi innan 7 mánaða frá útgáfudegi.</p> <p>Gjalfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.</p> <p>Komi til þess að útgefandi þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við veðskuldabréf sem hann hefur keypt og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur, ber útgefanda að greiða endurheimtur til skuldabréfaeigenda í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfaflokknum.</p>
Ágreiningsmál:	Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.
Breytingar á skilmálum og fundir skuldabréfaeigenda	<p>Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum eða aðrar ákvæðanir sem snúa að skuldabréfaflokknum þarf útgefandi samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð krafna. Útgefandi skal kynna tillögur eða skilmálabreytingar og leita samþykkit fyrir þeim á fundi sem hann skal boða í gegnum tilkynningakerfi Verðbréfaskráningar með minnst 15 daga fyrirvara.</p> <p>Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.</p>
Afskráning	Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokajalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfum, útreikningar þeirra og nýting.

Engin hlunnindi eru tengd útgáfu þessari.

2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt nágildandi skattalögum teljast bréfin til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum og er skatturinn nú 20%. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðsluskatt af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að honum sé haldið eftir og skilað til ríkissjóðs.

- 2.5 *Verðbréfaskráning ráðstafar útgefnum skuldabréfum á reikning á kennitölu útgefanda í umsjón Verðbréfaskráningar.*

VS-reikningur, Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960

- 2.6 *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

- 3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*

Virðing hf., kt. 561299-3909, Eiríkur R. Eiríksson, kt. 090774-4849, eirikur@virding.is, sími 520-9809.

- 3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltira endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Gunnar Þór Ásgeirsson, kt. 041167-3199, Rýni endurskoðun ehf., sími 510-2000 er núverandi endurskoðandi útgefanda (útgefandi var stofnaður þann 13. janúar 2014)

- 3.3 *Nafn þeirrar reikningsstofnunar sem annast útgáfulýsinguna.*

Virðing hf., kt. 561299-3909, Digranesvegi 1, Kópavogi, sími 520-9800.

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

- 4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*

Meðfylgjandi sem fylgiskjal.

88
679

- 4.2** Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lítandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.

Meðfylgjandi sem fylgiskjal.

- 4.3** Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.

Á ekki við

- 4.4** Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.

Á ekki við.

- 4.5** Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.

Á ekki við.

- 4.6** Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.


Á ekki við.

Kópavogur 17. janúar 2014

F.h. Fagfjárfestasjóðsins ÍSH



F.h. Virðing hf.



Viðauki við útgáfulýsingu dagsetta 17. janúar 2014 sem birt var í tengslum við útgáfu flokks eignavarinna skuldabréfa, FISH 14 1, í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Viðauki þessi varðar verðtryggð skuldabréf sem gefin eru út undir flokki sem auðkenndur er sem FISH 14 1 með ISIN kóðann IS0000024438 (hér eftir nefnd „FISH 14 1“). Útgefandi FISH 14 1 er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH kt. 530114-9960, Borgartúni 29, 105 Reykjavík (hér eftir nefnt „útgefandi“).

Útgefandi og eigendur skuldabréfaflokkins hafa komist að samkomulagi um skilmálabreytingu skuldabréfanna á þann veg að eigendur skuldabréfanna hafa lýst því yfir að þeir falli frá heimild sinni til gjaldfellingar skuldabréfanna vegna áður samningsbundins lokagjalddaga sem var sjö mánuðum eftir útgáfu í kerfi Nasdaq Verðbréfamiðstöðvar.

Skilmálabreytingin er eftirfarandi:

Í ákvæði um „Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar“ stóð í d. lið: „Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq OMX á Íslandi innan 7 mánaða frá útgáfudegi“.


Ákvæðið skal eftirleiðis hljóða svona:

„Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq á Íslandi fyrir 31.desember 2016“.

Að öðru leyti en að framan greinir skulu ákvæði skuldabréfanna haldast óbreytt.

Reykjavík, 13. júlí 2016

F.h. Fagfjárfestasjóðsins ÍSH



F.h. Virðingar hf.



FAGFJÁRFESTASJÓÐURINN
ÍSH

ÚTGEFANDALÝSING
Vegna töku skuldabréfafloksins FISH 14 1 til viðskipta

10.08.2016

Efnisyfirlit útgefandalýsingar

1.	ÁHÆTTUPÆTTIR.....	3
2.	ORÐSKÝRINGAR	7
3.	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....	8
4.	ÁBYRGIR AÐILAR	8
5.	LÖGGILTIRENDURSKOÐENDUR	9
6.	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA.....	10
7.	HELSTU FJÁRFESTINGAR ÚTGEFANDA	12
8.	UPPLÝSINGAR UM MÓTAÐILA ÚTGEFANDA Í FJÁRFESTINGUM.....	13
9.	FJÁRFESTINGARMARKMIÐ OG –REGLUR ÚTGEFANDA	21
10.	SKIPULAG	23
11.	STJÓRN REKSTRARFÉLAGS ÚTGEFANDA OG STJÓRNENDUR ÚTGEFANDA.....	26
12.	STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI ÚTVISTUNARAÐILA/UMSJÓNARAÐILA	29
13.	STÆRSTU EIGENDUR HLUTDEILDARSKÍRTEINA.....	31
14.	SÖGULEGAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR.....	32
15.	YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA ÚTGEFANDA	35
16.	UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA.....	35
17.	SKJÖLTIL SÝNIS	35
18.	REGLUR FAGFJÁRFESTASJÓÐSINS ÍSH	36
19.	ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR FAGFJÁRFESTASJÓÐSINS ÍSH FYRIR ÁRIÐ 2015	37
20.	ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR FAGFJÁRFESTASJÓÐSINS ÍSH FYRIR ÁRIÐ 2014	38

ÚTGEFANDALÝSING

1. ÁHÆTTUPÆTTIR

Útgefandalýsing þessi, dags. 10. ágúst 2016 er hluti lýsingar, dags. 10. ágúst 2016, sem er gerð vegna umsóknar um töku skuldabréfa með auðkennið FISH 14 1 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum, útgefandalýsingu þessari auk verðbréfalysingar og samantektar dagsettum þann 10. ágúst 2016. Hægt er að nálgast skjölín á skrifstofu Rekstrarfélags Virðingar hf., Borgartúni 29, Reykjavík og á heimasíðu Rekstrarfélags Virðingar á <http://virdingsjodir.is/utgefid-efni/>

Útgefandi skuldabréfanna er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartúni 29, Reykjavík, hér eftir einnig nefndur „útgefandi“, eða „sjóðurinn“. Markmið útgefanda er að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins, en skv. 10. gr. reglna sjóðsins, sem má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar, hafa eigendur skuldabréfafloksins FISH 14 1 forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út. Þann 13. janúar 2014 fjárfesti sjóðurinn í skuldabréfi, hér eftir „ÍSH-bréfið“, sem Fasteignafélagið Laugardalur ehf., kt.551002-3140, Engjavegi 8, 108 Reykjavík, hér eftir „FL“, var þá skuldari að, en íþróttá- og sýningahöllin hf., kt.481200-3340, Engjavegi 8, 108 Reykjavík, hér eftir „ÍS“, sjálfskuldarábyrgðaraðili og síðar skuldari. ÍSH-bréfið er tryggt með veði á 1.veðrétti í fasteigninni Engjavegi 8, fastanúmer 226-6544, merkt 02 0101, hér eftir “fasteignin Engjavegi”, auk handveðs í bankareikningi ÍS nr.513-26-10350 hjá Íslandsbanka hf., hér eftir “handveðsreikningur ÍS”, en leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar, kt.530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir “Reykjavíkurborg” eða “RVK”, dags. 4. apríl 2006, vegna fasteignarinnar Engjavegi skulu lagðar inn á handveðsreikninginn. ÍSH-bréfinu er ætlað að standa undir greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út skv. 4. gr. reglna sjóðsins, en þær má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar.

Samhliða undirbúningi fyrir skráningu FISH 14 1 skuldabréfsins á markað voru félögin tvö sameinuð, og skilmálum ÍSH-bréfsins breytt á þann veg að skuldari þess er nú íþróttá- og sýningahöllin. Er því íþróttá- og sýningahöllin hf. nú skuldari að ÍSH-bréfinu og þ.a.l. helsti mótaðili útgefanda.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfum útgefandans eru þeir m.a. hvattir til að kynna sér vel fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignir útgefandans í útgefandalýsingu þessari. Mikilvægt er að fjárfestar leggi sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa.

Hér á eftir fer umfjöllun um þá áhættupætti sem stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, Reykjavík (hér eftir „rekstrarfélagið“), sem er rekstrarfélag útgefanda, álítur sérstaklega eiga við um útgefanda, svo meta megi áhættu sem tengist honum og getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfaflokkinn FISH 14 1. Áhættupættir þessir eru lausafjárhætta, vaxtaáhætta, samningsáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta, lagaleg áhætta og mótaðilaáhætta.

Samkvæmt bestu vitund rekstrarfélags útgefanda er sú upptalning áhættupáttta er varðar útgefandann sjálfan og fjallað er um í þessari útgefandalýsingu tæmandi, en þeim er ekki

skipað í röð eftir mikilvægi. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér einnig vel umfjöllun um áhættuþætti er snúa að skuldabréfunum sjálfum í verðbréfalýsingu dagsettri 10. ágúst 2016, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda.

1.1. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að sjóðurinn eigi ekki laust fé og geti þar með ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn kemur til með að fá bæði höfuðstols- og vaxtagreiðslur af ÍSH-bréfinu og verða þessar greiðslur notaðar til að greiða höfuðstól og vexti af FISH 14 1 auk þess sem sjóðurinn er með tæpar 4 milljónir króna í handbæru fé í lok árs 2015. Sjóðurinn greiðir höfuðstól og vexti af FISH 14 1 þann 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október ár hvert, en loka gjalddagi bréfsins er þann 20. janúar 2049. Ef greiðslufall verður á ÍSH-bréfinu gæti komið til þess að sjóðurinn geti ekki staðið í skilum með greiðslur til fjárfesta á réttum gjalddögum. Útgefandi er engu að síður skuldbundinn til að greiða skuldabréfin á gjalddaga og ber einn ábyrgð á þeiri skuldbindingu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni, eins og kemur fram í 3. gr. reglna sjóðsins, sem finna má í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar. Samkvæmt 10. gr. reglna sjóðsins eiga eigendur skuldabréfafloksins FISH 14 1 forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins. Á þessi grein jafnt við um vaxtagreiðslur og endurgreiðslur á höfuðstól sem sjóðnum ber að greiða af FISH 14 1.

1.2. Vaxtaáhætta

Útgefandi mun mögulega þurfa að ávaxta fjármuni til skemmri tíma sem ætlaðir eru til þess að standa straum af skuldbindingum sjóðsins. Ber sjóðnum að ávaxta þessa fjármuni samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem kemur fram í 4 gr. reglna útgefanda. Ekki er víst að útgefandi eigi kost á að ávaxta fjármuni sína á sambærilegum kjörum og eru á FISH 14 1 skuldabréfunum sem bera fasta 3,50% verðtryggða vexti. Við þessar aðstæður geta fjármunir útgefanda rýrnað ef ekki reynist unnt að fá ávoxtun sem samsvarar virðisýrnun sökum verðbólgu auk vaxta af útgáfunni. Við dagsetningu þessarar útgefandalýsingar nam ÍSH-bréfið um 99,8% af öllum eignum sjóðsins, en það ber 3,65% fasta verðtryggða vexti.

1.3. Samningsáhætta

Ákvæði ÍSH-bréfsins leggja skuldara ÍSH-bréfsins ýmsar skyldur á herðar sem ekki tengjast greiðslu vaxta og höfuðstóls. Þessar skuldbindingar eru sem hér segir:

- a. Bókfært eigið fé skal aldrei vera lægra en 200 m.kr
- b. Takmörkun á ráðstöfun eigna
- c. Veðsetningargarð
- d. Óheimilt er að breyta leigusamningum
- e. Bann við samruna, skiptingu eða slitum, nema um sé að ræða samruna eða skiptingu innan samstæðu og slíkt hefur ekki áhrif á tryggingastöðu
- f. Takmarkanir á nýjum fjárfestingum
- g. Skuldara er óheimilt að greiða út arð nema með fyrirfram samþykki lánveitanda
- h. Takmarkanir á frekari lántöku og uppgreiðslu annarra lána umfram samningsskyldu

Sökum þess að ofangreindar skuldbindingar hvíla á skuldara veðskuldabréfsins ber útgefandi áhættu af því að skuldari veðskuldabréfsins standi eða standi ekki við slíkar skuldbindingar, en

veðskuldabréfið er tryggt með veði á 1. veðrétti í fasteigninni Engjavegi, auk veðs í handveðsreikningi ÍS. Nánar er fjallað um ÍSH-bréfið í kafla 7.2 í þessari útgefandalýsingu.

Standi greiðandi veðskuldabréfsins ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar með á möguleika hans á því að standa skil á greiðslum í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

1.4. Markaðsáhætta

Skuldabréf útgefanda hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans. Hluti markaðsáhættu er svokölluð seljanleikaáhætta, þ.e. áhættan á því að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan getur birst bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

1.5. Rekstraráhætta

Rekstur útgefanda er undir eftirliti áhættustýringar Virðingar hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, skv. samningi um útvistun á áhættustýringu á milli Virðingar hf. og Rekstrarfélagsins, sem er rekstrarfélag sjóðsins. Samningurinn, sem er dags. 1. janúar 2015, byggir á heimild í 18. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Rekstraráhætta útgefanda felst einkum í áhættu vegna mistaka og svika, svo sem ef mistök verða hjá rekstraraðila eða að reglum útgefanda sé ekki framfylgt, t.a.m. hvað varðar fjárfestingar, upplýsingatækniáhættu sem getur t.d. falist í ófullnægjandi eða röngum upplýsingum í kerfum eða rangri notkun kerfa og áhættu vegna útvistunar starfsþátta, t.d. vegna ónógs aðgengis að starfsstöð og gögnum útvistunaraðila. Framangreind atriði geta komið niður á getu útgefanda til að mæta skuldbindingum sínum skv. skuldabréfunum. Útgefandi er ekki sérstaklega tryggður fyrir ofangreindri áhættu.

1.6. Lagaleg áhætta

Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Lög þau sem útgefandi starfar eftir geta breyst með þeim hætti að breytingarnar hafi í för með sé neikvæð áhrif á útgefanda en hann getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum eða öðrum ákvörðunum stjórnum valda sem kunna að hafa neikvæð áhrif á starfsumhverfi hans.

Útgefandi er fagfjárfestasjóður í rekstri rekstrarfélags verðbréfasjóða, sbr. 60. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fagfjárfestasjóða og að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, sbr. 63. gr. sömu laga.

1.7. Mótaðilaáhætta

Þann 14. janúar 2014 fjárfesti Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH í skuldabréfi sem Fasteignafélagið Laugardalur ehf. var skuldari að, en íþróttá- og sýningarhöllin hf. sjálfskuldarábyrgðaraðili. Þann 1. janúar 2016 voru félögin sameinuð, og ÍS varð skuldari ÍSH-bréfsins. ÍSH-bréfið er um 100% af eignum Fagfjárfestasjóðsins ÍSH við dagsetningu þessarar útgefandalýsingar og verður

helsta eign sjóðsins. Er nánast öll mótaðilaáhætta útgefanda á höndum ÍS. Frekari umfjöllun um mótaðilann og ÍSH-bréfið má finna í þessum kafla, ásamt undirköflum, og í köflum 7. og 8. í þessari útgefandalýsingu.

ÍSH-bréfið er tryggt með veði á 1. veðrétti í fasteigninni Engjavegi, auk handveðs í bankareikningi ÍS. Leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar dags. 4.apríl 2006 vegna fasteignarinnar Engjavegi, skulu lagðar inn á handveðsreikninginn.

Vextir og höfuðstóll af ÍSH-bréfinu eru greiddir í jöfnum greiðslum ársfjórðungslega með lokagjalddaga þann 1. janúar 2049, en allar vaxtagreiðslur af ÍSH-bréfinu ásamt endurgreiðslu höfuðstóls eru í íslenskum krónum. Nafnvirði höfuðstóls ÍSH-bréfsins er tengt við vísitölu neysluverðs með grunnvísitolu 416,7 í janúar 2014. Ef til greiðslufalls á ÍSH-bréfinu kemur mun sjóðurinn ganga að tryggingum þess, veði á 1.veðrétti í fasteigninni Engjavegi og veði í handveðsreikningi ÍS, og nota til uppgjörs við fjárfesta, en ekki er víst að virði trygginga nægi til uppgjörs fullnaðargreiðslu vaxta, verðbóta og höfuðstóls til fjárfesta. Komi til gjaldfellingar gildir 10. gr. reglna útgefanda um ráðstafanir andvirðis sölu á hinum veðsettu eignum, en þær má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar. Ef til gjaldfellingar ÍSH-bréfsins kemur skal Rekstrarfélag Virðingar hf. upplýsa alla kröfuhafa sjóðsins þar um og lýsa þeim ráðstöfunum sem sjóðurinn hyggst grípa til í því skyni að tryggja innheimtu bréfsins. Þar kemur fram að eigendur skuldabréfaflokkssins FISH 14 1 eiga forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins.

Eftirfarandi er frekari útlistun á þeim áhættubáttum sem tengjast skuldara ÍSH-bréfsins, íþróttar- og sýningarhallarinnar ehf., og snúa að útgefanda. Þeir áhættubættir sem sérstaklega eiga við um ÍS eru lausafjáráhætta, rekstraráhætta og samningsáhætta. Samkvæmt bestu vitund umsjónaraðila er sú upptalning áhættuþátta er varðar ÍS og fjallað er um í þessum kafla tæmandi.

1.7.1 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að ÍS geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Tekjur ÍS koma að mestu leiti frá Reykjavíkurborg í formi leigutekna, en einnig hefur ÍS tekjur af tónleika-, ráðstefnu og öðru viðburðahaldi í húsinu. Eigendur ÍS, Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins, hafa skuldbundið sig til að halda rekstri ÍS í jafnvægi samkvæmt rammasamningi um byggingu, fasteignastjórnun og leigu íþróttar- og sýningarhallarinnar í Laugardal og um endurbætur og fasteignastjórnun á eldri byggingunni (hér eftir „Höllinni“). Tryggja Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins þannig að rekstur og greiðslustreymi ÍS verði alltaf jákvæður frá ári til árs. Sem viðmið hvers árs skal rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA) að frádregnum vaxtakostnaði og afborganum lána á hverju ári vera hærra en 0. Ef greiðslufall verður engu að síður, mun sjóðurinn leysa til sín veð á handveðsreikningi ÍS og/eða fasteignina Engjavegi.

1.7.2 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á tapi sem stafar m.a. af ófullnægjandi ferlum, fólki og kerfum, eða af ytri atburðum. Rekstur ÍS byggir að miklu leyti á leigusamningi við Reykjavíkurborg, en einnig á útleigu húsnæðisins vegna ráðstefna, veisluhalda og íþróttaiðkunar. Lækki tekjur ÍS af þessum viðburðum, hvort sem er vegna ytri ástæðna eða innri, gæti tekjutapið leitt til taps á rekstri ÍS og þar af leiðandi greiðsluerfiðleikum.

1.7.3 Samningsáhætta

Núverandi leigusamningur ÍS við Reykjavíkurborg gildir til 31 desember 2035. Hafi nýr samningur eða framlenging á gildandi leigusamningi, sem er ásættanlegur að mati

lánveitanda, ekki verið gerður við Reykjavíkurborg eða annan leigutaka fyrir 1. október 2034 skapast gjaldfellingarheimild í ÍSH-bréfinu. Slík gjaldfelling gæti leitt til þess að ÍS þurfi að afla sér óhagstæðrar fjármögnunar eða selja fasteignina til þess að endurgreiða sjóðnum. Komi til slíks, er hætta á að ekki aflat nægt fé til þess að greiða skuld ÍS að fullu.

2. ORÐSKÝRINGAR

Í þessari útgefandalýsingu merkir:

1. *Útgefandi/sjóðurinn:* Fagfárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartún 29, 105 Reykjavík.
2. *Umsjónaraðili/Virðing:* Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.
3. *Skuldabréfin:* Skuldabréfaflokkurinn FISH 14 1.
4. *FL:* Fasteignafélagið Laugardalur ehf., kt. 551002-3140, Engjavegi 8, 108 Reykjavík
5. *ÍS:* Íþróttá- og sýningarhöllin hf., kt. 481200-3340, Engjavegi 8, 108 Reykjavík
6. *ÍSH-bréfið:* Veðskuldabréf í eigu sjóðsins, útgefið Fasteignafélaginu Laugardalur ehf., síðar yfirtekið af ÍS (íþróttá- og sýningarhöllinni hf.)
7. *Fasteignin Engjavegi:* fasteignin Engjavegi 8, 108 Reykjavík, fastanúmer 226-6544, merkt 02 0101
8. *Handveðsreikningur ÍS:* bankareikningur ÍS nr. 513-26-10350 hjá Íslandsbanka hf. Leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ábyrgðaraðila og Reykjavíkurborgar dags. 4.apríl 2006, vegna fasteignarinnar Engjavegi skulu lagðar inn á handveðsreikninginn.
9. *Rammasamningurinn:* Rammasamningur um byggingu, fasteignastjórnun og leigu fasteignarinnar íþróttá- og sýningarhöllin auk tengibyggingarí Laugardal og um endurbætur og fasteignastjórnun á Höllinni (eldri byggingu).
10. *Höllin: Eldri bygging sem hin nýja fasteign íþróttá-og sýningarhöllin er tengd við með tengibyggingu, saman eru Höllin og Fasteignin Engjavegi kölluð Laugardalshöllin*
11. *Hlutdeildarskírteini:* Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum.
12. *Kauphöll:* Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
13. *Aðalmarkaður Kauphallarinnar:* Skipulegur verðbréfamarkaður skv. skilgreiningu 2. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir sem Kauphöllin rekur.
14. *Verðbréfamiðstöð:* Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
15. *Rekstrarfélagið:* Rekstrarfélag Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.
16. *Fjármálaeftirlitið:* Fjármálaeftirlitið, kt. 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.
17. *Reykjavíkurborg/RVK:* Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.
18. *Samtök Iðnaðarins:* Samtök Iðnaðarins, kt. 511093-2019, Borgartún 35, 105 Reykjavík.
19. *Kr./krónur.: Íslenskar krónur*

3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi, dags. 10. ágúst 2016 er hluti lýsingar, dags. 10. ágúst 2016, sem er gerð vegna umsóknar um töku skuldabréfa með auðkennið FISH 14 1 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum, útgefandalýsingu þessari auk verðbréfalýsingar og samantektar dagsettum þann 10. ágúst 2016. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni varðandi upplýsingar í lýsingunni á tímabilinu frá því að hún er staðfest og þar til að viðskipti með skuldabréfin hefjast á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland mun útgefandi útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Hægt er að nálgast skjölin á skrifstofu Rekstrarfélags Virðingar hf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík og á heimasiðu Rekstrarfélags Virðingar á <http://virdingsjodir.is/utgefild-efni/>.

Útgefandi skuldabréfanna er Fagfjárfestasjóðurinn íSH, kt. 530114-9960, Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Markmið útgefanda er að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins, en skv. 10. gr. reglna sjóðsins sem má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar, hafa eigendur skuldabréfaflokksins FISH 14 1 forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út. Útgefandi nýtir tekjur af veðskuldabréfunum til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. 10. gr. reglna sjóðsins, en þær má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar, eins og áður segir.

4. ÁBYRGIR AÐILAR

4.1. Útgefandi

Útgefandi skuldabréfanna, Fagfjárfestasjóðurinn íSH, er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. IV. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lýtur sem slíkur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

4.2. Umsjónaraðili

Umsjónaraðili töku skuldabréfa Fagfjárfestasjóðsins íSH til viðskipta á Aðalmarkað Kauphallarinnar er Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Umsjónaraðili hefur haft umsjón með sölu skuldabréfanna auk umsjónar og vinnu vegna töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll, þ.m.t. umsjón með gerð lýsingar. Umsjónaraðili er verðbréfafyrirtæki og starfar skv. starfsleyfi útgefnu af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við II. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki.

4.3. Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélags Virðingar hf.

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, sem er stofnandi sjóðsins og fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, lýsir því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.


Reykjavík, 10. ágúst 2016



Kristján Börkur Einarsson, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.



Ólöf Jónsdóttir, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.



Anna Bjarney Sigurðardóttir, stjórnarmaður Rekstrarfélags Virðingar hf.

4.4. Yfirlýsing umsjónaraðila

Virðing hf. lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund félagsins séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 10. ágúst 2016

F.h. Virðingar hf.



Hannes Frímann Hrólfsdóttir

Forstjóri

4.5. Yfirlýsing frá Íþróttá- og sýninggarhöllinni hf.

Íþróttá- og sýninggarhöllin hf. lýsir því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem er að finna í kafla 8. og köflum 1.7.1 til 1.7.3 í þessari útgefandalýsingu og varða Íþróttá- og sýninggarhöllina hf., í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika fyrrgreinda kafla.

Reykjavík, 10. ágúst 2016

F.h. Íþróttá- og sýninggarhallaðarinnar hf.



Sveinn Smári Hannesson

Formaður stjórnar

5. LÖGGILTIRENDURSKOÐENDUR

Endurskoðandi útgefanda frá og með árinu 2014 er Rýni endurskoðun ehf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík og Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd Rýni endurskoðunar ehf. Endurskoðandinn er í Félagi löggiltira endurskoðenda. Í 19. og 20. kafla þessarar útgefandalýsingar má finna endurskoðaða ársreikninga útgefanda fyrir árin 2014 og 2015, undirritaða af endurskoðanda sjóðsins Gunnari Þór Ásgeirssyni. Ekki eru til eldri

fjárhagsupplýsingar fyrir útgefanda þar sem útgefandi var stofnaður í janúar 2014. Áritun ársreikninga 2014 og 2015 eru án athugasemda og segir í áliti endurskoðanda að reikningurinn gefi glöggja mynd af efnahag sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga.

6. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA

Útgefandi skuldabréfanna er Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kt. 530114-9960, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, Ísland. Símanúmer útgefanda er +354-585-6500. Útgefandi er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. IV. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH er útgefandi af eignavarða skuldabréfafloknum FISH 14 1, og var sjóðurinn stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að fjármagna lán til ÍS með útgáfum skuldabréfsins.

6.1. Saga og þróun útgefanda

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH var stofnaður 13. janúar 2014 um fjárfestingu í veðskuldabréfi útgefnu 14. janúar 2014 af Fasteignaféluginu Laugardal ehf., sem hér er kallað ÍSH-bréfið, tryggðu með veði í Fasteigninni Engjavegi og handveðsreikningi ÍS. FL var 1.janúar 2016 sameinað móðurfélagi sínu, ÍS, en Fasteignafélagið Laugardalur var í 100% eigu ÍS, sem er í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka Iðnaðarins. FL var stofnað um nýbyggingar við Laugardalshöllina, þ.e. tengibyggingu og íþróttá- og sýningarhöll við hlið eldri byggingarinnar. Eldri byggingin er í eigu Reykjavíkurborgar en nýbyggingin var í eigu FL, nú ÍS. Öll fasteign FL var leigð út til ÍS, sem framleigði stærstum hluta áfram til Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hafði á móti gert samning við ÍS um fasteignaumsjón á öllum byggingunum (Laugardalshöllinni og íþróttá- og sýningarhöllinni auk tengibyggingar). Allar skyldur og samningar FL eru nú við ÍS.

FL/ÍS leitaði til Virðingar hf. í þeim tilgangi að endurfjármagna eldri lán sín, og var Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH stofnaður um fjárfestingu í því láni. Mun ÍSH-bréfið þ.a.l. vera eina lán útgefanda. Endurgreiðsluferli sjóðsins er því hafið og mun því ljúka í síðasta lagi árið 2049 á lokagjalddaga skuldabréfs þessa, sem einnig er lokagjalddagi ÍSH-bréfsins. Áætlað er að sjóðnum verði þá um leið slitið, en ákvörðun um slit sjóðsins er þó í höndum rekstrarfélagsins skv. 13. gr. reglna sjóðsins sem finna má í 18.kafla útgefendalýsingar þessarar.

6.2. Stofnsamningur og reglur útgefanda

Útgefandi var stofnaður þann 13. janúar 2014 af Rekstrarfélagi Virðingar hf.. Núgildandi reglur útgefanda, samþykktar þann 17. janúar 2014, eru í kafla 18. í þessari útgefandalýsingu.

Skv. 2. mgr. 16 gr. reglna útgefanda er óheimilt að gera breytingar á reglum útgefanda nema með samþykki a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins, m.v. fjárhæð krafna.

6.3. Takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu útgefanda

Í reglum sjóðsins er ekki kveðið á um takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu útgefanda, en þó segir í 10 gr. reglna útgefanda að rekstrarféluginu sé óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins.

6.4. Um hlutdeildarskírteini útgefanda

Skv. 1. mgr. 7. gr. reglna útgefanda, og skv. 3. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er aðeins heimilt að selja fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum hlutdeildarskírteini sjóðsins. Í 2. mgr. 7. gr. reglna sjóðsins er kveðið á um að rekstrarfélags sjóðsins skuli hafa frjálst og óskorað vald til að velja og hafna þeim sem óska eftir að kaupa hlut í sjóðnum.

Skv. 4. mgr. 7. gr. reglna útgefanda kemur fram að stjórn rekstrarfélags sjóðsins skuli samþykja veðsetningu eða framsal hlutdeildarskírteina áður en slík veðsetning eða framsal á sér stað auk þess sem kveðið er á um það að stjórn rekstrarfélags sjóðsins geti hafnað framsali hlutdeildarskírteina án frekari rökstuðnings.

Skv. 5. mgr. 7. gr. reglna útgefanda eru kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum.

Í 8. gr. reglna útgefanda eru reglur er varða innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Þar kemur fram að hlutdeildaskírteini sjóðsins séu ekki innlausnarskyld að kröfu hlutdeildarskírteinishafa en hins vegar sé rekstrarfélagini heimilt að innleysa hlutdeildarskírteini hvenær sem er eftir útgáfu þeirra, að hluta til eða í heild, allt í samræmi við nánari fyrirmæli í greininni. Innlausn skal þó einungis vera heimil hafi útgefandi staðið skil á öllum öðrum skuldbindingum að fullu.

Í 8. gr. reglna sjóðsins eru einnig reglur um greiðslu arðs. Hámark arðs á hverju ári skal vera 10% af nafnvirði útgefinna hlutdeildarskírteina en arður skal greiðast þannig að honum sé bætt við höfuðstól sjóðsins og skili sér þannig til hlutdeildarskírteinishafa í hærra gengi hlutdeildarskírteina. Í lok árs 2014 voru 56.833 krónur færðar á hlutdeildarskírteini og 65.684 krónur í lok árs 2015.

6.5. Um slit eða samruna útgefanda

Skv. 12. gr. reglna útgefanda er með öllu óheimilt að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða lögaðilum.

Í 13. gr. reglna útgefanda er fjallað um slit hans. Samkvæmt henni skal rekstrarfélag útgefanda tilkynna slit útgefanda með tilkynningu til hvers handhafa hlutdeildarskírteina útgefanda og til Fjármálaeftirlitsins en ákvörðun um slit sjóðsins er í höndum rekstrarfélags sjóðsins.

6.6. Ábyrgð á skuldbindingum útgefanda

Í 3. gr. reglna útgefanda er greint frá því að ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins sé fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn eigi hverju sinni. Hvorki rekstrarfélag, vörlufyrirtæki né viðskiptabanki sjóðsins beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins og aðrir kröfuhafar hans geti eingöngu beint kröfum sínum gegn Fagfjárfestasjóðnum ISH.

Hvorki Rekstrarfélag Virðingar hf. né Virðing hf. ábyrgjast greiðslur skuldbindinga útgefanda skv. skuldabréfunum.

7. HELSTU FJÁRFESTINGAR ÚTGEFANDA

7.1. Tilgangur og markmið útgefanda

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins og munu eignir sjóðsins standa að baki greiðslu skuldbindinga hans. Útgefandi hefur fjárfest í ÍSH-bréfinu, sem Íþrótt- og sýningaráhöllin er greiðandi að, með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og láanasamninga sem hann hefir gert, en markmiði útgefanda er lýst í 4.gr. reglna útgefanda. Tilgangur útgefanda, eins og kemur fram í kafla 6 í þessari útgefendalýsingu er veiting láns til ÍS, skuldara ÍSH-bréfsins. Útgefandi fjármagnar sig með útgáfu FISH 14 1 skuldabréfaflokkssins.

Þann 13.janúar 2014 heimilaði stjórn Rekstrarfélags Virðingar útgáfu skuldabréfaflokk að nafnverði allt að krónur 2.040.000.000 fyrir hönd Fagfjárfestasjóðsins ÍSH og gaf Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH þann sama dag út hlutdeildarskírteini í fyrsta sinn og telst sá dagur því stofndagur sjóðsins skv. 2.mgr. 2.gr. reglna útgefanda. Sjóðurinn gaf út ÍSH-bréfið þann 14. janúar 2014 en þann 20. janúar 2014 var gefinn út viðauki við ÍSH-bréfið þar sem vöxtum bréfsins var breytt úr 3,50% í 3,65%. Þann 20. janúar 2014 var skuldabréfið FISH 14 1 gefið út í kerfi Nasdaq Verðbréfamíðstöðvar og viðauki við bréfið þann 15. júlí 2016

7.2. ÍSH-bréfið

ÍSH-bréfið er tryggt með veði á 1.veðrétti í fasteigninni Engjavegi auk handveðs í bankareikningi ÍS sem leigugreiðslur, samkvæmt leigusamningi milli ÍS og Reykjavíkurborgar vegna fasteignarinnar Engjavegi, skulu lagðar inn á. Verðmæti fyrrnefndra trygginga skal aldrei fara undir 120% af uppreiknuðum eftirstöðvum ÍSH-bréfsins. Komi í ljós að verðmæti trygginga uppfylli ekki skilyrðið skal skuldara tilkynnt um vanefnd og gefinn 20 viðskiptadaga frestur til úrbóta, annað hvort með því að bæta við nýjum tryggingum sem eru ásættanlegar að mati lánveitanda, eða með því að greiða niður skuldabréfið ásamt uppgreiðslugjaldi þannig að ofangreindum veðsetningarhlutföllum sé aftir náð.

Eigendur ÍS, Reykjavíkurborg og Samtök Iðnaðarins, hafa skuldbundið sig til að halda rekstri ÍS í jafnvægi samkvæmt rammasamningi um byggingu, fasteignastjórnun og leigu Íþrótt- og sýningaráhöllarinnar í Laugardal og um endurbætur og fasteignastjórnun á Hölliinni, hér eftir „rammasamningurinn“. Í 7 gr. Rammasamningsins kemur fram: „Ef árlegur rekstrarkostnaður ÍS, þ.e. rekstur Hallarinnar og Íþrótt- og sýningaráhöllarinnar svo og tekjur ÍS vegna mannvirkjanna, breytast frá fyrirliggjandi rekstraráætlun skulu greiðslur RVK til ÍS vegna aðstöðuleigu í Íþrótt- og sýningahölliinni og vegna fasteignastjórnunar þessara mannvirkja verða lagfærðar þannig að rekstur og greiðslustreymi ÍS verði alltaf jákvæður frá ári til árs. Sem viðmið hvers árs skal rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA) að frádregnum vaxtakostnaði og afborganum lána á hverju ári vera hærra en 0“.

Í viðauka 4 við Rammasamninginn kemur fram í grein 7.4: „Ef kostnaður við rekstur Íþrótt- og sýningaráhöllarinnar svo og tekjur ÍS vegna hennar breytast verulega miðað við fyrirliggjandi kostnaðaráætlun sem aðilar hafa kynnt sér, skulu greiðslur til ÍS vegna fasteignaumsjónar mannvirkisins, verða endurskoðaðar. Er auk þess gert ráð fyrir að slík endurskoðun fari fram ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.“

Upphaflegur höfuðstóll ÍSH-bréfsins endurgreiðist ásamt uppsöfnuðum vöxtum á hverjum tíma með jöfnum greiðslum sem breytast í samræmi við vísítölu neysluverðs á

eftirstöðvum lánstímans. Skuldabréfið miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir janúar 2014, eða 416,7 stig. Fjórir gjalddagar eru á ári hverju, 1.janúar, 1.apríl, 1.júlí og 1.október. Skuldara er heimilt að greiða upp lánið á samningsbundnum gjalddögum án samþykis lánveitanda frá og með 1.janúar 2024 gegn greiðslu á 2% uppgreiðslugjaldi af eftirstöðvum lánsins á uppgreiðsludegi. Skuldari skal tilkynna lánveitanda með a.m.k. 15 bankadaga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.

Lánið ber fasta 3,65% vexti, sem skulu reiknaðir eftir dagareglu 30E/360. Í veðskuldabréfi sem gefið var út þann 14. janúar 2014 voru vextir bréfsins 3,50% en þann 20. janúar 2014 var gefinn út viðauki við skuldabréfið þar sem vöxtum bréfsins var breytt úr 3,50% í 3,65%.

Ef til þess kemur að skuldari ÍSH-bréfsins greiði lán upp að fullu eða greiði inn á bréfið, í samræmi við framangreint, ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfunum skv.útgáfu þessari. Útgefandi skal tilkynna skuldabréfaeigendum með a.m.k. 15 daga fyrirvara hyggist hann nýta sér framangreinda heimild.

Stærsti mótaðili útgefanda er Íþrótt- og sýningaráhöllin hf.(ÍS) með rúmlega 99% af mótaðilaáhættu. Aðrir mótaðilar útgefanda geta verið útgefendur af þeim fjárfestingarkostum sem rúmast innan fjárfestingarstefnu útgefanda sem finna má í 4.gr. reglna sjóðsins, t.d. verðbréfasjóðir eða bankastofnanir.

8. UPPLÝSINGAR UM MÓTAÐILA ÚTGEFANDA Í FJÁRFESTINGUM

Fasteignafélagið Laugardalur ehf var í 100% eigu ÍS fyrir sameiningu þeirra og voru félögin gerð upp bæði sem stök félög og einnig sem samstæða. FL var stofnað um nýbyggingu við Laugardalshöllina, þ.e. tengibyggingu og fasteignina Íþrótt- og sýningaráhöllina sem stendur við hlið eldri byggingarinnar, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, og var eini tilgangur félagsins að fjármagna fasteignina. Þar sem FL hefur verið yfirtekið af móðurfélagi sínu ÍS, er ÍS nú mótaðili útgefanda.

8.1. Um Íþrótt- og sýningaráhöllina

Íþrótt- og sýningaráhöllin hf. (ÍS), kt.481200-3340, Engjavegi 8, 108 Reykjavík, sími 00 354 585 3300, er íslenskt hlutafélag, og starfar samkvæmt lögum 2/1995 um hlutafélög. Fullt nafn félagsins er Íþrótt- og sýningaráhöllin hf. og er það einnig viðskiptaheiði félagsins. ÍS var stofnað árið 2000 í þeim tilgangi að byggja og reka viðbyggingu við Laugardalshöllina. Á árinu 2015 störfuðu að meðaltali 9 starfsmenn hjá ÍS/FL, sami fjöldi og árið 2014.

Samkvæmt núverandi samþykktum ÍS er tilgangur félagsins „rekstur fjölnota Íþrótt- og sýningaráhúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast ásamt lóð og bílastæðum þeim tengdum. Félagið sér um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirra þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra Íþróttatengdra mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi“. Tilgangur Fasteignafélagsins Laugardals var „að eiga Íþrótt- og sýningaráhöllina í Laugardal, Reykjavík og annast fasteignarekstur hennar“. Í kjölfar sameiningar félaganna mun tilgangur ÍS útvíkkast og innihalda fyrrum tilgang FL. Tilgang og markmið ÍS má finna í 3.grein samþykkta ÍS og í 2.grein stofnsamnings félagsins.

ÍS er almennt hlutafélag og er stofndagur þess 8. desember 2000. Endurskoðendur félagsins eru DFK Endurskoðun ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík, og áritar Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda,

ársreikning félagsins fyrir árin 2014 og 2015 án nokkurra fyrirvara.

ÍS er í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka Íðnaðarins. ÍS leigir fasteignina Engjavegi að stærstum hluta til Reykjavíkurborgar og hefur gert við hana samning um fasteignaumsjón á Höllinni (eldri fasteigninni) og Íþróttar- og sýningarhöllinni (nýrri fasteigninni) auk tengibyggingar, sem saman ganga í daglegu tali undir heitinu Laugardalshöllin.

Í Laugardalshöll eru fimm íþróttasalir: Höllin og frjálsíþróttasalur auk lyftingasalar, ballettssalar og golfæfingasvæðis. Í húsinu er fjöldi mismunandi ráðstefnu- og veislusala auk skemmtilegra sýningasvæða. Bróðurpart hvers árs fer fram skipulögð íþróttastarfsemi á vegum Reykjavíkurborgar í höllinni, ásamt tilfallandi stórleikjum og stærri íþróttaviðburðum. Flestir landsleikir og stærri íþróttakappleikir landsins sem leiknir eru innanhúss fara fram í Laugardalshöll. Önnur starfsemi hússins er útleiga á aðstöðu sem er í boði, þ.e. veitinga- og ráðstefnusalir, tónleikar, veislur, stórar ráðstefnur og vörusýningar. Laugardalshöllin er flaggskip húsa þegar kemur að tónleikahaldi, ráðstefnum og stórum vörusýningum en húsið rúmar allt að 11.000 manns. Aðstaðan er einnig vinsæl þegar kemur að stórum árshátíðum enda stærsta hús sinnar tegundar á þeim markaði. Eru tekjur félagsins þ.a.l. nær eingöngu af aðstöðuleigu og þjónustu í Laugardalshöll. Helsti leigusamningur ÍS er við Reykjavíkurborg, sem einnig er helmingseigandi ÍS, og rennur sá samningur út árið 2035. Náist ekki ásættanlegur leigusamningur við Reykjavíkurborg eða annan aðila fyrir 1. október 2034 myndast gjaldfellingarheimild á ÍSH-bréfið. Er ÍS því mjög háð leigusamningi sínum við RVK.

Tekjur ÍS eru um 70% leigutekjur frá Reykjavíkurborg, en 30% vegna leigu og annrar þjónustu vegna tónleika, veislna, ráðstefna, vörusýninga og annara viðburða sem Laugardalshöllin er leigð út vegna. Helstu gjöld félagsins eru vegna reksturs og viðhalds hússins og er handbæru fé haldið til haga til fjármögnunar á slíku. Hefur þ.a.l. ekki verið greiddur arður úr félagini og eru ekki uppi áætlanir um slíkt.

8.2. Stjórn ÍS

Í stjórn ÍS sitja fulltrúar frá Reykjavíkurborg og Samtökum Íðnaðarins og eru stjórnarmenn kjörnir til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri félagsins fer með prókúruumboð og rita firmað þrír stjórnarmenn saman. Hér að neðan eru upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra ÍS. Heildarlaun til framkvæmdastjóra og stjórnarmanna ÍS og FL, sem voru þeir sömu, voru 19.288.000 krónur á árinu 2015, en innifalið í því eru hlunnindi framkvæmdastjóra. Þá hefur enginn þessara aðila gert starfssamning við ÍS um hlunnindi við starfslok, ekkert verið lagt til hliðar af ÍS vegna lífeyris, starfsloka né annara slíkra hlunninda og á enginn þeirra eignarhluti í ÍS. Um skipan stjórnar og framkvæmdastjóra er fjallar í 17, 18 og 19 grein samþykkta ÍS þar sem segir að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum og tveim til vara, stjórnarfundir séu aðeins lögmætir ef að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund, stjórn skipti sjálf með sér verkum og að stjórn ráði framkvæmdastjóra og ákveði starfskjör hans.

Óli Öder Magnússon starfar sem framkvæmdastjóri Íþróttar- og sýningahallarinnar hf., Engjavegi 8, 108 Reykjavík, og var áður einnig framkvæmdastjóri Fasteignafélagsins Laugardals. Hann var áður aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Íþróttar- og sýningahallarinnar, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Exton ehf., starfaði við hljóðkerfi Reykjavíkurborgar, sem sjálfstætt starfandi tæknimaður og sem ráðgjafi. Óli er meðstjórnandi í Flugfélaginu Geirfugl ehf. og dótturfélagi þess Svalt loft ehf. Hann er stjórnarformaður í Flugflutningar ehf. og í Fljúgðu slf. en Flugflutningar ehf. eiga 51% hlut

í Fljúgðu slf. Einnig er hann stjórnarmaður í félögunum Klassi ehf. og Aux ehf. en í þeim er engin starfsemi í dag.

Sveinn Smári Hannesson hefur setið í stjórn ÍSH frá upphafi en er nú stjórnarformaður. Sveinn starfar einnig sem stjórnarformaður Gámaþjónustunnar hf, Súðarvogi 2, 104 Reykjavík, en þar var hann framkvæmdastjóri frá árinu 2007 til 2015. Sveinn er viðskiptafræðingur, Cand. oecon. frá Háskóla Íslands 1974 og starfaði eftir það í eitt ár hjá Ríkisábyrgðasjóði, en síðan hjá Landssambandi iðnaðarmanna frá árinu 1975 til 1982, þegar hann var ráðinn forstöðumaður hagdeildar og síðar lánasviðs Iðnaðarbanka Íslands hf. Haustið 1986 var hann ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri Lýsingar hf. eignarleigu, sem þá var að hefja starfsemi. Hann gegndi því starfi til ársins 1992 en þá var hann ráðinn framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnreknda og síðan Samtaka iðnaðarins. Gegndi því starfi til ársloka 2007 eða í 16 ár. Sveinn hefur setið í stjórnnum ýmissa fjármálastofnana, hlutabréfasjóðs, þróunarfyrtækja, hugverkaverndar- og verktakafyrtækja undanfarna þrjá áratugi. Einnig sat hann í stjórn þriggja lífeyrissjóða og í stjórn VSÍ og síðan SA í rúman áratug. Situr nú auk Gámaþjónustunnar hf. í stjórn FSÍ Framtakssjóðs Íslands GP hf., Silicor Materials Iceland hf., Efnamóttökunnar hf. og Arnason/Faktor ehf. (hugverkavernd). Sveinn situr í stjórn ÍS fyrir hönd Samtaka Iðnaðarins.

Pórunn Pálsdóttir hefur setið í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar frá árinu 2013. Pórunn starfar sem löggiltur fasteignasali hjá fasteignasölunni Mikluborg, Lágmúla 4, 108 Reykjavík, en var áður viðskiptasjóri í einkabankapjónustu Íslandsbanka og um árabil fjármálastjóri hjá Ístaki. Pórunn er stjórnarmaður í Kviku banka. Hún sat í stjórn Framtakssjóðs Íslands slhf frá 2014-2015 og varastjórn TM frá 2012-2015. Hún hefur m.a. setið í eftirtöldum stjórnnum: Verslunarráð Íslands, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Toyota á Íslandi hf, Dansk- Íslenska viðskiptaráðið og Íslenski dansflokkurinn. Pórunn var varaborgarfulltrúi fyrir sjálfstæðisflokkinn á árunum 1994-1998 og átti sæti í ýmsum ráðum og nefndum. Pórunn er með stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund, próf í byggingarverkfraði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá University of San Francisco. Hún er með próf í verðbréfaviðskiptum og er löggiltur fasteignasali. Pórunn situr í stjórn ÍS fyrir hönd Samtaka Iðnaðarins.

Halldóra Káradóttir hefur verið stjórnarmaður í Íþrótt- og sýningahöllinni síðan árið 2009. Halldóra er skrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, og starfar jafnframt sem deildarstjóri áætlunar- og greiningardeildar. Hún hefur sinnt þeim verkefnum frá árinu 2006. Halldóra starfaði áður hjá Samskipum frá árinu 1995 til 2006, þar af sem deildarstjóri vöruhúsadeilda frá árinu 1999. Halldóra er viðskiptafræðingur, Cand. oecon. frá Háskóla Íslands og með meistargráða í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands. Halldóra situr í stjórn ÍS fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Ómar Einarsson hefur setið í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar frá upphafi, nú sem varaformaður. Ómar starfar sem svíðsstjóri Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Hann hefur verið svíðsstjóri/framkvæmdastjóri ÍTR síðan 1986, en var áður framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur. Ómar hefur setið í fjölda stjórnna, starfshópa, byggingarnefnda o.f.l. fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Einnig hefur hann setið í Æskulýðsráði ríkisins og Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd Sambands sveitarfélaga. Ómar situr í stjórn ÍS fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Helgi Magnússon hefur setið í stjórn Íþrótta og sýningahallarinnar frá árinu 2008. Helgi starfar sem framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Hörpu ehf., Hofgörðum 13, 170 Seltjarnarnes, en var áður framkvæmdastjóri Málningarverksmiðjunnar Hörpu og Höru-Sjafnar. Hann var ritstjóri Frjálsrar verslunar og rak eigin endurskoðunarfyrtæki. Helgi er varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hann er stjórnarformaður Bláa lónsins hf. og Húsasmiðjunnar og á sæti í stjórn Marels hf. Helgi sat í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins 2006 - 2013. Hann var formaður Samtaka iðnaðarins 2006 - 2012, átti sæti í stjórn Íslandsbanka hf. 1997 - 2005 og hefur m.a. setið í eftirtoldum stjórnnum: Verslunarráð Íslands, Stúdentaráð, Knattspyrnudeild Vals, Valsmenn hf., Harpa hf., Harpa-Sjöfn hf., Flügger ehf., Íslenskur markaður hf., Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Þróunarfélag Íslands hf., Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Landssamtök lífeyrissjóða og Átak til atvinnusköpunar. Helgi er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Helgi situr í stjórn ÍS fyrir hönd Samtaka iðnaðarins.

Jón Bjarni Gunnarsson hefur verið varamaður í stjórn Íþrótta og sýningahallarinnar frá upphafi. Jón starfar sem aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Hann er viðskiptafræðingur frá HÍ auk þess að hafa lokið námssamningi í trésmíði. Jón Bjarni starfaði áður sem framkvæmdastjóri Ofnasmiðjunnar en þar áður var hann fjármálastjóri í 17 ár hjá Hörpu Sjöfn sem nú heitir Flügger. Jón er varaformaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins og situr einnig í stjórn Sundabogans slhf., Hitaveitu Bergsstaða ehf. og Tréhauss ehf. Jón Bjarni er varamaður í stjórn ÍS fyrir hönd Samtaka iðnaðarins.

Steinþór Einarsson hefur verið varamaður í stjórn Íþrótta og sýningahallarinnar frá upphafi. Steinþór starfar sem skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustu á skrifstofu ÍTR, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Hann hefur verið skrifstofustjóri frá árinu 2004, en áður var hann markaðsstjóri ÍTR og forstöðumaður félagsmiðstöðva ÍTR. Steinþór hefur diplómapróf í markaðs- og útflutningsfræði frá Háskóla Íslands auk Íþróttakennaraprófs frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni. Steinþór var formaður Samfylkingarinnar í Garðabæ frá 2003-2006, var gjaldkeri evrópusamtaka félagsmiðstöðva frá 2000-2004 og sat í bæjarráði Garðabæjar frá 2006-2007 og 2009-2010. Hann situr í stjórn ÍS fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Stjórnarmenn eru ekki óháðir, en þeir sitja í stjórn fyrir hönd SI eða Reykjavíkurborgar. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna ÍSH eða framkvæmdastjóra. Enginn ofangreindra aðila hefur verið sakfelldur vegna svikamála síðastliðin fimm ár, hlotið opinbera kæru og/eða viðurlög af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda síðastliðin fimm ár eða verið dæmdur vanhæfur til að starfa sem aðili í stjórn, framkvæmdarstjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda verðbréfa eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá útgefanda verðbréfa síðustu fimm ár. Eins hefur enginn ofangreindra verið aðili að félagi sem hefur verið slitið, orðið gjaldþrota eða sætt skiptameðferð síðastliðin fimm ár.

Engir hagsmunárekstrar eru á milli skyldustarfa stjórnarmanna ÍSH og framkvæmdastjóra og persónulegra hagsmunu þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Skv.12.gr. samþykkta ÍS skal halda aðalfund fyrir lok júní ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. 1/10 hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan fjórtán daga. Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa á sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara

en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða 2/3 hlutafjár í féluginu.

8.3. Stjórnarhættir

Starfsemi ÍS telst ekki til starfsemi tengdri almannahagsmunum og er því ekki skyldt að halda úti endurskoðunar- eða launaneftnd. ÍS uppfyllir ekki reglur Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja enda ekki krafa um slíkt.

8.4. Skipulag

Líkt og áður hefur komið fram var Fasteignafélagið Laugardalur (FL) í 100% eigu ÍS sem er í helnings eigu Reykjavíkurborgar og helnings eigu Samtaka lðnaðarins og voru FL og ÍS einu félögin sem töldust til samstæðunnar. Hefur móðurfélagið ÍS nú tekið yfir FL. ÍS er ekki kunnugt um að til staðar sé fyrirkomulag sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir félagini.

Hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í félagini í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína samkvæmt 6 grein samþykktá ÍS. Neyti hluthafi ekki forgangsréttar síns er honum heimilt að framselja hlutfallsleg áskriftarréttindi sín til þriðja aðila. Samkvæmt 8 grein samþykktá ÍS hefur stjórn félagsins forkaupsrétt fyrir hönd félagsins á fölum hlutum. Að félagini frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Óheimilt er að selja, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti í félagini án samþykkis félagsstjórnar. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félagini umfram þau sérréttindi sem Reykjavíkurborg nýtur, sbr. 5 grein samþykktá ÍS en þar kemur fram að ef arður af hlutafé verði meiri en 10% í árlegum rekstri félagsins skuli 50% umframhagnaðar ráðstafað til lækkunar á leigureiðslum sem Reykjavíkurborg greiðir vegna fjölnotahússins og/eða til lækkunar á öðrum kostnaðir Reykjavíkurborgar vegna viðskipta við félagið. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Arður hefur ekki verið greiddur úr rekstri ÍS frá stofnun félagsins, og ekki eru uppi áform um slíkt. Stefna stjórnar félagsins er að ÍS geti án lántöku staðið straum af stærri viðhalds verkefnum líkt og endurnýjun á gólfefnum ofl. og er því öllum hagnaði haldið til haga til slíkra framkvæmda. Engar takmarkanir eru þó á arðgreiðslum, að frátöldum fyrnefndum sérréttindum Reykjavíkurborgar sbr. 5. gr. samþykktá ÍS.

Tillögur um breytingar á samþykktum ÍS má ekki taka til meðferðar á fundum hafi þess ekki verið getið í fundarboði. Að því fráskyldu gilda um breytingu samþykktá sömu reglur og 93 gr. laga 2/1995 um hlutafélög þar sem segir að samþykktum megi breyta með 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

8.5. Fjármögnun samstæðunnar

FL fékk leiðréttingu á erlendum lánum árið 2010 og var öllum langtímaskuldum félagsins samhlíða breytt yfir í verðtryggðar skuldir. Í ársbyrjun 2014 voru þær skuldir svo endurfjármagnaðar með verðtryggðu langtímaláni til Fasteignafélagsins Laugardals frá Fagfjárfestasjóðnum ÍSH á kjörunum 3,65%. Lánið var síðar fært til móðurfélagsins, ÍS, þegar það tók yfir FL 1.janúar 2016. Lánið frá Fagfjárfestasjóðnum ÍSH er eina langtímafjármögnum félagsins og telur stjórn ekki þörf á frekari lánsfjármögnum. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok 2015 var 20,4%.

Fjárhæðir í 000 ISK	2015	2014
Eigið fé	584.969	667.016
Eiginfjárlutfall	20,4%	23%
Skammtímaskuldir	140.112	72.420
Langtímaskuldir	2.136.587	2.149.189
Stærð efnahags	2.861.668	2.888.625

8.6. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Sögulegar fjárhagsupplýsingar sýna félögin tvö, FL og ÍS, sem samstæðu, líkt og þau voru gerð upp fram að sameiningunni þann 1.1.2016 og er fjárhagsárið frá 1.janúar til 31.desember ár hvert. Þær sögulegu fjárhagsupplýsingar sem finna má hér að neðan ná yfir tímabilið 1.1.2014-31.12.2015. Ársreikningar félagsins eru endurskoðaðir samkvæmt góðri endurskoðunarvenju. Reikningarnir eru samstæðureikningar fyrir félögin FL og ÍS, þar sem sameining fór fram þann 1.1.2016.

Reikningsskilum ÍS er hagað í samræmi við við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Hlutafé í íþróttu- og sýningaráhöllinni hf. er kr. 100.000.000 að nafnvíði, kr.1000 hver hlutur, sem greitt hefur verið að fullu og eiga Reykjavíkurborg og Samtök lõnaðarins sinn helminginn hvor, með jafnan atkvæðisrétt. Er félagið því ekki í beinni né óbeinni eigu né undir yfirláðum eins aðila. Fjöldi útistandandi hluta hefur verið sá sami frá stofnun ÍS. Ekki er útistandandi heimild stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár, en heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

8.6.1. Rekstrarreikningur 2013, 2014 og 2015.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarreikning áranna 2014 og 2015.

	2015	2014	2013
Rekstrartekjur			
Tekjur Reykjavíkurborg.....	252.747	240.451	230.282
Húsaleigutekjur.....	18.742	23.344	22.654
Þjónustutekjur og aðrar tekjur.....	70.134	80.837	73.568
Rekstrartekjur samtals	341.623	344.632	326.504
Rekstrargjöld			
Efni og aðkeypt þjónusta til endursölu.....	29.708	24.116	24.656
Laun og launatengd gjöld.....	68.641	65.375	61.255
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	11.079	13.886	8.046
Rekstur húsnæðis, áhaldra og tækja.....	112.921	109.668	101.570
Kostnaður vegna útleigu og þjónustu.....	28.924	30.462	32.161
Afskriftir.....	96.640	91.361	94.139
Rekstrargjöld samtals	347.914	334.868	321.827

	2015	2014	2013
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	10.969	4.380	4.316
Vaxtagjöld og verðbætur.....	-115.561	-114.400	-161.592
Endurgreiðslur vegna lánaleiðréttинга.....	0	185.057	0
Hlutdeildargjöld.....	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>-104.592</u>	<u>75.037</u>	<u>-157.277</u>

Óreglulegar tekjur og gjöld

Greidd virðisaukaskattkvöð	-61.908	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-172.791	84.800	-152.600
Hagnaður (tap) ársins	-138.577	67.832	-122.087

* allar upphæðir eru í þúsundum króna

Innan hagnaðar ársins 2014 er endurgreiðsla að fjárhæð 185,1 milljón króna. Félagið fékk endurgreiddar 171,6 milljónir króna frá Íslandsbanka hf. vegna ólögmætra lána og frá SP Fjármögnun hf. 13,5 milljónir króna vegna fjármögnumnarleigusamnings. Félagið er að láta vinna greinargerð og endurútreikninga vegna fleiri lánasamninga við Íslandsbanka hf., en óvist er hver endanleg fjárhæð þeirrar endurkröfу verður.

Við sameiningu ÍS og FL verða ekki miklar breytingar, þar sem félöginn hafa verið gerð upp sem samstæða. ÍS væntir þó að hagnaður félagsins muni aukast sem nemur þeim innskatti sem félagið tapaði áður þar sem FL skilaði fullum útskatti af leigu til ÍS, en ÍS gat ekki nýtt nema tæpan helming af virðisaukaskattinum til frádráttar. Í samstæðureikningi ÍS fyrir árið 2014 var þannig gjaldfærður innskattur af húsaleigunni kr.43.000.000.

8.6.2. Efnahagsreikningur 2013, 2014 og 2015.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir efnahagsreikning í árslok 2013, 2014 og 2015.

	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Fasteign.....	2.520.217	2.536.685	2.490.421
Áhöld og tæki.....	7.742	1.820	1.365
Eignarhluti í fjárfestingarsjóði	297	297	
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	11.532	29.487	29.283
Aðrar skammtímakröfur.....	6.248	2.603	3.747
Bankainnistæður.....	315.929	318.030	97.456
Eignir samtals	<u>2.861.965</u>	<u>2.888.922</u>	<u>2.622.272</u>
Eigið fé			
Hlutafé	100.000	100.000	100.000
Annað eigið fé	484.969	567.016	404.458
Eigið fé samtals	<u>584.969</u>	<u>667.016</u>	<u>504.458</u>

Skuldir			
Verðtryggt lán í ISK.....	<u>2.048.410</u>	<u>2.038.870</u>	<u>1.992.086</u>
Tekjuskattskuldbinding.....	<u>120.457</u>	<u>140.538</u>	<u>99.889</u>
Ógreiddur kostnaður.....	<u>89.438</u>	<u>23.893</u>	<u>23.021</u>
Ógreiddir áfallnir vextir.....	<u>18.692</u>	<u>18.605</u>	<u>2.818</u>
Skuldir samtals	<u>2.276.997</u>	<u>2.221.906</u>	<u>2.117.814</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>2.861.965</u>	<u>2.888.922</u>	<u>2.622.272</u>

* allar upphæðir eru í þúsundum króna

Engar fjárfestingar eru áætlaðar né umsamdar hjá ÍS, og hafa ekki verið verulegar fjárfestingar hvorki hjá FL né íS að frátaldi byggingu fasteignanna íþróttar- og sýningaráhallaðinnar og viðbyggingaráhallaðinnar, sem eru helsta eign íS, nema við smávægilegt viðhald. Árið 2015 nam slíkur kostnaður tæpum 8 milljónum, og tæpum 19 milljónum árið 2014. Greitt var fyrir fjárfestingarnar með handbæru fé félaganna.

Engar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu íS hafa átt sér stað frá lokum síðustu endurskoðuðu reikningsskila, þ.e. frá 31. desember 2015, sem hafa veruleg áhrif á rekstur eða stöðu félagsins.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum íS síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil fyrir árið 2015, voru birt þann 15.febrúar 2016.

8.6.3. Sjóðsstreymi 2013, 2014 og 2015.

	2015	2014	2013
Handbært fé frá rekstri:			
(Tap) hagnaður ársins...	<u>(138.577)</u>	<u>67.832</u>	<u>(122.087)</u>
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstr.	-	-	-
Afskriftir fastafjármuna.....	<u>96.640</u>	<u>91.361</u>	<u>94.139</u>
Reiknaðar verðbætur.....	<u>40.430</u>	<u>21.054</u>	<u>70.373</u>
Söluhagnaður.....	<u>(1.795)</u>	-	-
Hlutdeildargjöld (tekjur).....	-	-	-
Reiknaður tekjuskattur.....	<u>(34.214)</u>	<u>16.968</u>	<u>(30.512)</u>
Hreint veltufé (til) frá rekstri	<u>(37.515)</u>	<u>197.215</u>	<u>11.912</u>
Breytingar á rekstrart. eigum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun.....	<u>14.310</u>	<u>940</u>	<u>2.830</u>
Skammtímaskuldir, hækjun (lækkun).....	<u>65.632</u>	<u>16.659</u>	<u>(1.112)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>42.427</u>	<u>214.813</u>	<u>13.630</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Framkvæmdakostnaður.....	<u>(7.963)</u>	<u>(18.717)</u>	<u>(14.714)</u>
Keypt áhöld og tæki.....	<u>(8.424)</u>	<u>(956)</u>	-
Seld áhöld og tæki.....	<u>2.750</u>	-	-
Keyptur eignarhlutur í fjárfestingarsjóði.....	-	<u>(297)</u>	-
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(13.637)</u>	<u>(19.970)</u>	<u>(14.714)</u>

Fjármögnunarhreyfingar				
Skuld við tengda aðila, hækku.....	-	-	-	-
Mismunur vegna endurfjármögnum.....	-	47.914	-	-
Afborganir af langtímaláni.....	(30.890)	(22.184)	(4.938)	
Fjármögnunarhreyfingar	(30.890)	(25.731)	(4.938)	
 Breyting á handbæru fé	(2.101)	220.574	(6.021)	
Handbært fé í ársþyrjun	318.030	97.456	103.477	
Handbært fé í árslok	<u>315.929</u>	<u>318.030</u>	<u>97.456</u>	

8.7. Ágreiningsmál

ÍS er ekki og hefur ekki verið aðili að neinum stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu 12 mánaða frá dagsetningu útgefandalýsingar þessarar sem kunna að hafa eða hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins.

Eins hefur ÍS enga opinbera, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnsmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur félagsins.

8.8. Skjöl til sýnis

Meðan lýsing þessi er í gildi er hægt eftir atvikum að nálgast eftirfarandi skjöl á pappírsformi á skrifstofu Vírðingar hf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík:

- a) Stofnsamning og samþykktir íþróttá- og sýningahallarinnar
- b) Samstæðuársreikninga ÍS og FL fyrir árin 2013, 2014 og 2015.

9. FJÁRFESTINGARMARKMIÐ OG –REGLUR ÚTGEFANDA

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga hans. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldiskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og láanasamninga sem hann hefur gert. Nánar er gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins í 4. gr. reglna útgefanda, en þær má finna í 18. kafla þessarar útgefandalýsingar.

9.1. Fjárfestingarmarkmið

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH hefur fjárfest í ÍSH-bréfinu, sem lýst er í kafla 7.2. í þessari útgefandalýsingu. Sjóðurinn gefur út einn skuldbréfaflokk, FISH 14 1, er stærð flokksins 2.040.000 krónur og er heildarheimild hans fullnýtt og ekki áætlað að fleiri verðbréf verði gefin út í flokknum. Sjóðurinn er einnig lokaður, verða ekki gefin út fleiri hlutdeildarskíteini og fjárfestingar takmarkaðar sbr. 4. gr. reglna sjóðsins. Allar eignir og réttindi útgefanda standa til tryggingar skuldbréfunum og eru þau jafnsett innbyrðis.

Útgáfu FISH 14 1 verður hagað þannig að fjárfestingar sjóðsins standi undir greiðsluflæði þeirra skuldbindinga sem útgáfa skuldbréfaflokkins ber í för með sér. ÍSH-bréfinu, sem

nemur um 99% af eignum útgefanda, er ætlað þetta hlutverk. Geta útgefanda til þess að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum og öðrum kröfuhöfum er því háð greiðslugetu ÍS til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt ÍSH-bréfinu. Skv. 10. grein reglna sjóðsins skal eignum sjóðsins ráðstafað í eftirfarandi röð:

- 9.1.1. Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. umsýsluþóknun skv. 6. gr. reglna útgefanda.
- 9.1.2. Í samræmi við skilmála skuldaskjala eða lánasamninga sem Fagfjárfestasjóðurinn í SH hefur gefið út eða gert.
- 9.1.3. Til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við reglur sjóðsins en þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirriggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað. Arður hvers árs er að hámarki 10% af nafnvirði útgefinna hlutdeildarskírteina. Arði skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
- 9.1.4. Til greiðslu umfram endurheimtur. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við veðskuldabréf sem hann hefur keypt og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur sjóðsins, ber honum að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við fjárhæð kröfu þeirra.
- 9.1.5. Afgangsstærðir við slit. Þeir fjármunir sem eftir standa í sjóðnum þegar liðir 1, 2, 3 og 4 hafa verið greiddir og öll hlutdeildarskírteini innleyst, greiðast til rekstrarfélagsins við slit sjóðsins.

Rekstrarfélagini er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins.

9.2. Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna útgefanda skv. 4 gr. gildandi reglna hans er sú að honum er heimilt að fjárfesta í eftirfarandi eignaflokum:

- a) Veðskuldabréf, útgefið af Fasteignafélagini Laugardal ehf., kt.551002-3140 (síðar sameinað íþrótt og sýningarhöllinni hf., kt. 481200-3340.)
- b) Verðbréfasjóðir/fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum, víxum og innlánum
- c) Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé

Rekstrarfélag útgefanda og vörluaðili hans fylgjast með því að fjárfestingar útgefanda séu í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Brot á fjárfestingartakmörkunum útgefanda eru ekki tilkynnt sérstaklega til fjárfesta.

Samkvæmt 16. grein reglna sjóðsins er óheimilt að gera breytingar á reglum útgefanda, og þar með talið fjárfestingarstefnu hans, nema með samþykki a.m.k. 90% kröfuhafa sjóðsins, m.v. fjárhæð krafna. Sjóðsstjóri mun stýra eignum sjóðsins í samræmi við og innan marka fjárfestingarstefnunnar. Við mat á fjárfestingarkostum verður m.a. stuðst við mat sjóðsstjóra á markaðsaðstæðum hverju sinni og öðrum viðurkenndum aðferðum.

Þar sem sjóðurinn er lokaður fagfjárfestasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er hann sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða.

10. SKIPULAG

Rekstrarfélag Virðingar hf. annast rekstur útgefanda og starfar félagið eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Útgefandi var stofnaður af Rekstrarfélagi Virðingar hf., og er rekinn í einni deild, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna útgefanda. Rekstrarfélag Virðingar hf. er í eigu Virðingar hf.

Rekstrarfélag Virðingar annast fjárfestingar útgefanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglna útgefanda og hefur stýrt þeim þannig að þær séu í samræmi við fjárfestingarstefnu þá sem skilgreind er í 4. gr. reglnanna.

10.1. Útvistunar- og vörluaðili útgefanda

Útvistunaraðili útgefanda er Virðing hf. samkvæmt útvistunarsamningi milli Virðingar hf. og Rekstrarfélags Virðingar hf., dags. 11. febrúar 2011.

Skv. fyrrgreindum samningi skal Virðing annast eftirtalin verkefni fyrir rekstrarfélagið:

- Bókhaldsþjónustu
- Lögfræðiþjónustu
- Þjónustu við viðskiptavini rekstrarfélagsins
- Mat á verðmæti eigna sjóða rekstrarfélagsins
- Halda utan um skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina
- Útreikning innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina
- Útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina
- Uppgjör viðskipta
- Markaðssetningu sjóða

Kveðið er á um þagnarskyldu starfsmanna vörlufyrirtækisins og jafnframt um skyldu rekstrarfélagsins til að hafa eftirlit með starfsemi útvistunaraðila. Einnig er kveðið á um ótakmarkaðan aðgang lögbærra eftirlitsaðila og einnig um skyldur skv. lögum um varnir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá kveður samningurinn á um skyldu Virðingar til þess að framkvæma þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja skilvirkta eftirlit rekstrarfélagsins auk þess sem Virðingu ber að tryggja aðgengi lögbærra eftirlitsaðila að öllum gögnum hjá útvistunaraðila vegna útvistaðra verkefna.

Til viðbótar ofangreindum verkefnum sinnir Virðing hf. hlutverki vörluaðila fyrir Rekstrarfélag Virðingar hf. skv. samningi á milli félaganna þess efnis dags. 29. nóvember 2010, sbr. viðauki við samninginn dags. 23. apríl 2014. Samkvæmt samningnum skal vörluaðili gæta þess að Rekstrarfélagið hafi ávallt aðgang að skjólum og öðrum gögnum sem það varða og eru í umsjá og vörlum vörluaðila. Þá skulu starfsmenn vörluaðila vera bundnir þagnarskyldu, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Vörlufyrirtækið skal gæta þess að halda fjármunum sjóða rekstrarfélagsins aðgreindum frá eigin fjármunum, sbr. 3. gr. vörlusamningsins.

Samkvæmt 4. gr. vörlusamningsins er vörlufyrirtækinu ætlað að stuðla að því að fjármunir séu fjárfestir með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og reglna og að sjá til þess að farið sé eftir fyrirmælum Rekstrarfélagsins um ráðstöfun eigna nema fyrirmælin séu andstæð lögum eða samþykktum. Samkvæmt 4. gr. samningsins skal vörlufyrirtækið:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari skv. lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og

- reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
 4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
 5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Samkvæmt 7. gr. vörlusamningsins er vörlufyrirtækinu heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu sem vörlufyrirtæki eða hefur starfsleyfi sem fjármálfyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og vörlufyrirtæki, varðveislu sjóða rekstrarfélagsins að hluta eða öllu leyti. Slík ráðstöfun hefur þó engin áhrif á ábyrgð vörlufyrirtækisins gagnvart rekstrarfélaginu og eigendum hlutdeildarskírteina.

Skráningarstaður útvistunar- og vörluaðila útgefanda er Borgartún 29, Reykjavík, Ísland, sími 520-9800. Virðing hf. var stofnað árið 1999, hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

10.2. Rekstrarfélag útgefanda

Í samningi um útvistun verkefna Rekstrarfélagsins til Virðingar hf., dags. 11.2.2011, er kveðið á um skyldur rekstrarfélagsins til að hafa eftirlit með starfsemi útvistunaraðila (sbr. liður 10.1. hér að ofan) sem lýtur að útvistuðu verkefnunum. Rekstrarfélagið getur hvenær sem er sagt útvistunarsamningnum upp með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót en hefur jafnframt heimild til að segja samningnum upp án fyrirvara ef það þjónar hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

10.3. Mat á eignum útgefanda

Mat á eignum, skv. 9. grein reglna útgefanda, skal á hverjum tíma endurspeglraunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Það skal vera reiknað með eftifarandi hætti:

- a) Veðskuldabréf skulu vera uppreiknuð og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.
- b) Innlán og reiðufé skal metið á nafnvirði ásamt áföllnum vöxtum.
- c) Eign í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum skal metin á markaðsvirði
- d) Virði annarra eigna skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörlufyrirtækis og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstraraðili getur samið við þriðja aðila um að annast framangreint mat á óskráðum eignum sjóðsins.

Rekstrarfélag Virðingar hf. er ábyrgt fyrir ákvörðun og útreikningi á bókfærðu virði eigna sjóðsins og er ávallt skylt að birta opinberlega rekstrar- og efnahagsreikning með hálfs árs millibili skv. 57. og 58. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og 4.3.1 reglna Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga, að jafnaði miðað við stöðu útgefanda 31. desember og 30. júní ár hvert. Rekstrarfélaginu er ekki heimilt að fresta mati á verðmæti eigna útgefanda.

10.4. Kostnaður við rekstur útgefanda

Búið er að semja um þóknun til Rekstrarfélags Virðingar hf. vegna þjónustu félagsins við útgefanda til að koma í veg fyrir hagsmunárekstur sem það gæti annars valdið. Sjóðurinn greiðir fasta umsýslubóknun til Rekstrarfélagsins sem skal á ársgrundvelli nema 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins) og skal greiðsla innt af hendi ársfjórðungslega. Heimilt er að fresta greiðslu þóknunar ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til þess að greiða þóknunina á hverjum tíma. Skal hún þá freastast þar til staða lausafjár er nægjanleg, en á móti myndast skuldbinding sjóðsins gagnvart rekstrarfélagini sem nemur ógreiddum þóknunum sbr.6. grein reglna útgefanda.

Sjóðurinn mun greiða eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins skv. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999, nú 300.000 kr. á ári. Þá mun sjóðurinn greiða árlegan kostnað vegna FISH 14 1 til Kauphallarinnar og Verðbréfamíðstöðvar sem nemur kr. 406.720 samanlagt. Ekki eru fyrirsjáanlegar frekari þóknanir til þriðja aðila vegna venjubundins reksturs sjóðsins.

Árleg vörluþóknun vörlufyrirtækis greiðist af þóknun rekstrarfélagsins. Sjóðurinn mun sjálfur greiða aðrar viðskiptaþóknanir, s.s. vegna kaupa og sölu fjármálagerninga sjóðsins.

10.5. Starfsmenn

Engir starfsmenn eru starfandi hjá útgefanda og því engin hlutdeild í hlutdeildarskíteinum útgefanda af hálfu starfsmanna til staðar. Umsjón með rekstri útgefanda er í höndum Rekstrarfélags Virðingar hf. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun innan fjármálfyrirtækja. Þann 13. júlí 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið að starfræksla innri endurskoðunar Rekstrarfélags Virðingar hf. yrði útvistuð til KPMG hf., skv. 18 gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sbr. 17. gr. sömu laga. Engin önnur starfsemi fer fram á vegum útgefanda svo ekki er þörf á starfskjaranefnd.

10.6. Útvistun áhættustýringar

Samkvæmt samningi um útvistun á áhættustýringu dags. 1. janúar 2015 hefur Rekstrarfélagið falið Virðingu hf. að annast áhættustýringu Rekstrarfélagsins á meðan samningurinn er í gildi.

10.7. Mögulegir hagsmunárekstrar

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Virðing hf. og Rekstrarfélagið kunna að hafa í tengslum við að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland:

- Virðing hf. á Rekstrarfélagið að fullu, en Rekstrarfélagið annast rekstur Fagfjárfestasjóðsins ÍSH sem er útgefandi þeirra skuldabréfa sem lýsing þessi tekur til.
- Rekstrarfélagið og Virðing hf. þiggja þóknun frá Fagfjárfestasjóðnum ÍSH vegna verkefna þeirra sem þau vinna fyrir sjóðinn.

Til að koma í veg fyrir hagsmunárekstra tengd viðskiptum með verðbréf hefur Virðing hf. sett verklagsreglur til að koma í veg fyrir hagsmunárekstra, sjá:

11. STJÓRN REKSTRARFÉLAGS ÚTGEFANDA OG STJÓRNENDUR ÚTGEFANDA

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH er fagfjárfestasjóður og stundar því ekki eiginlega starfsemi. Sökum þessa er hvorki til staðar félagsstjórn né framkvæmdarstjóri hjá útgefanda. Rekstrarfélagið er ábyrgt fyrir daglegum rekstri sjóðsins samkvæmt 1. gr. reglna útgefanda og kemur fram fyrir hönd útgefanda. Rekstrarfélagið er rekstrarfélag verðbréfasjóðs í skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem slíkt en skv. sampykktum félagsins er tilgangur þess rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagið var stofnað árið 2009, hlutafé félagsins er kr. 65.000.000 og hefur allt hlutafé verið greitt. Hér að neðan eru upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og sjóðsstjóra útgefanda. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins ásamt sjóðsstjóra útgefanda þiggja ekki laun eða önnur hlunnindi frá útgefanda. Þá hefur enginn þessara aðila gert starfssamning við rekstrarfélag eða útgefanda um hlunnindi við starfslok.

11.1. Stjórn rekstrarfélags útgefanda

Stjórnarmenn rekstrarfélagsins voru kjörnir í stjórn á aðalfundi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem haldinn var þann 13. febrúar 2014 og endurkjörnir á aðalfundi þann 6.júní og 19. mars 2015. Stjórnarmenn rekstrarfélagsins sem kjörnir eru til næsta aðalfundar eru eftirfarandi:

Kristján Börkur Einarsson – stjórnarmaður (f. 1965)

Kristján er meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta ehf. og hefur margra ára reynslu af ráðgjafarstörfum og fyrirtækjarekstri. Hann var stjórnarmaður Virðingar hf. frá því í apríl 2011 til janúar 2014. Kristján hefur einnig setið sem stjórnarmaður hjá Gyrus ehf. frá árinu 2007 og í stjórn Intellecta ehf. frá árinu 2002. Þá var Kristján stjórnarmaður í ALUCAB frá 2011 til 2012. Kristján lauk B.SC.Hon. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1988 og M.Sc. í iðnaðar- og rekstrarverkfræði árið 1990 frá Denmarks Technical University í Kaupmannahöfn. Hann stundar nú MS nám í fjármálum fyrirtækja við Háskóla Íslands. Heimilisfang vinnustaðar Kristjáns Barkar er Síðumúli 5, Reykjavík.

Ólöf Jónsdóttir – stjórnarmaður (f. 1980)

Ólöf er framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Virðingar, og hefur starfað hjá Virðingu frá samruna við Auði Capital, en áður starfaði hún hjá Auði Capital frá 2009. Ólöf starfaði frá árinu 2006 við áhættustýringu hjá Kaupþingi, fyrst í rannsóknar- og hönnunardeild við hönnun áhættulíkana og síðar á skrifstofu forstjóra við áhættustýringu samstæðu. Þar áður starfaði hún hjá gæðatryggingadeild Actavis við tækjaprófun. Ólöf hefur einnig sinnt dæmatímakennslu við Háskólanum í Reykjavík. Ólöf lauk M.Sc. gráðu í „Operational Research“ frá London School of Economics árið 2005 og B.Sc. í vélá- og iðnaðarverkfræði árið 2003. Hún hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Heimilisfang vinnustaðar Ólafar er Borgartún 29, 105 Reykjavík.

Anna Bjarney Sigurðardóttir – stjórnarmaður (f. 1963)

Anna Bjarney er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistarapróf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá sama skóla. Hún er með yfir 20 ára reynslu á fjármálamarkaðnum. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra rekstrar, fjármála og tækni hjá Ríkisútvarpinu vorið 2014. Anna Bjarney var framkvæmdastjóri útibúaþróunar og einstaklingssviðs Landsbankans 2008 – 2011. Þar áður var hún forstöðumaður

útibúaþróunar á skrifstofu bankastjóra Landsbankans. Anna Bjarney starfaði áður hjá Búnaðarbankanum, síðast sem forstöðumaður á rekstrarsviði. Hún sat í stjórnum Varðar trygginga hf. árin 2008-2012 og Varðar líftryggingar á sama tímabili og sem stjórnarformaður til ársins 2009. Árin 2009-2011 sat hún sem stjórnarformaður í SP-fjármögnum hf. Heimilisfang vinnustaðar Önnu Bjarneyjar er Efstaleiti 1, 150 Reykjavík.

Örn Þór Alfreðsson – varamaður (f. 1968)

Örn Þór var fyrst kjörinn í stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf. 13. september 2010. Örn Þór starfar sem forstöðumaður hjá Advania hf. Áður starfaði hann hjá EJS ehf., fyrst sem tæknimaður 1998 – 2000, svo þjónustustjóri til ársins 2005 og sem framkvæmdastjóri Sölu- og þjónustusviðs frá 2005 til 2010. Örn er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskolanum í Reykjavík 2008 og rafeindavirki frá Iðniskóla Íslands 1998. Heimilisfang vinnustaðar Arnar Þórs er Guðrúnartún 10, Reykjavík.

Sigríður Lára Árnadóttir – varamaður (f. 1972)

Í ársbyrjun voru þrír verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir í rekstri félagsins; Virðing Ríkisbréf – stuttur, Virðing Ríkisbréf – langur og Virðing – Íslensk hlutabréf. Í febrúar hóf félagið rekstur á fjárfestingarsjóðnum Virðing – Lausafjársjóður og í október bættust við þrír fjárfestingarsjóðir; Virðing - Verðbréfaval A, Virðing - Verðbréfaval B og Virðing - Verðbréfaval C. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir í rekstri félagsins voru því sjö í árslok 2014.

Í ársbyrjun var einn fagfjárfestasjóður í rekstri félagsins; Fagfjárfestasjóðurinn ORK. Í janúar hóf svo félagið rekstur tveggja fagfjárfestasjóða sem eru Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH og Veðskuld slhf. Í mars var svo undirritaður samningur um að Rekstrarfélag Virðingar yfirtæki rekstur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar sem hafði verið rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV frá stofnun sjóðsins árið 2008. Unnið hafði verið um nokkurt skeið að útgáfu og skráningu skuldabréfaflokks sjóðsins, skuldabréfin voru gefin út í lok maí og afhent eigendum sjóðsins gegn eign þeirra í hlutdeildarskírteinum í sjóðnum, skuldabréfin voru svo tekin til skráningar í Kauphöll Íslands í byrjun júlí.

Hluthafar í árslok 2014 eru tveir, sem eru óbreytt frá fyrra ári.

Hlutafé félagsins skiptist þannig:

Virðing hf.	64.350.000	99,0%
Virðing ráðgjöf ehf.	650.000	1,0%
	65.000.000	

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Stjórn:

*Kristjan Þorvaldsson
Hljómundur Björnsson
Ragnar Guðmundsson
Hans Ólafur Þorsteinsson*

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Rekstrarfélags Virðingar hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rekstrarfélags Virðingar hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og fyrir því að innleiða innra eftirlit að því marki sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að gera ársreikning, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuniinni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur cinnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2014, efnahag þeirra 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga og verðbréfasjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þær ber að vcita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Baker Tilly Ryni

Guðnheiður Þór Asgeirsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Umsýslutekjur		74.441.787	22.910.431
Fjármunatekjur	4	1.197.372	749.618
		75.639.159	23.660.049
Fjármagnsgjöld	5	(45.091)	(27.806)
		75.594.068	23.632.243
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	27.854.274	23.679.571
Annar rekstrarkostnaður		9.974.591	6.868.029
Þjónustugjöld til Virðingar hf.		31.135.262	0
Afskriftir	9	555.794	369.545
		69.519.921	30.917.145
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		6.074.148	(7.284.902)
Tekjuskattur	6,10	(1.218.710)	1.453.220
		4.855.438	(5.831.681)
Hagnaður (tap) ársins			

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Verðbréf:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	7	329.494	313.804
Verðbréf		<u>329.494</u>	<u>313.804</u>
Kröfur:			
Kröfur á tengd félög	8	15.061.795	4.420.020
Aðrar kröfur	8	841.631	533.483
Kröfur		<u>15.903.426</u>	<u>4.953.503</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	9	443.030	998.823
Reiknuð tekjuskattsinneign	10	7.921.675	9.140.384
Handbært fé	11	18.560.250	17.020.617
Aðrar eignir		<u>26.924.954</u>	<u>27.159.824</u>
Eignir alls		<u>43.157.874</u>	<u>32.427.132</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Hlutafé	12	65.000.000	65.000.000
Óráðstafað eigið fé		(31.730.216)	(36.585.653)
Eigið fé		<u>33.269.784</u>	<u>28.414.347</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við tengda aðila		5.637.353	0
Aðrar skuldir		4.250.737	4.012.785
Skuldir alls		<u>9.888.090</u>	<u>4.012.785</u>
Eigið fé og skuldir		<u>43.157.874</u>	<u>32.427.132</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Frá rekstri:			
Hagnaður (t)ap af reglulegri starfsemi	4.855.438	(5.831.681)	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir	555.794	369.545	
Tekjuskattsinneign, breyting	1.218.710	(1.453.221)	
	6.629.941	(6.915.357)	
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Verðbréf (hækkan) lækkun	(15.690)	(14.700)	
Skammtímakröfur; lækkun (hækkan)	(10.949.923)	(382.980)	
Skammtímaskuldir; hækkan (lækkun)	5.875.305	810.264	
	1.539.634	(6.502.773)	
Handbært fé frá (til) rekstri			
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	0	5.000.000	
	0	5.000.000	
Hækkan (lækkun) á handbæru fé	1.539.634	(1.502.773)	
Handbært fé í ársþyrjun	17.020.617	18.523.390	
Handbært fé í lok ársins	18.560.250	17.020.617	

Skýringar

1. Starfsemi

Rekstrarfélag Virðingar hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Aðalstarfsemi Rekstrarfélags Virðingar hf. er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Rekstrarfélags Virðingar hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða og aðrar reglur.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Félagið er dótturfélag Virðingar hf. og ársreikningurinn er hluti af samstæðureikningi móðurfélags.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur í lok ársins. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast. Fjármagnstekjkattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Umsýsluþóknunar

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna.

Skýringar

2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikning. Útreikingur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er sá tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttið á tekjuskatt til greiðslu vegna fyrrí ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði næstu ára.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Fjárfestingarverðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini eru metin á gildandi kaupverði í árslok. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok ársins.

Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok ársins.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfraðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok ársins.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í árslok.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfaerslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfaerslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld

	2014	2013
Laun og stjórnarlaun	21.232.148	18.842.483
Lífeyrissjóður	2.157.605	1.868.756
Launatengd gjöld	4.464.521	2.968.332
	<hr/> 27.854.274	<hr/> 23.679.571
Meðalfjöldi starfa	2	2

Launagreiðslur til stjórnenda og stjórnarmanna félagsins:

	2014	2013
Pórólfur Sigurðsson, framkvæmdastjóri	10.201.786	9.673.308
Kristján Einarsson, stjórnarmaður	1.226.000	0
Ingólfur Guðmundsson, stjórnarmaður	613.000	0
Anna Bjarney Sigurðardóttir, stjórnarmaður	613.000	0
Halldór Þ. Birgisson, fyrrverandi stjórnarmaður	88.000	528.000
Örn Þór Alfreðsson, fyrrverandi stjórnarmaður	94.000	264.000
Sigríður Lára Árnadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	94.000	264.000

Félagið er með kaupaukakerfi en engar framtíðarskuldbindingar hafa myndast vegna kaupaukakerfis félagsins, hvorki vegna ársins 2013 né vegna ársins 2014.

4. Fjármunatekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum	1.197.372	749.618
	<hr/> 1.197.372	<hr/> 749.618

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2014	2013
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	36.973	22.373
Önnur vaxtagjöld	8.118	5.433
	<hr/> 45.091	<hr/> 27.806

6. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2015 vegna yfirfaranlegs taps.

Uppsafnað skattalegt rekstrartap félagsins nam um 39,8 millj.kr. í lok ársins.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

	31.12.2014	31.12.2013
Eignir í Fagfjárfestasjóðnum ORK	329.494	313.804
	<hr/> 329.494	<hr/> 313.804

8. Skammtímakröfur

Kröfur á tengd félög

	31.12.2014	31.12.2013
Útistandandi umsýsluþóknun	15.061.795	4.420.020
	<hr/> 15.061.795	<hr/> 4.420.020

Aðrar kröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Fjármagnstekjuskattur	236.336	146.983
Viðskiptakröfur	605.295	386.500
	<hr/> 841.631	<hr/> 533.483

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Aðrar eignir
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	1.717.044
Staða í lok ársins	1.717.044
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	718.221
Afskrift ársins	555.794
Staða í lok ársins	1.274.015
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	998.823
Bókfært verð í lok ársins	443.030
Afskriftarhlutföll	20%

10. Tekjuskattsinneign

	31.12.2014	31.12.2013
Tekjuskattsinneign í ársbyrjun	9.140.384	7.687.164
Tekjuskattur ársins	(1.218.710)	1.453.220
Tekjuskattsinneign í lok ársins	7.921.675	9.140.384

Tekjuskattsinneign skiptist þannig á einstaka liði efnhagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(48.370)	(63.807)
Yfirlægð skattalegt tap	7.970.045	9.204.191
Tekjuskattsinneign í lok ársins	7.921.675	9.140.384

11. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Bankainnstæður	18.560.250	17.020.617
	18.560.250	17.020.617

Skýringar

12. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í lok ársins	65.000.000	100,0%	65.000.000
Eigin hlutir í lok ársins	0	0,0%	0
	<u>65.000.000</u>	<u>100,0%</u>	<u>65.000.000</u>

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2014	65.000.000	(36.585.653)
Afkoma ársins	0	4.855.437
Eigið fé í lok ársins	<u>65.000.000</u>	<u>(31.730.216)</u>

Eiginfjárlutfall

Eigið fé í lok árs nam um 33,3 millj.kr. eða 77,1% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 21,13%, en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum.

Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhættu skv. eiginfjárskýrslu nemur 1,6 millj.kr., þar sem eiginfjárkrafa vegna fasts rekstrarkostnaðar er hærri er hún notuð til grundvallar á útreikningi eiginfjárlutfalls.

Hlutfallið reiknast þannig:

Heildar eigið fé	33.269.784
Skatteign	(7.921.675)
Eiginfjárgrunnur	<u>25.348.110</u>
Rekstraráhætta 25% af föstum rekstrarkostnaði	9.596.000
	<u>9.596.000</u>
Umfram eigið fé	<u>15.752.110</u>
Eiginfjárlutfall	21,13%

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Rekstrarfélags Virðingar hf. eru móðurfélagið, ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur félagsins.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Móðurfélagið, Rekstrarfélag Virðingar hf. og tengdir aðilar samstæðu Virðingar hf. eiga öll hlutdeildarskírteini í sjóðum í rekstri félagsins.

Stjórnháttayfirlýsing Rekstrarfélags Virðingar

2015

Lög og reglur um stjórnarhætti sem Rekstrarfélag Virðingar fylgir

Rekstrarfélag Virðingar hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki og starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu af Fjármálaeftirlitinu. Félagið starfar meðal annars eftir lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nánari yfirlit yfir gildandi lög og reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (<http://www.fme.is>). Til þess að tryggja örugga þjónustu við viðskiptavini og eftirfylgni við gildandi lög og reglugerðir hefur félagið sjálft sett sér reglur og verkferla. Markmiðið með slíkum reglum er meðal annars að koma í veg fyrir hagsmunárekstra og stuðla að bestu mögulegu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar ber ábyrgð á því að fullnægjandi og skilvirk áhættustýring og innra eftirlitskerfi sé ávallt til staðar hjá félagini. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar ber ábyrgð á að þróa aðferðir til að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með þeim áhættum sem starfseminni fylgja, að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir, að tryggja að deiling ábyrgðar sé með fullnægjandi hætti, að móta viðeigandi markmið fyrir innra eftirlit og að fylgjast með að innra eftirlitskerfið sé fullnægjandi og skilvirk.

Regluvörður Virðingar starfar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörsu fjármálafyrirtækja. Stjórn Virðingar staðfesti formlega ráðningu regluvarðar með útgáfu erindisbréfs og starfar regluvörður sjálfstætt og óháð öðrum þáttum í starfsemi Virðingar og dótturfélaga. Meðal verkefna regluvarðar er að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni tiltekinna ráðstafa Virðingar og dótturfélaga og aðgerða sem gripið er til, til þess að bæta úr mögulegum misbrestum við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Regluvörður sér auk þess um fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til starfsmanna. Fræðsla til starfsmanna hefst við upphaf starfs og er samfelld og regluleg yfir starfstímann. Regluvörður gefur stjórn Virðingar og dótturfélaga árlega skýrslu um störf sín.

Innri endurskoðun Rekstrarfélags Virðingar er útvistað til Helgu Harðardóttur endurskoðanda hjá KPMG. Innri endurskoðandi og regluvörður Virðingar hafa báðir óheftan aðgang að upplýsingum og starfsstöð Rekstrarfélags Virðingar. Vald og úrræði innri endurskoðanda eru tryggð í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfaviðskipta. Innri endurskoðandi framkvæmir reglulega úttektir á starfsemi Rekstrarfélags Virðingar og gefur stjórn félagsins skýrslu um störf sín.

Ytri endurskoðandi Rekstrarfélags Virðingar er Gunnar Þór Ásgeirsson, endurskoðandi hjá Rýni endurskoðun ehf. Hann leggur árlega óháð mat á ársreikning Rekstrarfélags

Virðingar, hvort hann sé í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu Rekstrarfélags Virðingar.

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar

Samsetning stjórnar

Samsetning stjórnar Rekstrarfélags Virðingar ber með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu, sbr. kafla um stjórnarmenn.

Frá og með hluthafafundi 17. febrúar 2013 er stjórn Rekstrarfélags Virðingar skipuð þremur stjórnarmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarformaður er Kristján Einarsson og aðrir stjórnarmenn eru þau Ingólfur Guðmundsson, sem er varaformaður, og Anna Bjarney Sigurðardóttir, meðstjórnandi..

Varamenn stjórnarinnar eru Örn Þór Alfreðsson og Sigríður Lára Árnadóttir.

Stjórnin starfar í samræmi við lög, reglur og starfsreglur stjórnarinnar. Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunárekstra í starfsemi Rekstrarfélags Virðingar. Reglunum er auk þess ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við Virðingu og dótturfélög.

Stjórn Rekstrarfélags Virðingar kemur saman að meðaltali einu sinni í mánuði en oftar ef þurfa þykir. Á árinu 2014 voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Hlutverk stjórnarinnar er að móta stefnu, hafa eftirlit með starfsemi Rekstrarfélags Virðingar og taka stærri ákvarðanir fyrir félagið. Starfsreglur stjórnar innihalda ítarlegri upplýsingar um starfsemi stjórnar og stjórnarmanna.

Stjórnarmenn Rekstrarfélags Virðingar

Kristján Börkur Einarsson – stjórnarformaður

Kristján er fæddur 2. júlí 1965 og er búsettur í Kópavogi. Kristján er meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta ehf. og hefur margra ára reynslu af ráðgjafarstörfum og fyrirtækjarekstri. Kristján var stjórnarformaður Virðingar hf frá apríl 2011 til janúar 2014. Hann er auk þess stjórnarformaður hjá Gyrus ehf. Kristján lauk B.Sc.Hon. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1988 og M.Sc. í iðnaðar- og rekstrarverkfræði árið 1990 frá Denmarks Technical University í Kaupmannahöfn.

Kristján er hvorki hluthafi í félaginu né móðurfélagi þess.

Ingólfur Guðmundsson - varaformaður

Ingólfur er fæddur 2. mars 1957 og er búsettur á Seltjarnarnesi. Hann er rekstrarhagfræðingur frá Aalborg Universitet og hefur einnig löggildingu sem verðbréfamiðlari.

Ingólfur hefur yfir 20 ára starfsreynslu á fjármálamaðra. Hann vann um árabil í Landsbankanum, m.a. sem markaðsstjóri, útibússtjóri Aðalbanka, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs og síðar einkabankaþjónustu. Hann sinnir nú starfi framkvæmdastjóra iKort ehf. Ingólfur var í stjórn Íslenskra lífeyrissjóðsins frá stofnun til 2009 og var um tíma framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Hann hefur einnig víðtæka reynslu sem stjórnarmaður fjármálafyrirtækja og má þar m.a. nefna Valitor hf., Lífís hf. og Fjárvang hf.

Ingólfur er hvorki hluthafi í félagini né móðurfélagi þess.

Anna Bjarney Sigurðardóttir - stjórnarmaður

Anna Bjarney er fædd 21. nóvember 1963 og er búsett í Reykjavík. Hún er viðskiptafræðingur og MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands.

Anna hefur yfir 20 ára starfsreynslu á fjármálamaðra. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra rekstrar, fjármála og tækni hjá Ríkisútvarpinu vorið 2014. Hún starfaði í Búnaðarbánkum, m.a. sem forstöðumaður á rekstrarsviði og í Landsbankanum sem forstöðumaður útibúaþróunar og síðar sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs. Hún hefur einnig setið í stjórnnum fjármálafyrirtækja og má þar nefna Vörð tryggingar og SP fjármögnun.

Anna Bjarney er hvorki hluthafi í félagini né móðurfélagi þess.

Óhæði stjórnarmanna

Í ljósi þess eftirlitshlutverks sem stjórnin gegnir er enginn stjórnarmaður meðal daglegra stjórnenda eða meðlimur í framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Virðingar. Veigamesta hlutverk stjórnar Rekstrarfélags Virðingar er að hafa eftirlit með daglegum rekstri félagsins. Það er því mikilvægt að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir félagini og stórum hluthöfum þess. Þátttaka óháðra stjórnarmanna dregur úr áhrifum stórra hluthafa í stjórn félagsins og tryggir hagsmuni heildarinnar í stað tiltekinna hluthafa. Stjórn Rekstrarfélags Virðingar metur óhæði stjórnarmanna og gerir niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.

Allir stjórnarmenn þiggja laun fyrir stjórnarmennsku sína en enginn þeirra hefur gert kaupréttarsamning við Rekstrarfélag Virðingar eða hluthafa félagsins. Laun stjórnarmanna eru ákvörðuð á aðalfundi Rekstrarfélags Virðingar.

Samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti teljast allir stjórnarmenn óháðir Rekstrarfélagi Virðingar.

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar

Þórólfur Sigurðsson er fæddur 23. ágúst 1962 og er búsettur í Reykjavík. Þórólfur útskrifaðist með cand oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1987 og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Þórólfur tók við starfi framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Virðingar hf. 1. júlí 2011. Áður starfaði hann sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Íslandsbanka hf. 2009 – 2011, hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. 2007 – 2009, fyrst í eigin viðskiptum og síðar á fyrirtækjasviði og þar áður í eignastýringu hjá Verðbréfþjónustu Sparisjóðanna hf. 2006 – 2007. Þórólfur starfaði við eignastýringu fyrir fagfjárfesta hjá Kaupþingi hf. 1996 – 2002, var fjármála- og skrifstofustjóri hjá KASK á Hornafirði 1992 – 1996, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða 1990 – 1992 og þar áður hjá Verðbréfamarkaði Iðnaðarbanks hf./Íslandsbanka 1987 – 1990.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í árslok 2014 eru hluthafar Rekstrarfélags Virðingar 2 talsins. Félagið er ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Hluthafar fá allar helstu upplýsingar á aðalfundi Rekstrarfélags Virðingar en þeim er einnig heimilt að leita til stjórnarformanns, framkvæmdastjóra, fjármálastjóra eða regluvarðar, óski þeir frekari upplýsinga.

Niðurlag

Stjórn háttayfirlýsingu þessari er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti Rekstrarfélags Virðingar og er ætluð viðskiptavinum, hluthöfum, eftirlitsaðilum og öðrum hlutaðeigandi aðilum. Stjórnarháttaryfirlýsing þessi skal birt á heimasíðu félagsins og einnig vera hluti af ársreikningi félagsins, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki.

Samþykkt í Reykjavík, 26. febrúar 2015

Ársreikningur B - hluta - verðbréfa-, fjárfestingar-
og fagfjárfestasjóðir

Rekstrarfélag Virðingar hf.

2014



Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Fjármunatekjur			
Vaxtatekjur, verðbætur og arður	116.081.601	52.114.436	
Gengismunur	95.665.686	130.221.060	
Hreinar fjármunatekjur	211.747.287	182.335.496	
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	16.099.403	12.910.605	
Annar rekstrarkostnaður	3.200.060	2.490.675	
Rekstrargjöld	19.299.463	15.401.280	
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini	192.447.824	166.934.216	

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum		608.526.821	467.237.186
Hlutabréf		607.610.137	466.303.184
Sjóðir		850.289.288	0
Innlán hjá fjármálfyrirtækjum		1.152.103.385	32.448.505
Fjárfestingar		3.218.529.631	965.988.875
Aðrar eignir			
Handbært fé		101.114.875	29.133.490
Aðrar eignir		435.036	277.283
Aðrar eignir		101.549.911	29.410.773
Eignir alls		3.320.079.542	995.399.648
Skuldir			
6			
Hlutdeildarskírteini		3.318.082.991	990.670.319
Hlutdeildarskírteini alls		3.318.082.991	990.670.319
Aðrar skuldir			
Aðrar skuldir		1.996.551	4.729.329
Skuldir alls		1.996.551	4.729.329
Skuldir og hlutdeildarskírteini alls		3.320.079.542	995.399.648

Yfirlit um breytingar á hreinni eign ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Frá rekstri:			
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini	192.447.824	166.934.216	
	<hr/>	<hr/>	
	192.447.824	166.934.216	
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini	3.585.681.623	131.998.400	
Innleyst hlutdeildarskírteini	(1.450.716.775)	(262.224.022)	
	<hr/>	<hr/>	
	2.134.964.848	(130.225.622)	
Hækjun (lækkun) á hreinni eign	2.327.412.672	36.708.594	
Hrein eign í byrjun árs	990.670.319	953.961.725	
Hrein eign í lok ársins	<hr/> <u>3.318.082.991</u>	<hr/> <u>990.670.319</u>	

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða

	Ríksbréf sturnar	Ríksbréf laugur	Íslensk hlutabréf	lausafjá- síður	Verðbréfa- val A	Verðbréfa- val B	Verðbréfa- val C
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld							
Vaxtatekjur, verðbatur og arður	2014	2014	2014	2014	2014	2014	2014
Gengismunur	9.739.644	5.865.578	11.824.427	46.235.418	9.744.065	8.070.907	24.600.662
	<u>542.455</u>	<u>(948.852)</u>	<u>79.302.475</u>	<u>3.025.218</u>	<u>4.251.940</u>	<u>2.764.614</u>	<u>6.727.836</u>
	<u>10.282.099</u>	<u>4.916.726</u>	<u>91.126.902</u>	<u>49.260.636</u>	<u>13.996.905</u>	<u>10.835.521</u>	<u>31.328.498</u>
Rekstargjöld							
Umþýsluhóknun	(1.995.566)	(1.825.359)	(7.714.644)	(3.254.887)	(515.068)	(292.602)	(501.277)
Annar rekstrakostnaður	(130.781)	(126.057)	(2.925.339)	0	(2.629)	(2.690)	(12.544)
	<u>(2.126.347)</u>	<u>(1.951.416)</u>	<u>(10.640.003)</u>	<u>(3.254.887)</u>	<u>(517.697)</u>	<u>(295.292)</u>	<u>(513.821)</u>
Hagnaður (rap) ársins	8.155.752	2.965.310	80.486.899	46.005.749	13.479.208	10.540.229	30.814.677

Sérgreind sunduriðun verðréfajóða og fjárfestingarsjóða

Efnahagur verðréfajóða og fjárfestingarsjóða

	Ríkisbréf stuttur	Ríkisbréf langur	Islensk hlutabréf	Lausafjárf- síður	Verðbréfa- val A	Verðbréfa- val B	Verðbréfa- val C
	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014
Fjárfestingar:							
Vcerðbréf með fóisturn tekjum	167.880.239	137.525.004	0	0	129.821.685	93.639.254	79.660.639
Hlutabréf	0	0	519.314.684	0	0	33.236.891	55.058.562
Sjóðir	0	0	0	0	326.158.053	200.981.992	323.149.243
Innlán hjá fjármálaþýrtækjum	15.149.833	0	1.136.953.552	0	0	0	0
Fjárfestingar	183.030.072	137.525.004	519.314.684	1.136.953.552	455.979.738	327.858.137	457.868.444
Aðrar eignir:							
Handbært íé	2.886.343	811.178	7.993.519	75.396.397	389.348	11.692.350	1.945.740
Aðrar eignir	61.148	0	373.879	9	0	0	0
Aðrar eignir	2.947.491	811.178	8.367.398	75.396.406	389.348	11.692.350	1.945.740
Eignir alls	185.977.563	138.336.182	527.682.082	1.212.349.958	456.369.086	339.550.487	459.814.184
Skuldir							
Hlutdeildarskírtini	185.819.786	138.215.939	526.961.614	1.211.930.814	456.154.515	339.406.126	459.594.197
Aðrar skuldir:							
Aðrar skuldir	157.777	120.243	720.468	419.144	214.571	144.361	219.987
Aðrar skuldir	157.777	120.243	720.468	419.144	214.571	144.361	219.987
Skuldir og hlutdeildarskírtini alls	185.977.563	138.336.182	527.682.082	1.212.349.958	456.369.086	339.550.487	459.814.184
Hlutdeildarskírtini	185.819.786	138.215.939	526.961.614	1.211.930.814	456.154.515	339.406.126	459.594.197
Fjöldi eininga	1.637.075	1.276.998	2.948.866	11.549.024	4.449.189	3.304.551	4.386.580
Gengi sjóðsbréfa í lok ársins	113.51	108.24	178,70	104,94	102,53	102,70	104,77

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða		Ríkisbréf sturtur	Ríkisbréf langur	Íslensk hlutabréf	Lausafjar- sþóður	Verðbréfa- val A	Verðbréfa- val B	Verðbréfa- val C
1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -	1.1.2014 -
31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014	31.12.2014
Frá rekstri:								
Hagnaður (rap) ársins færð á hlutdeildarskírtini	8.155.752	2.965.310	80.486.899	46.005.749	13.479.208	10.540.229	30.814.677	
Fjármögnumarhreyfingar:								
Seld hlutdeildarskírtini	0	0	123.424.092	2.132.854.418	461.644.711	342.899.609	524.858.793	
Innleyst hlutdeildarskírtini	(123.254.804)	(85.175.281)	(146.274.948)	(966.929.353)	(18.969.404)	(14.033.712)	(96.079.273)	
Hækkun (lækkur) á hreinni eign	(115.099.052)	(82.209.971)	57.636.043	1.211.930.814	456.154.515	339.406.126	459.594.197	
Hrein eign í þýrjun árs	300.918.838	220.425.910	469.325.571	0	0	0	0	
Hrein eign í lok ársins	185.819.786	138.215.939	526.961.614	1.211.930.814	456.154.515	339.406.126	459.594.197	

Skýringar

1. Starfsemi

Rekstrarfélag Víðingar hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Ádalstarfsemi Rekstrarfélags Víðingar hf. er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

2. Reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Rekstrarfélags Víðingar hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða og aðrar reglur.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirkni.

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Fjárhædir eru í íslenskum krónum. Félagið er dótturfélag Víðingar hf. og ársreikningurinn er hluti af samstædureikningi móðurfélags.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaðferðum sjóða.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sarna gildir um upplýsingar í skyringum árslutareiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

B hluti reiknings hefur verið breytt á þá leiða að hann skiptist í tvennt annars vegar reikning vegna verðbréfasjóða og hins vegar reikning vegna fagfjárfestasjóðs þa samanburðartölur í reikningi eru í samræmi við það.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirsverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarhraða sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styrra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþáttu fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinningar af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttu.

Umsýsluþóknanir

Sjóðirnir greiða Rekstrarfélagi Víðingar hf. umsýsluþóknun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins í öllum sjóðum nema Fagfjárfestasjónum ORK þar sem árleg umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins. Umsýsluþóknun annarta sjóða nemur 1-1,6% af hreinni eigni.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð i ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskíteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskíteinum telst til skattskylda tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvískóttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að sliðar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Skýringar

Fjárfestingarverðbréf

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfmarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok ársins 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsáðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfersla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í árslok.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfmarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok ársins 2014. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekktu viðskiptaverði eda áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gilti í lok ársins 2014.

Bundin innlán hjá lánastofnum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok ársins 2014.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í lok ársins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádeginni niðurferslu til að mæta þeim kröfum sem kunnar að tapast. Niðurferslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart cinstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs hjá í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Langtímaskuldur

Langtímaskuldur eru metnar á nafnverði að frádegnum greiddum aðborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímaskuldur eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og eru innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Skuldbindingar

Skuldbindingar og fjárskuldir eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagid verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð skuldarinnar hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvírdi eftir því sem við á. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinn Vaxtagjöld og gangvirðisþreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra

3. Hlutdeildarskírteini

Nafnávöxtun sjóðsdeilda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags

Virðingar hf.:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Virðing Ríkisbréf-stuttur	2,4%	4,5%	4,6%
Virðing Ríkisbréf-langur	2,2%	4,4%	2,5%
Virðing Íslensk hlutabréf	10,6%	13,3%	17,2%
Virðing lausafjársjóður	1,5%	3,0%	

Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina:

	Bókfart verð			Gengi		
	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2014	31.12.2013	31.1.2012
Virðing Ríkisbréf-stuttur	185.819.786	300.918.838	402.625.581	113,51	108,61	104,98
Virðing Ríkisbréf-langur	138.215.939	220.425.910	221.003.876	108,24	105,67	104,25
Virðing Íslensk hlutabréf	526.961.614	469.325.571	330.332.268	178,70	152,45	105,26
Virðing lausafjársjóður	1.211.930.814			104,94		
Verðbréfaval A	456.154.515			102,53		
Verðbréfaval B	339.406.126			102,70		
Verðbréfaval C	459.594.197			104,77		

Skýringar

4. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóðsdeilda og fjárfestingarstefnu

	Eign 31.12.2014 %	Eign 31.12.2013 %	Breyting	Fjárfestingarstefna
				Lágrmark % Hámark %
Virðing Ríkisbréf stuttur				
Ríkistryggð verðbréf	6,4%	20,0%	-13,6%	
Ríkisbréf	61,4%	48,0%	13,4%	
Íbúðarbréf	22,6%	18,4%	4,2%	
Samtals ríkistryggð verðbréf	90,4%	86,4%	4,0%	50,0% 100,0%
Skuldabréf og innlán fjármft.	8,1%	10,8%	-2,7%	0,0% 40,0%
Áðrir fjármálagerningar	1,6%	2,8%	-1,2%	0,0% 10,0%
Virðing Ríkisbréf langur				
Ríkistryggð verðbréf	4,4%	24,3%	-19,9%	
Ríkisbréf	28,8%	6,7%	22,1%	
Íbúðarbréf	66,2%	63,0%	3,2%	
Samtals ríkistryggð verðbréf	99,4%	94,0%	5,4%	90,0% 100,0%
Skuldabréf og innlán fjármft.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 10,0%
Áðrir fjármálagerningar	0,6%	6,0%	-5,4%	0,0% 10,0%
Virðing Íslensk hlutabréf				
Skráð innlend hlutabréf	81,6%	90,7%	-9,1%	60,0% 100,0%
Óskráð innlend hlutabréf	16,8%	8,7%	8,1%	0,0% 20,0%
Áðrir fjármálagerningar	1,6%	0,6%	1,0%	0,0% 10,0%
Samtals ríkistryggð verðbréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 75,0%
Skuldabréf og innlán fjármft.	93,8%	0,0%	93,8%	25,0% 100,0%
Áðrir fjármálagerningar	6,2%	0,0%	6,2%	0,0% 10,0%
Verðbréfaval A				
Skuldabréf og víxlar m/ríkisábyrgð	28,4%	0,0%	28,4%	0,0% 100,0%
Skuldabréf og víxlar banka og sparisjóða	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 20,0%
Skuldabréf og víxlar sveitarfélaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 20,0%
Verðbréfssjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	59,0%	0,0%	59,0%	0,0% 80,0%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 50,0%
Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum	87,4%	0,0%	87,4%	50,0% 100,0%
Innlán fjármálafyrirtækja	0,0%	0,0%	0,0%	0,0% 50,0%
Sjóðir sem einkum fjárfesta í innlánnum	12,5%	0,0%	12,5%	0,0% 50,0%
Innlán og sjóðir sem einkum fjárfesta í innlánnum	12,5%			0,0% 50,0%
Rciðufé	0,1%	0,0%	0,1%	

Skýringar

Verðbréfaval B

Skuldabréf og víxlar m/ríkisábyrgð	27,4%	0,0%	27,4%	0,0%	100,0%
Skuldabréf og víxlar banka og sparisjóða	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	20,0%
Skuldabréf og víxlar sveitarfélaga	0,2%	0,0%	0,2%	0,0%	20,0%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	35,7%	0,0%	35,7%	0,0%	80,0%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	50,0%

Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum

.....	63,3%	0,0%	63,3%	50,0%	100,0%
Hlutabréf skráð í kauphöll og First North	9,8%	0,0%	9,8%	0,0%	25,0%
Verðbréfa- og fjárf.sjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	8,4%	0,0%	8,4%	0,0%	25,0%

Hluabréf og hlutabréfasjóðir

.....	18,2%	0,0%	18,2%	0,0%	25,0%
-------	--------------	-------------	--------------	-------------	--------------

Innlán fjármálfyrirtækja

.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	50,0%
Sjóðir sem einkum fjárfesta í innlánnum	15,1%	0,0%	15,1%	0,0%	50,0%

Innlán og sjóðir sem einkum fjárfesa í innlánnum

.....	15,1%	0,0%	15,1%	0,0%	50,0%
-------	--------------	-------------	--------------	-------------	--------------

Reiðufé

.....	3,4%	0,0%	3,4%	
-------	------	------	------	--

Verðbréfaval C

Skuldabréf og víxlar m/ríkisábyrgð	17,3%	0,0%	17,3%	0,0%	100,0%
Skuldabréf og víxlar banka og sparisjóða	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	20,0%
Skuldabréf og víxlar sveitarfélaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	20,0%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	45,7%	0,0%	45,7%	0,0%	80,0%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í bréfum m/ríkisábyrgð	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	50,0%

Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum

.....	63,0%	0,0%	63,0%	50,0%	100,0%
Hlutabréf skráð í kauphöll og First North	12,0%	0,0%	12,0%	0,0%	40,0%
Verðbréfa- og fjárf.sjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	23,4%	0,0%	23,4%	0,0%	40,0%

Hluabréf og hlutabréfasjóðir

.....	35,4%	0,0%	35,4%	0,0%	40,0%
Innlán fjármálfyrirtækja	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	50,0%
Sjóðir sem einkum fjárfesta í innlánnum	1,2%	0,0%	1,2%	0,0%	50,0%

Innlán og sjóðir sem einkum fjárfesa í innlánnum

.....	1,2%	0,0%	1,2%	0,0%	50,0%
Reiðufé	0,4%	0,0%	0,4%		

5. Hlutfall skammtímalána

Skammtímalán sem hlutfall eigna sjóðsins greinist þannig:

	Ríkisbréf stuttur 31.12.2014	Ríkisbréf langur 31.12.2014	Íslensk hlutabréf 31.12.2014	Lausafjársjóður 31.12.2014	Verðbréfa-val A 31.12.2014
Eignir sjóða	185.977.563	138.336.182	527.682.082	1.212.349.958	456.369.086
Ýmsar skammtímaskuldir	157.777	120.243	720.468	419.144	214.571
Hlutfall skammtímaskulda	0,08%	0,09%	0,14%	0,03%	0,05%
	Verðbréfa-val B 31.12.2014	Verðbréfa-val C 31.12.2014	Sjóðir alls 31.12.2014		
Eignir sjóða	339.550.487	459.814.184	3.320.079.542		
Ýmsar skammtímaskuldir	144.361	219.987	1.996.551		
Hlutfall skammtímaskulda	0,04%	0,05%	0,06%		

Skýringar

6. Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting:

Virðing Ríkisbréf stuttur	Markaðsverð	% af hreinni eign
Ríkisbréf	125.959.520	67,8%
Íbúðarbréf	41.920.720	22,6%
Innlán hjá fjármálfyrirtækjum	15.149.832	8,2%
	<u>183.030.072</u>	
Handbært fé	2.886.343	1,6%
Aðrar eignir og skuldir	(96.629)	-0,1%
	<u>2.789.714</u>	
Hlutdeildarskirteini samtals	<u>185.819.786</u>	
Virðing Ríkisbréf langur	Markaðsverð	% af hreinni eign
Ríkisbréf	45.952.672	33,2%
Íbúðarbréf	91.572.333	66,3%
	<u>137.525.004</u>	
Handbært fé	811.178	0,6%
Aðrar eignir og skuldir	(120.243)	-0,1%
	<u>690.935</u>	
Hlutdeildarskirteini samtals	<u>138.215.939</u>	
Virðing íslensk hlutabréf	Markaðsverð	% af hreinni eign
GRND	8.054.506	1,5%
HAMP	38.216.419	7,3%
TM	18.697.380	3,5%
MARL	36.805.704	7,0%
OSSRU	41.066.638	7,8%
ICEAIR	137.918.313	26,2%
EIM	45.689.808	8,7%
N1	28.246.580	5,4%
HAGA	44.140.860	8,4%
VOICE	25.649.820	4,9%
REGINN	17.343.309	3,3%
VIS	18.100.000	3,4%
EIK	50.415.951	9,6%
SJÓVA	8.969.395	1,7%
	<u>519.314.684</u>	
Handbært fé	7.993.519	1,5%
Aðrar eignir og skuldir	(346.589)	-0,1%
	<u>7.646.930</u>	
Hlutdeildarskirteini samtals	<u>526.961.614</u>	

Skýringar

Virðing Lausafjársjóður

Ríkisbréf	0	0,0%
Innlán hjá fjármálfyrirtækjum	1.136.953.552	93,8%
	<u>1.136.953.552</u>	
Handbært fé	75.396.397	6,2%
Aðrar eignir og skuldir	(419.135)	0,0%
	<u>74.977.262</u>	
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>1.211.930.814</u>	

Verðbréfaval A

Ríkisbréf	129.659.111	10,7%
Íbúðabréf	162.574	0,0%
Sjóðir	326.158.053	26,9%
	<u>455.979.738</u>	
Handbært fé	389.348	0,0%
Aðrar eignir og skuldir	(214.571)	0,0%
	<u>174.777</u>	
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>456.154.515</u>	

Verðbréfaval B

Ríkisbréf	93.639.254	7,7%
Hlutabréf	33.236.891	2,7%
Sjóðir	200.981.992	16,6%
	<u>327.858.137</u>	
Handbært fé	11.692.350	1,0%
Aðrar eignir og skuldir	(144.361)	0,0%
	<u>11.547.989</u>	
Hlutcildarskírteini samtals	<u>339.406.126</u>	

Verðbréfaval C

Ríkisbréf	55.058.562	4,5%
Hlutabréf	79.660.639	6,6%
Sjóðir	323.149.243	26,7%
	<u>457.868.444</u>	
Handbært fé	1.945.740	0,2%
Aðrar eignir og skuldir	(219.987)	0,0%
	<u>1.725.753</u>	
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>459.594.197</u>	

Skýringar

7. Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting:

Virðing Ríkisbréf stuttur

	Ríki, sveitarfélög eða alþjóðlegar stofnanir útg. eða í ábyrgð m.kr.	Hlutdeildar- skírteini m.kr.	Hlutabréf m.kr.	Annað m.kr.	Samtals m.kr.
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	168,00	0,00	0,00	0,00	168,00
Peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Nýutgefin verðbréf	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hlutdeildarskírteini verðbréfesjóða	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Innlán hja fjármálaþyrtækjum	0,00	0,00	0,00	15,15	15,15
Afleiður skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Peningamarkaðsskjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Aðrir fjármálagertingar	0,00	0,00	0,00	2,83	2,83
Samtals	168,00	0,00	0,00	17,98	185,98

Ríki, sveitarfélög eða alþjóðlegar stofnanir útg. eða í ábyrgð %	Hlutdeildar- skírteini %	Hlutabréf %	Annað %	Samtals %
---	--------------------------------	----------------	------------	--------------

Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	90,33%	0,00%	0,00%	0,00%	90,33%
Peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Nýutgefin verðbréf	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutdeildarskírteini verðbréfesjóða	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Innlán hja fjármálaþyrtækjum	0,00%	0,00%	0,00%	8,15%	8,15%
Afleiður skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
